**LÉTU LANGÞRÁÐAN DRAUM RÆTAST**

HJÓNIN EYÞÓR GUÐJÓNSSON OG INGIBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR

VIÐTAL 30





**BIRTA HELDUR FYRIR MÉR VÖKU**

ANNA CLAUSEN Í ÞRIÐJU GRÁÐU YFIRHEYRSLU

FÓLK 36







**FORSTJÓRINN SEM BOÐAR NÝJA HUGSUN**

KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR HJÁ AUÐI CAPITAL

VIÐTAL 32



# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

20. júní 2009 — 145. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



VIÐTAL



**Einar Már gerir heimildarmynd um fótboltalið alkóhólista**

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

FÓLK 58



**Fararstjóri Kollywood-tökuliðsins**

UMRÆÐAN 18

**Herdís Þorgeirsdóttir skrifar um Icesave-samninga**

FERÐALÖG Í DAG






**AF HVERRI ER STYTTAN?** Þessi börn sungu fyrir frú Vigdísi Finnbogadóttur og aðra gesti þegar ný heimasíða tileinkuð forsetanum fyrrverandi var opnuð í gær í tilefni kvennadagsins. Börnin stilltu sér svo upp við hlið Vigdísar. Einhver spurðu af hvaða konu styttan fyrir utan hátíðarsal Háskóla Íslands væri, en hún er af Vigdísi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lánuðu fimmtung sjóðsins til bæjarins

**Lánveitingar stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar til bæjarfélagsins námu 500 til 600 milljónum króna. Hlutfall lánveitinga af eignum sjóðsins fór allt upp í tuttugu prósent. Málið hefur verið kært til efnahagsbrotadeildar.**

**LÖGREGLUMÁL** Lánveitingar stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK) til bæjarfélagsins Kópavogs námu 500 til 600 milljónum króna þegar mest lét, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Hlutfall lánveitinga af eignum sjóðsins fór allt upp í tuttugu prósent en leyfilegt hámark samkvæmt lögum er tíu prósent.

Fjármálaeftirlitið hefur kært stjórn LSK til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari vill ekki tjá sig efnislega um málið að svo stöddu. Fjármálaráðherra vék stjórn sjóðsins frá í gær og skipaði honum tilsjónarmann.

Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, og Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi framsóknarmanna, sem sátu í stjórn LSK segjast afar undrandi. Flosi segir stjórnina ekki hafa átt aðra fjárfestingarkosti. „Allt í einu eigum við töluverða peninga sem losna hjá Sparisjóði Mýrasýslu sem og öðrum; hvað á að gera við þá? Hverjum er best treystandi fyrir þeim? Það sem við ákváðum að gera var að lána bænum þá til mánaðar í senn á hæstu vöxtum.“

Flosi segir stjórnina aldrei hafa farið í grafgötur með að hún hafi brotið lög þegar lánahlutfallið var yfir tíu prósentum. „Ég veit ekki hvort ég hafi brotið af mér sem bæjarfulltrúi með því að gæta hagsmuna bæjarins og bæjarbúa eins vel og ég veit og kann. Ég held ég hafi ekkert að óttast í þessu efni,“ segir hann aðspurður.

Ómar Stefánsson segist undrast ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, ekki síst í ljósi þess að umræddir peningar hafi farið aftur til lífeyrissjóðsins 29. maí þó fresturinn sem bærinn hafði til þess renni ekki út fyrr en 31. júlí.

Breytingar í utanríkismálum:

## Varnarmálastofnun verður lögð niður

**UTANRÍKISMÁL** Verulega verður dregið úr fjárframlögum til Varnarmálastofnunar í ár en ætlunin er að leggja stofnunina niður í núverandi mynd. Þetta er meðal sparnaðaraðgerða sem gripið verður til hjá utanríkisráðuneytinu.

„Ætlunin er að leggja stofnunina niður í núverandi mynd en þess verður gætt að það bitni ekki á öryggis- og varnarskuldbindingum Íslands,“ segir Kristján Guy Burgess, aðstoðarmaður Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra. Rætt verði við önnur ráðuneyti um hvort verkefni sem heyra undir Varnarmálastofnun verði færð milli stofnanna.

Sendiherrum verður einnig fækkað á þessu ári. Ekki fékkst uppgefið hvaða sendiráðum verður lokað.

Þá hafa sendiskrifstofur Íslands í Ottawa og Tókýó verið settar á sölu.

Einnig verður dregið úr framlögum til þróunar og friðargæslu. Framlagið verði hins vegar aukið um leið og kostur gefst. - kh


SUMARÞJÓNUSTA



2 | FRÉTTIR

Viðbótarsýning Frétta Stöðvar 2 og Ísland í dag kl. 21.00 alla virka daga á Stöð 2 Extra






Grill og ostur

– ljúffengur kostur!



## SPURNING DAGSINS



*Ágúst, eru þeir ekki með allt á hreinu þarna hjá menningar- og ferðamálaráði?*

**„Þeir eru í takt við tímann.“**

Ágúst Guðmundsson kvikmyndaleikstjóri er ósáttur við að menningar- og ferðamálaráð hafi leitað út fyrir Bandalag íslenskra listamanna við útnefningu borgarlistamanns Reykjavíkur. Ágúst leikstýrði eins og kunnugt er Stuðmannamyndunum Með allt á hreinu og Í takt við tímann.

Tillaga forsætisráðherra um aukalegan milljónasparnað hjá æðstu stjórn ríkisins:

# Handhafar forsetavalds missi launin

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ætlar að leggja til að Alþingi samþykki að afnema sérstakar þóknanir sem handhafar forsetavalds fá fyrir að hlaupa í skarðið fyrir forseta Íslands.

Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir að samkvæmt lögum eigi þrír handhafar forsetavalds að skipta með sér upphæð sem svari til launa forsetans á meðan þeir fara með forsetavaldið.

„Á undanförnum fjórum árum hefur þetta kostað íslenska ríkið á bilinu átta til tæplega ellefu milljónir króna á ári. Þannig að þetta eru umtalsverðar fjárhæðir, miklu hærri fjárhæðir en okkur hafði órað fyrir. Á þessum tíma hefur þetta verið að skila sér í 250 til 300 þúsund krónum að meðaltali á mánuði fyrir þessa einstaklinga,“ segir Hrannar.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Sjálf sagði forsætisráðherra á blaðamannafundi í gær að þessar greiðslur væru „2007“ og Hrannar segir að Jóhanna muni leggja til að fyrirkomulagið verði afnumið. „Það er auðvitað gert í því samhengi að það er verið að lækka laun hjá þeim sem hafa það best í ríkiskerfinu. Laun forsætisráðherra hafa lækkað talsvert nú þegar en þetta er til viðbótar því.“

Handhafar forsetavalds eru forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar. Forseti Alþingis er nú Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og forseti Hæstaréttar er Gunnlaugur Claessen. Aðspurður segir aðstoðarmaður forsætisráðherra sér ekki kunnugt um að ráðherrann hafi rætt þetta máli við hina tvo handhafa forsetavaldsins. - gar

Fíkniefni og peningaþvætti:

# Þrír menn eru áfram í gæslu

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn, sem setið hafa í gæsluvarðhaldi að undanförnu, hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 1. júlí.

Mennirnir, þeir Ársæll Snorrason, Sigurður Ólason og Gunnar Viðar Árnason, eru grunaðir um aðild að innflutningi fíkniefna og peningaþvætti. Mennirnir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu. Þeir hafa allir kært niðurstöðuna til Hæstaréttar.

Rannsókn málsins er mjög viðamikil. Að henni hafa komið lögregluliðin á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum auk tollyfirvalda. - jss



**SÍÐASTI AFMÆLISDAGURINN** Tomoji Tanabe á 113 ára afmælisdaginn sinn í september síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tomoji Tanabe var 113 ára:

# Elsti maður í heimi látinn

**JAPAN, AP** Elsti maður í heimi, Japaninn Tomoji Tanabe, lést í svefni í gær. Hann var 113 ára gamall.

Tanabe var fæddur 18. september árið 1895 og fékk viðurkenningu frá heimsmetabók Guinness sem elsti maður heimsins þegar hann var 111 ára. Hann átti átta börn, fimm syni og þrjár dætur, 25 barnabörn, 53 barnabarnabörn og sex barnabarnabarnabörn.

Japanar eru á meðal langlífustu þjóða heims, og í fyrra voru 36 þúsund manns í landinu meira en 100 ára að aldri. - þeb

## SPÁNN

**Lögreglumaður deyr í sprengjutilræði**

Háttsettur lögreglumaður í hryðjuverkadeild spænsku lögreglunnar lét lífið í bílsprengju í borginni Bilbao í norðurhluta Spánar í gær. Þetta er fyrsta banatilræði hryðjuverkasamtakana ETA í um hálft ár. Forsætisráðherra Spánar segist aldrei munu sætta sig við aðgerðir af þessu tagi, þó hættan af þeim kunni að vera til staðar.

# Kallar eftir sterkara pólitísku baklandi

**Ríkissaksóknari kallar eftir sterkara pólitísku baklandi í starfi sínu í nýlegu bréfi sínu til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Hann segir allan aðbúnað embættisins á mörkum þess að teljast boðlegur og bendir á úrbætur.**

**RÍKISSAKSÓKNARI** „Nýlega var fataskápur starfsfólks rifinn til að koma fyrir skjalaskápum.“

Þannig lýsir Valtýr Sigurðsson því starfsumhverfi, sem embætti hans er búið, í bréfi til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra frá 17. maí. Bréfið hefur verið birt á vefsíðu embættisins. Tilgang þess segir ríkissaksóknari vera að gera forsætisráðherra og ríkisstjórn grein fyrir stöðu embættis síns, sem að sínu mati sé ekki viðunandi. Jafnframt leggur ríkissaksóknari til leiðir til úrbóta.

Hann segir nauðsynlegt að staða embættisins sé styrkt.

„Á undanförnum 2-3 árum hafa verkefni embættisins meira en tvöfaldast en fjöldi starfsmanna nánast staðið í stað,“ segir í bréfinu til forsætisráðherra. „Allur aðbúnaður að embættinu er á mörkum þess að teljast boðlegur starfsfólki vegna þrengsla. Á embættinu er enginn fundarsalur, bókasafn er á göngum og geymsluaðstaða skjala alls óviðunandi og er þá vægt til orða tekið.“

Ríkissaksóknari segir að áfram verði að leggja mikla áherslu á að halda uppi faglegum gæðum í öllum málaflokkum og að ákæruvaldið geti tekist á við flókin og skipulögð afbrot. Þá vill ríkissaksóknari geta sinnt markvissri fræðslu, þjálfun nýrra ákærenda og endurmenntun þeirra sem þegar starfa, og að embættið geti fylgt eftir fyrirmælum með eftirliti. Þjálfun og endurmenntun sé ekki unnt að sinna nú.

Ríkissaksóknari segir að sameina þurfi efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara til að nýta fjármagnið sem best. Þá leggur hann til að hætt verði við stofnun embættis héraðssaksóknara, en embætti Ríkissaksóknara þess í stað eflt. Til samanburðar við samsvarandi embætti í Noregi og Danmörku þá fái þau nauðsynlegt fjármagn, auk pólitísks styrks, sem þau hafi frá þjóðþingi, ríkisstjórn og dómsmálaráðherra, segir Valtýr Sigurðsson enn fremur í bréfinu. Ríkisstjórnir beggja ofangreindra landa hafi virka refsipólitíska stefnu og láti sig varða hlutverk ákæruvalds og áherslur. Fundað sé með ríkissaksóknurum reglubundið til að ganga úr skugga um að markmið hafi náðst.

„Hér á landi nýtur ríkissaksóknari ekki slíks baklands við að styrkja ákæruvaldið, forgangsraða málum og tilraunir til að halda uppi málshraða,“ segir ríkissaksóknari. jss@frettabladid.is





**EMBÆTTI RÍKISSAKSÓKNARA** Nýlega var fataskápur starfsfólks hjá embætti Ríkissaksóknara rifinn til að koma fyrir skjalaskápum. Allur aðbúnaður að embættinu er á mörkum þess að teljast boðlegur starfsfólki vegna þrengsla.

Forsætisráðherra:

## Boltinn í dómsmálaráðuneyti

„Ég tel eðlilegt að dóms- og kirkjumálaráðherra, sem ber ábyrgð á starfsemi ríkissaksóknara og því málefnasviði sem hann starfar á, leggi mat á þær röksemdir sem hann færir fram.“

Þetta segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um bréf Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara um stöðu embættis síns.

Jóhanna bendir jafnframt á að því miður sé verið að sigla inn í afar sérstaka tíma þar sem leita verði allra leiða til hagræðingar. Á sama tíma verði að tryggja vandaðar og skilvirkar rannsóknir, ekki síst í kjölfar efnahagshrunsins. - jss

Þorsteinn Pálsson:

# Pólitísk lausung veikleikamerki

**UMRÆÐAN Fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, Þorsteinn Pálsson, mun eftirleiðis skrifa reglulegar greinar í Fréttablaðið og birtist sú fyrsta í dag. Þorsteinn kvaddi Fréttablaðið fyrir skömmu til að snúa sér að ritstörfum og Jón Kaldal er nú eini ritstjóri blaðsins. Í grein sinni í dag fjallar Þorsteinn um mikilvægi þess að tryggja stöðugleika í ríkisfjármálum, á vinnumarkaðnum, í peningamálum og í samskiptum við aðrar þjóðir en að pólitísk lausung standi í vegi fyrir gangi þessara mála.**



ÞORSTEINN PÁLSSON

**Þorsteinn segir einnig að framtíðaráform ríkistjórnarinnar séu enn að stórum hluta til á huldu og að hún hafi enn ekki skapað trú á að áform hennar í ríkisfjármálum dugi.**

- amb / sjá síðu 16

Málefni Landsvirkjunar:

# Gerir viðbúnaðarsamning við íslenska ríkið

**EFNAHAGSMÁL** Landsvirkjun og íslenska ríkið hafa gert með sér viðbúnaðarsamning til að bregðast við neikvæðri lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar.

Í tilkynningu frá Landsvirkjun kemur fram að neikvæð lánshæfiseinkunn helgist einkum af óvissu um hvort íslenska ríkið muni koma tímanlega til aðstoðar ef fyrirtækið lendir í fjárhagserfiðleikum. - kg






Sigrún Pálína Ingvarsdóttir gekk á fund Kirkjuráðs í gær:

# Kirkjuráð biðst fyrirgefningar

**SAMFÉLAGSMÁL** Í bókun kirkjuráðs af fundi sem haldinn var í gær kemur fram að ráðið biðji þær konur og börn sem brotið hefur verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar á þeirri þjáningu og sársauka sem þau hafa liðið.

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir, sem hefur sakað séra Ólaf Skúlason um kynferðislega áreitni þegar hún leitaði til hans sem sóknarprests í Bústaðakirkju, mætti á fund kirkjuráðsins í gær. Í kjölfarið var einnig bókað að kirkjuráð harmi sársauka og vonbrigði sem fram hafi komið í frásögn Sigrúnar á fundinum. Einnig að ráðið harmi skort á skilningi og máttleysi í viðbrögðum kirkjunnar á sínum tíma. Þó hafi ráðið ekki vald til að leggja mat á eða úrskurða um sakargiftir í því máli, þar sem ákæra hafi ekki verið gefin út og séra Ólafur sé nú látinn.

Kirkjuráð samþykkti einnig að beita sér fyrir endurskoðun starfsreglna kirkjunnar um meðferð kynferðisbrotamála. Einnig að leita allra leiða til að kirkjan geti tekið á slíkum málum af festu, með faglegum vinnubrögðum og fyrirbyggjandi aðgerðum svo og aukinni aðstoð við þau sem líða vegna slíkra mála og þau samtök sem starfa í þeirra þágu.





**KIRKJURÁÐ** Ráðið samþykkti að beita sér fyrir endurskoðun starfsreglna kirkjunnar um meðferð kynferðisbrotamála.

Þá bókaði ráðið að enginn geti verið í þjónustu þjóðkirkjunnar sem gerst hafi sekur um kynferðisbrot. - kg


Kringlan
Brúðargjafa leikur
Ertu á leið í brúðkaup?
Ef þú kaupir brúðargjöf í Kringlunni gætirðu átt von á glæsilegri gjöf og sent brúðhjónin á vit ævintýranna með Iceland Express.
Dregið verður í beinni á Bylgjunni 8. ágúst.
Glæsilegir vinningar:
Byggt og Búið – Kitchen Aid hrærivél, Kitchen Aid matreiðslubók og svunta að andvirði 81.200 kr.
Hagkaup – Grill; Grandhall Classic að andvirði 69.000 kr.
Eymundsson – Eclipse ferðataska að andvirði 44.690 kr.
Kúnígúnd – Georg Jensen skál að andvirði 25.490 kr.
Casa – 12 kampavínsglös frá Ritzenhoff að andvirði 30.000 kr.
Tekk Company – inneign: 25.000 kr.
Duka – inneign: 20.000 kr.
Tékk Kristall – rúmföt að andvirði 15.000 kr.
Mýrin – Blýantsteikning eftir Hrafnhildi Bernharðsdóttur að andvirði 12.000 kr.
Kaup á brúðargjöf í ofantöldum verslunum gefur kost á þátttöku í leiknum.
Mán til mið 10–18.30, fim og fös 10–19, lau 10–18, sun 13–17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 19.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,38 | 129,00 |
| Sterlingspund | 211,15 | 212,17 |
| Evra | 178,68 | 179,68 |
| Dönsk króna | 24,001 | 24,141 |
| Norsk króna | 0,063 | 20,181 |
| Sænsk króna | 16,331 | 16,427 |
| Japanskt jen | 1,3226 | 1,3304 |
| SDR | 197,73 | 198,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,634

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vara innkölluð af markaði:

# Salmonella í grísagúllasi

**HEILBRIGÐISMÁL Ferskar kjötvörur ehf. hafa í varúðarskyni innkallað grísagúllas sem framleitt var af fyrirtækinu hinn 5. júní síðastliðinn. Ástæða innköllunarinnar er að í sýnum sem tekin voru úr vörunni greindist salmonella. Varan er ekki lengur á markaði.**

**Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við: Vöruheiti: Grísagúllas. Pökkunardagur: 5.6.2009. Síðasti neysludagur: 11.6.2009. Strikamerki: 2282974.**

**Heilbrigðiseftirlitið biður neytendur, sem kunni að eiga vöruna í frysti, um að hafa samband við fyrirtækið í síma 693-5645 eða 660-6330 og skila vörunni.** - kg

Listaháskóli Íslands:

# Sextíu sóttu um listkennaranám

**MENNTUN** Alls bárust sextíu umsóknir um kennaranám fyrir listamenn í Listaháskóla Íslands. Fjöldi umsóknanna er langt umfram það sem skólinn getur orðið við.

Á næsta skólaári verður í fyrsta sinn boðið upp á meistaranám í kennslu og miðlun við skólann. Námið miðar að því að þjálfa listamenn til kennslu. Umsækjendur þurfa að hafa lokið háskólaprófi eða sambærilegu námi í myndlist, hönnun, leiklist eða tónlist. - kg

## LEIÐRÉTTING

Í greininni „Á kvenfrelsisdegi“ eftir Ragnheiði Jónsdóttur, sem birtist í blaðinu í gær, sagði að á þeim degi væri níutíu ár síðan íslenskar konur fengu kosningarétt. Hið rétta er að 19. júní 2009 voru 94 ár frá því að íslenskar konur hlutu þessi mikilvægu réttindi.

Niðurrifsmaður á Álftanesi viðurkennir að hafa svikið hjón í viðskiptum:

# Hafði tíu milljónir af hjónum

**SAMFÉLAGSMÁL** Björn Mikkaelsson, maðurinn sem reif á þjóðhátíðardaginn hús á Álftanesi sem hann hafði nýlega misst, hafði tæpar tíu milljónir af hjónum á Vestfjörðum í viðskiptum árin 2006 og 2007.



BJÖRN MIKKAELSSON

Í samtali við Vísi.is segja hjónin Barbara Ósk Guðbjartsdóttir og Viðar Guðmundsson, sem búa í Miðhúsum í Kollafirði ásamt þremur börnum, frá því að þau hafi ætlað að kaupa einingahús af Birni í gegnum fyrirtækið Sunhouse ehf. árið 2006. Þau hafi borgað staðfestingargjald upp á 2,7 milljónir og 7,2 milljónir ári síðar. Húsið áttu þau að fá afhent síðastliðið sumar og höfðu þá lokið við að steypa grunn fyrir húsið. Ekkert varð af þeirri afhendingu og gaf Björn þær skýringar að langur biðlisti væri í verksmiðjunni í Finnlandi sem framleiðir einingarnar. Hjónin höfðu samband til Finnlands og fengu að vita að einungis brot af upphæðinni sem þau hefðu borgað Birni hefði skilað sér.

Barbara og Björn segjast hafa gefið húsið upp á bátinn, og kært Björn til lögreglu.



**RÚSTIR** Björn reif hinn 17. júní hús á Álftanesi sem hann hafði nýlega misst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Björn staðfestir sögu hjónanna í samtali við Vísi.is. Hann segist hafa verið að vinna að málinu, en verið svikinn um greiðslur. Það hafi undið upp á sig og þar með hafi hann farið að svíkja annað fólk. - kg

Kostnaður skattahækkana:

# 130 þúsund á hverja fjölskyldu

**EFNAHAGSMÁL** Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar munu kosta hverja fjölskyldu 130 þúsund krónur að meðaltali á þessu ári en 270 þúsund á því næsta samkvæmt Hagsjá Landsbankans.

Einnig kemur fram að um tuttugu prósent af þessari upphæð megi rekja til hátekjuskattsins, sem mun ekki hafa áhrif á ráðstöfunartekjur þeirra sem eru með lægri laun.

Einnig er gert ráð fyrir að breytingar á virðisaukaskatti hækki vísitölu neysluverðs um 0,25 prósent. Breytingarnar munu taka gildi hinn 1. september næstkomandi. - bþa

# Helmingur lækkar í launum

## Launakostnaður hins opinbera dreginn saman. Ekki gert ráð fyrir uppsögnum. Hátekju- og sykurskattur notaður til að fylla í fjármálagatið. Ráðist í umfangsmiklar breytingar á skattkerfinu fyrir næsta ár.

**EFNAHAGSMÁL** Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fjármálum hins opinbera voru kynntar í gær. Helstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru hækkun á fjármagnstekjuskatti úr tíu í fimmtán prósent, upptaka hátekjuskatts yfir 700 þúsund króna launa og hækkun virðisaukaskatts á sælgæti og drykkjarvöru auk víðtækra sparnaðaraðgerða í ríkisútgjöldum.

Í áætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að aðgerðirnar muni skila 22,3 milljörðum á þessu ári og 63,3 milljörðum á því næsta. Um helming upphæðarinnar má rekja til samdráttar í útgjöldum og hinn helminginn til aukinnar tekjuöflunar. Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir að jöfnuður náist í ríkisútgjöldum fyrr en árið 2013.

Meðal þeirra aðgerða sem ráðist verður í er að draga úr heildarlaunakostnaði opinberra starfsmanna. Á blaðamannafundi í Stjórnarráðshúsinu í gær var tilkynnt að yfirfara skuli heildarlaun þeirra starfsmanna sem hafa umfram 400 þúsund krónur á mánuði. Þessi breyting tekur til um 9.000 af um 18.000 starfsmönnum ríkisins.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að ekki verði farið inn í samninga en markmið með þessum niðurskurði sé að ná niður heildarlaunum svo sem fastri yfirvinnu, risnu, ferðakostnaði, bifreiðahlunnindum og öðrum kostnaði utan fastra launa. Ekki er gert ráð fyrir uppsögnum opinberra starfsmanna. Þess í stað verður reynt að lækka starfshlutfall og draga úr launakostnaði.

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra segir að hátekjuskatturinn sé einungis tímabundin ráðstöfun og gerir ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á skattkerfinu á næsta ári. Hann telur nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að auka tekjur ríkisins. Meðal þeirra aðgerða sem gripið er til er að lækka laun nefndarmanna um helming auk þess sem dregið verði úr aðkeyptri sérfræðiþjónustu.

Á seinnihluta þessa árs er gert ráð fyrir að spara um 1,8 milljarða í almennu aðhaldi hins opinbera. Meðal aðgerða sem ráðist verður í eru að spara 1,5 prósent í almennri stjórnsýslu og rekstri, 1,2 prósent í menntamálum og 0,75 prósent í velferðarútgjöldum. Athuga ber að tölurnar eru á ársgrundvelli.

„Gengið verður miklum mun lengra á næsta ári,“ segir Steingrímur. Hann segir að krafa sé um að öll almenn stjórnsýsla ráðuneyta verði dregin saman um tíu prósent árið 2010. Auk þess er gert ráð fyrir að spara um sjö prósent í menntamálum og fimm prósent í velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Áætlað er að aðgerðirnar spari um fjórtán milljarða króna. Endurskipulagning og samnýting stofnana er einnig á dagskrá auk færslu verkefna til sveitarfélaga. bta@frettabladid.is

### AÐHALDSAÐGERÐIR - ÚTGJALDAHLIÐ

**Aðhaldsaðgerðir í útgjöldum hins opinbera:**

- Lækkun hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði.
- Breytingar á bótum í sakamálum, þolenda afbrota og hámark á greiðslur gjafsókna í einkamálum.
- Breytingar á sóknargjöldum sem gerir ráð fyrir lækkun framlaga til trúfélaga.
- Uppbót á eftirlaun verður felld niður.

**Breytingar á Almannatryggingum:**

- Lækkun á frítekjumarki ellilífeyrisþega.
- Skerðing grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna.
- Hækkun skerðingarhlutfalls tekju tryggingar.
- Skerðing aldurstengdra örorkubóta vegna tekna.



**AÐHALDSAÐGERÐIR Í RÍKISFJÁRMÁLUM KYNNTAR** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ræða við blaðamenn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### AÐHALDSAÐGERÐIR - TEKJUHLIÐ

**Helstu liðir áætlunar ríkisstjórnarinnar:**

- Upptaka 8% hátekjuskatts á tekjur yfir 700 þúsund (til ársloka)
- Hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 15% (til ársloka)
- 15% skattur á vaxtagreiðslur sem greiddar eru til aðila erlendis
- Hækkun virðisaukaskatts á sælgæti og drykkjarvöru úr 7% í 24,5%
- Hert skattaeftirlit
- Hækkun atvinnutryggingargjalds úr 0,65% í 2,21%
- Hækkun gjalds í ábyrgðarsjóð launa úr 0,1% í 0,2%

### AÐGERÐAÁÆTLUN Í RÍKISFJÁRMÁLUM

| Tölur í milljörðum króna: | 2009 | 2010 |
|---|---|---|
| Aukin tekjuöflun | 13,0 | 56,0 |
| Almennt aðhald í stjórnsýslu (stjórnsýsla, menntamál og velferðarþjónusta) | 1,8 | 14,3 |
| Sjúkratryggingar, elli- og örorkulífeyrir og fæðingarorlof | 2,4 | 6,6 |
| Almennt aðhald og önnur tilfærsluframlög | 0,8 | 3,5 |
| Barnabætur | 0 | 1,0 |
| Vegaframkvæmdir | 3,5 | 8,3 |
| Aðrar framkvæmdir | 9,3 | 1,8 |
| **SAMTALS** | **22,4** | **63,4** |

*Áætlun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir þörf á sparnaði að upphæð 20,0 ma. í ár og 56,0 árið 2010.*

● AUKNAR TEKJUR ● LÆKKUÐ ÚTGJÖLD

HEITIR POTTAR



Rafmagnspottar og hitaveituskeljar
Í MIKLU ÚRVALI.
VERÐ FRÁ 198.000,-
Heitir Pottar og Skeljar Kleppsvegi 152 sími 554 7755
heitirpottar.is

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**VÍÐA VÆTA Á MORGUN** Það verður fínt veður um allt land þegar Kvennahlaupið fer af stað núna fyrir hádegi og ekki fyrr en síðdegis að það fer rigna smávegis vestantil. Íbúar Norður- og Austurlands ættu að njóta veðurblíðunnar í dag því að í fyrramálið dregur fyrir sólu og rigna seinni partinn.




**Á MORGUN**
5-10 m/s og dálítil væta í flestum landshlutum.

**MÁNUDAGUR**
8-13 m/s og skúrir, einkum vestantil.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 17° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 19° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 25° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 19° |
| París | 19° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Fiton/SÍA




# Fyrsta hjálp í fjárhagsörðugleikum

## Fjárhagsráðgjöf

VR býður fjárhagsráðgjöf fyrir þá sem eru komnir í þá stöðu að tekjur fjölskyldunnar duga ekki fyrir afborgunum af lánum og/eða eru komnir í vanskil með afborganir af skuldbindingum sínum. Með ráðgjöfinni fá félagsmenn upplýsingar um þau úrræði sem þeim standa til boða og aðstoð við að velja hvaða úrræði henta þeim best.

## Samningar við kröfuhafa

Einnig aðstoðar VR félagsmenn við að semja við kröfuhafa, séu forsendur til þess. Ráðgjafi VR sér um að móta tillögu að samkomulagi, hefur samband við kröfuhafa og kemur á fundi með félagsmanninum og fulltrúa kröfuhafa.

Allir fullgildir félagsmenn og fjölskyldumeðlimir þeirra sem eru í fjárhagserfiðleikum geta pantað tíma, annað hvort á heimasíðu VR eða hjá þjónustuveri í síma 510 1700.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

KJÖRKASSINN



*Hefur þú prófað kannabisefni?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,8% |
| Nei | 67,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að ferðast innanlands um fyrstu helgina í júlí?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Landssamband veiðifélaga segir stórlaxa að hverfa og kærir eldi á norskum laxi:

# Stórlaxinum verður að sleppa

**STANGVEIÐI** Stofn stórlaxa á Íslandi er enn í sögulegu lágmarki og hætt á að stórlax hverfi að óbreyttu alveg úr ám þar sem honum er ekki hlíft við veiði, að því er segir í ályktun Landssambands veiðifélaga (LV).



**ÓÐINN SIGÞÓRSSON**

Aðalfundur LV fól stjórn sambandsins undir forystu Óðins Sigþórssonar formanns að kæra til umhverfisráðherra þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að undanþiggja umhverfismati eldi á norskum laxi. „Aðalfundur LV samþykkti að vara við stórfelldum áformum um sjókvíaeldi á norskættuðum laxi í Dýrafirði og átelja þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að undanþiggja eldið umhverfismati þar sem um væri að ræða erlendan, innfluttan laxastofn,“ segir í ályktuninni.

Landssambandið hvetur veiðifélög og leigutaka til átaks um að veiðimenn sleppi stórlaxi og að um það verði settar reglur. „Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, fjallaði um svokallaðan stórlax í erindi á aðalfundinum, lax sem verið hefur að minnsta kosti tvö ár í sjó. Hann sagði að stórlaxi hefði fækkað stórlega í flestum ám og veruleg hætta væri á að laxinn hyrfi alveg á næstu áratugum. Veiðifélögum bæri skylda til að grípa til aðgerða, til dæmis með því að veiðimenn slepptu stórlaxi og að netaveiði yrði tímastýrð,“ segir í frétt frá LV. **- gar**



**SJÓKVÍAELDI** Eldi á norskættuðum laxi er varasamt, segir Landssamband veiðifélaga.

Heimsóknardagur í Viðey:

# Skátamót fyrir almenning

**ÚTIVIST Skátafélagið Landnemar heldur í dag heimsóknardag á skátamóti sínu í Viðey. Þangað eru allir velkomnir og munu gestir sem leggja leið sína í eyna fá að kynna sér skátastörf og sjá hvernig stemning er á stórum skátamótum.**

**Meðal þess sem verður á dagskránni í Viðey eru ýmsir leikir, til dæmis ratleikur og víkingaleikir, en deginum lýkur svo á sólstöðuballi og söng. Ferja fer í land rétt eftir klukkan 22. Þá mun Kvennahlaup ÍSÍ verða þreytt í fyrsta sinn í Viðey í dag. Boðið verður upp á þriggja kílómetra langt hlaup.** **- þeb**



**DANS** Dansararnir Steven Fenech & Mandy Ghio frá Möltu sýna hjólastóladans í Kringlunni klukkan 12 í dag, til að vekja athygli á MND-deginum.

Alþjóðlegi MND-dagurinn:

# Hjólastóladans og tónleikar

**DAGSKRÁ Hjólastóladans er meðal þess sem boðið verður upp á í skemmtidagskrá sem MND félagið heldur í miðbæ Hafnarfjarðar í tilefni af alþjóða MND-deginum á morgun, sunnudag.**

**Dagskráin hefst á Thorsplani í Hafnarfirði klukkan 14 með hjólastólarallíi. Meðal annars er keppt í svonefndum stjörnuflokki, þar sem þjóðkunnir Íslendingar leysa þrautir sem fólk sem bundið er við hjólastóla þarf að glíma við alla daga ársins.**

**Milli klukkan 17 og 19 verður boðið upp á skemmtun í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu. Um kvöldið verða síðan tónleikar á Thorsplani þar sem úrvalslið listamanna og hljómsveita skemmtir gestum.** **- kg**

## LÖGREGLUMÁL

### Rúmlega 250 óku of hratt

Brot 256 ökumanna voru mynduð í Hvalfjarðargöngum á einni viku, frá 11.-18. júní. Þarna er 70 kílómetra hámarkshraði. Nítján óku á 90 kílómetra hraða eða meira, en sá sem hraðast ók mældist á 103.

# Segir Íslendinga sjálfa hafa skert fullveldið

**Sagnfræðingur segir Icesave-samninginn ekki skerða fullveldi Íslendinga, það hafi Íslendingar gert sjálfir. Hæstaréttarlögmaður segir samningana snúast um efndir á skuldbindingum sem þáverandi ráðherrar hafi viðurkennt í október.**

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Hálfdánarson sagnfræðingur segir að umræðan um Icesave-samninginn ætti fyrst og fremst að snúast um það hvort þörf væri á því að gera þennan samning eða ekki. Umræðan um að Íslendingar afsali sér að einhverju leyti fullveldi með samningnum sé á misskilningi byggð því afsal á fullveldisrétti sé ekki afleiðing af samningnum heldur afleiðing hegðunar stjórnvalda, bankamanna og þeirra sem ofurskuldsettu sig.

„Í þessari stöðu sem við erum í þá erum við ekki alveg fullvalda, það að þurfa að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skerðir okkar fullveldi,“ segir hann. „Það er alveg ljóst að okkar efnahagsstefna er ekki fullkomlega í höndum íslenskra stjórnvalda eins og sakir standa heldur í höndum þeirra sem veita okkur þetta lán. En það er ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem gerir það að verkum að við þurfum að taka þetta lán heldur okkar eigin hegðun. Það sama á við um Icesave-samninginn, það eru ekki lánveitendur sem skerða fullveldi okkar heldur hegðunin sem gerir það að verkum að við skulum þurfa að semja við þá. Það er að segja hegðun íslenskra stjórnvalda, sem áttu að hafa eftirlit með því sem var að gerast, bankamanna og einhverra þeirra sem skuldsettu sig of mikið. Það er þessi hegðun sem vegur að fullveldinu nú.“

Hann segir að umræðan ætti fyrst og fremst að snúast um það hvort við þurfum virkilega að taka lánið. „Þeir sem halda því fram að við ættum að fara með málið fyrir dómstóla hafa enn ekki sannfært mig, því ég veit ekki fyrir hvaða dómstól væri hægt að fara með málið. En það er ekki svo að mér hugnist lánið. Þetta eru náttúrlega gríðarlegar upphæðir og það er það sem vekur mér ugg fyrst og fremst. Að öðru leyti tel ég, eftir því sem ég hef heyrt, að þarna sé um eðlilegan lánasamning að ræða.“

Jakob Möller hæstaréttarlögmaður segist ekki geta séð að það styðjist við nein lögfræðileg rök að með samningnum séu Íslendingar að afsala sér neinum hluta sjálfstæðis síns eða fullveldis. „Það má ekki gleyma minnisblaði fyrrverandi ríkisstjórnar frá í október þar sem fjármálaráðherrann, fyrir hönd ríkisins, viðurkenndi skyldu Íslendinga til að greiða fyrir Icesave-skuldbindingarnar. Þáverandi forsætisráðherra lýsti því einnig yfir opinberlega að Íslendingar bæru ábyrgð á þeim. Þetta er vandamálið. Samningarnir nú eru um efndir á skuldbindingum Íslands,“ segir Jakob Möller.

**jse@frettabladid.is**
**kjartan@frettabladid.is**



**ÍSLENSKI FÁNINN BLAKTIR VIÐ HÚN** Guðmundur Hálfdánarson segir umræðuna um að Íslendingar afsali sér að einhverju leyti fullveldi með samningunum vera á misskilningi byggða.



**GUÐMUNDUR HÁLFDÁNARSON**



**JAKOB MÖLLER**

Upplýsingavefur stjórnvalda:

# Icesave útskýrt á íslensku máli

**STJÓRNSÝSLA** Skýringar við allar greinar Icesave-samninganna við Hollendinga og Breta hafa verið birtar á upplýsingavef stjórnvalda, island.is. „Þar er samningurinn skýrður lið fyrir lið. Sömuleiðis eru fjölmörg lögfræðileg hugtök og heiti skýrð eftir því sem við á og sett í samhengi alþjóðlegra samninga. Staldrað er stuttlega við þau ákvæði samningsins sem teljast hefðbundin, en reynt að skýra með nákvæmari hætti þau sem telja má að skipti Ísland sérstöku máli. Sérstaklega er vikið að þeim atriðum sem mjög hafa verið til umræðu svo lögum og lögsögu og friðhelgi og fullveldi,“ segir í tilkynningu forsætisráðuneytisins. **- gar**

Frumvarp dómsmálaráðherra:

# Leggur til skipun sjálfstæðra saksóknara

**EFNAHAGSMÁL Í nýju frumvarpi sem Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra lagði fyrir ríkisstjórnina í gær er lagt til að þrír sjálfstæðir saksóknarar verði skipaðir við hlið sérstaks saksóknara. Einnig er í frumvarpinu lagt til að skipaður verði sérstakur ríkissaksóknari sem muni starfa við hlið sitjandi ríkissaksóknara og sinna málum sem snúa að rannsókn bankahrunsins.**

**Ekki er ljóst hvort frumvarpið verði afgreitt á sumarþingi. Gert er ráð fyrir að auglýst verði í þau fjögur embætti sem um ræðir.** **- kg**






Voru gefin saman á golfvelli eftir að hafa slegið átján holur með prestinum:

# Giftu sig á nítjándu holunni

**SAMFÉLAGSMÁL** Jón Rafn Valdimarsson og Elín Rósa Guðmundsdóttir fóru ekki hefðbundnar leiðir þegar þau gengu í það heilaga á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Þau voru gefin saman á golfvelli eftir að hafa leikið holurnar átján.

„Ég hef aldrei þurft að ganga svo langt til minna embættisverka,“ segir Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur, sem lét ekki sitt eftir liggja og fór holurnar átján ásamt hjónunum og fleiri keppendum. „Nítjánda holan var síðan hjónavígslan sjálf,“ segir hann kankvís.

„Við ákváðum þetta tíu dögum fyrir stóra daginn,“ segir Jón Rafn. Þá rákust þau á séra Hjálmar á Urriðakotsvelli í Garðabæ og kvaðst hann hafa tíma, tök og vilja til að ganga til verksins. Þegar búið var að slá kúlur í átján holur var slegið til veislu í skálanum við völlinn. Jón Rafn lenti í fjórða sæti í sjálfu mótinu. „Elín Rósa var eitthvað aðeins neðar þó hún sé efst hjá mér,“ segir Jón Rafn. „Presturinn átti reyndar ekki sérlega góðan dag en þó var stundum eins og að hann fengi hjálp að ofan þegar hann var kominn í klandur.“



**ÁST VIÐ NÍTJÁNDU HOLU** Jón Rafn og Elín Rósa eru miklir golfunnendur eins og presturinn sem gaf þau saman á Urriðakotsvelli þann 17. júní. MYND/EYJÓLFUR JÓHANNESSON

Við athöfnina lagði séra Hjálmar út af 23. Davíðssálmi en hann hefst á þessa leið: Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta. Á grænum grundum lætur hann mig hvílast…“ Svona er það með golfið, það leynist alls staðar,“ segir guðsmaðurinn, sem þótti sálmurinn eiga sérlega vel við. **- jse**

ÓDÝRT Í HAGKAUP

# Grillum saman í sumar

OPIÐ til 20 alla daga







**Hamborgarar 2 x 175g**
risabrauð, ostur og BBQ sósa




**Lambagrillsneiðar**
sagaður frampartur




**Grísakótilettur**
hunangsmarineraðar




**Stór sérvalinn humar**
1 kg.

Sætar kartöflur m/timjan

Balsamikmarinerað grænmeti

Beikonfylltar kartöflur

Berjabomba m/kókosbollum

*spennandi á grillið!*

DR. MARKENS KÓKOSVATN 389 kr/stk.

A&W RÓTARBJÓR 189 kr/stk.

íslensk jarðarber

FREYJU REX BITAR 299 kr/pk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

EUROSHOPPER SYKURPÚÐAR 299 kr/pk.

LAKKRÍS SNÖRUR 229 kr/pk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ORKUDRYKKUR 250 ML 108 kr/stk.

FUMAGALLI PARMASKINKA 699 kr/pk.

24 OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 21. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða ráðherra féll af hjóli sínu fyrir utan ráðuneyti sitt á fimmtudag?*
2. *Hvaða íslenska stuttmynd er orðin mest verðlaunaða stuttmynd sögunnar?*
3. *Hvaða íslenski landsliðsmaður í handbolta þarf líklega að leggja skóna á hilluna vegna meiðsla?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Vodafone áréttar að stöðvun símaútboðs fyrir Landspítalann sé ekki endanleg:

# Síminn sagður beita klækjum

**VIÐSKIPTI** Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, segir ákvörðun kærunefndar útboðsmála um að stöðva innkaupaferli Ríkiskaupa vegna fjarskiptaþjónustusamnings fyrir Landspítalann ekki taka til þess hvort tilboð Vodafone sé löglegt.

„Við viljum árétta að enginn samningur hefur verið gerður á grundvelli útboðsins enda stöðvaðist samningsferlið þegar Síminn kærði málsmeðferð Ríkiskaupa í byrjun júní. Umrædd ákvörðun kærunefndar útboðsmála er heldur ekki endanleg, því nefndin mun taka efnislega afstöðu til kæru Símans síðar þótt hún telji rétt að stöðva innkaupaferlið hjá Ríkiskaupum,“ segir Hrannar og bendir á að ákvörðun kærunefndarinnar sé bráðabirgðaúrskurður sem nái eingöngu til þeirrar ákvörðunar Ríkiskaupa að framlengja gildistíma tilboða sem bárust. Úrskurðurinn hafi því ekkert að gera með lögmæti tilboðsins frá Vodafone – sem fyrirtækið telji að sjálfsögðu fullkomlega lögmætt.



**HRANNAR PÉTURSSON** Upplýsingafulltrúi Vodafone segir Símann ekki bjóða samkeppnishæft verð.

„Það er hins vegar skiljanlegt að Síminn reyni með lagaklækjum að koma keppinautum sínum frá borðinu, því ekki býður hann samkeppnishæft verð. Í þessu tilviki bauð Síminn rúmlega fjórutíu milljónum króna hærra en Vodafone, sem hefur þjónustað Landspítalann í fimm ár án þess að nokkurn tíma hafi borið skugga á það samstarf,“ segir Hrannar, sem kveður Vodafone nú bíða endanlegs úrskurðar kærunefndarinnar. - gar

Kona á sextugsaldri ákærð:

# Skar sambýlismann með hníf

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu fyrir stórfellda líkamsárás. Konan, sem er á sextugsaldri, særði sambýlismann inn að beini með hnífi.**

**Atvikið átti sér stað í ágúst á síðasta ári. Konan veittist að manninum með hnífi. Við atlögurnar hlaut hann rispu og skurði. Á framanverðum hálsinum hlaut hann tíu sentímetra langa rispu. Á litla fingur hægri vinstri handar fékk hann sex sentímetra skurð. Annan álíka stóran skurð fékk svo maðurinn á baugfingur. Báðir náðu þessir skurðir inn að beini.** - jss

Nýtt Akrópólissafn:

# Vilja fornmuni sína til baka

**GRIKKLAND, AP** Safnstjóri nýs grísks safns hefur óskað eftir að Þjóðminjasafn Bretlands skili styttum sem eru til sýnis í safninu og voru fjarlægðar frá Akrópólishæð fyrir tveimur öldum.

Dimitris Pantermalis safnstjóri hins nýja Akrópólissafns segir að opnun safnsins um helgina veiti tækifæri til að leiðrétta villimennskuna sem fólst í að fjarlægja stytturnar frá Grikklandi.

Styttusafnið er nefnt eftir breska diplómatanum Elgin lávarði sem flutti þær til Bretlands í byrjun nítjándu aldar þegar Grikkland var enn hluti af heimsveldi Ottómana.

Pantermalis vonast eftir góðum viðræðum en hingað til hefur breska Þjóðminjasafnið ekki viljað láta stytturnar af hendi. - hds

Fíkniefnastríð í Mexíkó:

# Borgarstjórar meðal ákærðra

**MEXÍKÓ, AP Sjö borgarstjórar, fyrrum ríkissaksóknari og nítján aðrir embættismenn í Michoacan í Mexíkó hafa verið ákærðir fyrir að hafa aðstoðað við eiturlyfjasmygl.**

**Lögreglan í Mexíkó fór í umfangsmiklar aðgerðir í lok maí og handtók mennina og fleiri sem ekki hafa enn verið ákærðir. Mennirnir eru sagðir hafa aðstoðað La Familia glæpasamtökin og misnotað aðstöðu sína sem embættismenn. Glæpasamtök í Mexíkó hafa löngum verið þekkt fyrir að múta lögreglumönnum, en svo víðtæk tengsl við háttsetta embættismenn eru sögð vera merki um aukin völd þeirra.** - þeb

Ríkislögreglustjóri:

# Innbrotum stórfjölgar

**LÖGREGLUMÁL** Um áttatíu prósentum fleiri innbrot voru skráð hjá lögreglu í maí en á sama tíma í fyrra, að því er fram kemur í afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra.

Í maí á síðasta ári voru innbrot 167 talsins en 303 í síðasta mánuði. Þá fjölgaði þjófnaðarbrotum einnig mikið, um 38 prósent, milli ára. Nytjastuldir eru einnig mun fleiri nú en áður, en þeim fjölgaði um rúm hundrað prósent.

Málum fækkar þó nokkuð í flestum öðrum brotaflokkum, svo sem eignaspjöllum, fíkniefnabrotum, ölvunaraksturbrotum og líkamsmeiðingum. - jss

## JARÐHRÆRINGAR

### Skjálfti upp á 4,2

Jarðskjálfti upp á 4,2 á Richter mældist um tvo kílómetra suðvestur af Krísuvík laust eftir klukkan 18 í gær. Skjálftinn fannst á Akranesi og í Landsveit, samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.

# Harðari aðgerðir gegn mótmælendum

**Æðsti klerkur Írans hefur hótað því að hart verði gengið fram gegn mótmælendum ef þeir láti ekki af mótmælunum. Leiðtogar Evrópuríkja hafa lýst yfir ótta vegna yfirlýsinganna. Áframhaldandi mótmæli eru fyrirhuguð í dag.**

**ÍRAN** Æðsti klerkur Írans, Ayatollah Ali Khamenei, hótaði því í gær að ef mótmælum yrði ekki hætt í landinu yrði gripið til harðra aðgerða gagnvart þeim. Þúsundir manna hafa mótmælt úrslitum forsetakosninganna í landinu á götum Teheran síðastliðna viku.

Khamenei tjáði sig í fyrsta skipti um mótmælin í gær, og sagði engin brögð hafa verið í tafli í forsetakosningunum. Þá tók hann afstöðu með Ahmadinejad forseta og útilokaði að kosið yrði aftur. Hann kallaði kosningarnar sigur fólksins og sagði „óvini landsins“ í mismunandi heimshlutum hafa reynt að véfengja öruggan kosningasigur forsetans. Jafnframt sagði hann að atkvæðamunurinn, ellefu milljónir atkvæða, hefði verið allt of mikill til þess að um svindl hefði verið að ræða. Ekki væri hægt að falsa ellefu milljónir atkvæða.

Stuðningsmenn stjórnarandstöðuleiðtogans Mousavi brugðust ekki við hótunum æðsta klerksins og þegar blaðið fór í prentun stóð enn til að mótmæla í dag við Frelsistorgið svokallaða. Mótmælin eru bönnuð samkvæmt lögum en þau hafa ekki verið stöðvuð enn. Á því gæti orðið breyting í dag.

Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna funda þessa dagana og margir þeirra, meðal annars Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, lýstu yfir ótta sínum vegna yfirlýsinga um að ráðist yrði gegn mótmælendum.

Farsímaþjónusta liggur að mestu niðri í Teheran og yfirvöld hafa lokað fyrir margar heimasíður á internetinu. Meðal annars hefur verið lokað fyrir vef breska ríkisútvarpsins og samskiptavefina Facebook og Twitter. Aðstandendur Facebook hafa brugðist við með því að láta Írani nota persneska útgáfu af vefnum og Google hefur tilkynnt að þýðingarvél úr persnesku yfir á ensku verði hleypt af stokkunum. Það hefur því verið hægt að skipuleggja mótmælin. thorunn@frettabladid.is



**Í TEHERAN** Blaðamönnum og ljósmyndurum hefur verið bannað að starfa á mótmælasvæðunum. Þessi mynd birtist á samskiptavefnum Twitter í fyrradag og er frá mótmælunum þann daginn. Mótmælendur klæddust margir svörtu. NORDICPHOTOS/AFP

## VENJULEGT FÓLK FLYKKIST ÚT Á GÖTUR

Hanna Björk Valsdóttir hefur búið í Íran og þekkir vel til aðstæðna í Teheran. Hún þekkir fjölda fólks í borginni og er enn í nánast daglegu sambandi við fólk þar.

„Allir sem ég þekki kusu Mousavi. Ég held að hann hafi unnið stóran sigur,“ segir Hanna Björk. Hún segir að vinir sínir tali um að valdarán hafi verið framið.

Mótmælin sem nú fara fram eru þau langstærstu frá írönsku byltingunni fyrir þrjátíu árum síðan. Hanna segir fólk ekki hafa þorað að mótmæla neinu. Það segi því mikið um ástandið að nú sé mótmælt. „Venjulegt fólk er að fara út á götur og mótmæla, sem það hefur aldrei gert áður.“ Mótmælin eru að sögn Hönnu alveg þögul og fólk gengur um göturnar í þögn. Fólk sé jafnframt að mótmæla á stöðum þar sem ekki sé hefð fyrir mótmælum, til dæmis á venjulegum götum.



**HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR**

Ein vinkona Hönnu hefur nýlokið háskólanámi. Fjöldi námsmanna sem hún þekkir voru handteknir fyrr í vikunni þegar ráðist var inn á heimavistir háskóla.

## RÖÐ ATBURÐA

**12. júní**
Forsetakosningar eru haldnar, þar sem valið stóð á milli harðlínuforsetans Mahmoud Ahmadinejad, umbótasinnans Mir-Hossein Mousavi og tveggja annarra. Kosningaþátttaka var svo gríðarlega mikil að stjórnvöld þurftu að halda kjörstöðum opnum sex klukkutímum lengur en ætlunin var.

**13. júní**
Tilkynnt er að Ahmadinejad hafi sigrað í kosningunum. Mousavi segir brögð í tafli og þúsundir mótmæla á götum úti. Æðsti klerkurinn Ayatollah Ali Khamenei biður fólk að styðja við bak forsetans.

**14. júní**
Ahmadinejad segir kosningarnar hafa verið löglegar. Þúsundir mótmælenda safnast saman á ný. Khamenei boðar að skoðað verði hvort brögð hafi verið í tafli.

**15. júní**
Hundruð þúsunda mótmæla í Teheran og einnig í öðrum borgum. Skotið er á mótmælendur og að minnsta kosti sjö láta lífið.

**16. júní**
Fréttamönnum er bannað að stunda vinnu sína frá mótmælasvæðum. Þúsundir mæta á útifund til stuðnings þeim, en enn fleiri halda áfram að mótmæla á götum.

**17. júní**
Mótmæli halda áfram. Mannréttindasamtök segja marga stjórnmálamenn og aðgerðarsinna hafa verið handtekna.

**18. júní**
Þúsundir halda áfram að mótmæla, margir í svörtu til minningar um þá sem látið hafa lífið. Farsímaþjónusta verður óvirk í Teheran um það leyti sem mótmæli hefjast.

**19. júní**
Khamenei ávarpar þjóðina í bænastund. Hann segir kosningarnar sigur og tekur afstöðu með Ahmadinejad. Ekkert kosningasvindl hafi verið framið. Jafnframt hótar hann harðari aðgerðum gegn mótmælendum.

Orðrómur í Kópavogi um að sjálfstæðismenn biðli til vinstri grænna:

# Allir spá í það hvað gæti gerst

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Ég hef sjálfur heyrt þennan orðróm,“ segir Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi vinstri grænna, spurður hvort sjálfstæðismenn hafi boðið honum sæti bæjarstjóra hefji hann meirihlutasamstarf með þeim.

„Auðvitað hef ég rætt við bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins eins og aðra bæjarfulltrúa um það hvaða staða gæti komið upp en það hefur enginn sem hefur eitthvert umboð haft samband við mig, né get ég litið svo á að einhver hafi verið að bjóða mér neitt í þessa veru.“

Gunnsteinn Sigurðsson, annar maður á lista Sjálfstæðisflokks, segir ekkert þessu líkt standa til né heldur að verið sé að leita að nýjum bæjarstjóra utan raða bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Spurður hvort þá sé ekki borðleggjandi að búið sé að ákveða að annað hvort hann eða Ármann Kr. Ólafsson, sem er í þriðja sæti, verði næsti bæjarstjóri, svarar Gunnsteinn: „Ég segi ekkert um það, þetta kemur í ljós á mánudaginn.“



**ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON** Bæjarfulltrúar í Kópavogi hafa rætt um þann möguleika að læknirinn komi sjálfstæðismönnum til hjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi Samfylkingar, var einnig spurður hvort hann hefði heyrt af því að sjálfstæðismenn hefðu reynt að fá Ólaf til samstarfs. „Nei, ég hef ekki heyrt af því en ég hef enga trú á því að hann sé svo vitlaus að ljá máls á slíku,“ svarar hann. - jse

Dæmd í átta ára fangelsi:

# Myrti bankajöfur í latex-galla

**GENF, AP** Kona sem myrti einn af ríkustu mönnum Frakklands árið 2005, með því að skjóta hann fjórum sinnum í höfuðið meðan maðurinn var bundinn fastur í stól íklæddur latex-galla, var í gær dæmd til átta og hálfs árs fangelsisvistar í Sviss.

Cecile Brossard viðurkenndi að hafa orðið bankajöfrinum Edouard Stern að bana í miðjum kynlífsleik. Brossard útskýrði athæfið þannig að Stern hefði reitt hana til reiði með því að kalla hana „milljón dollara vændiskonu.“

Brossard hefur verið í haldi síðan 2005 og gæti losnað úr fangelsi í lok næsta árs. - kg

Orkuveita Reykjavíkur

# Opið hús í Gvendarbrunnum í dag

**Vatnsveitan í Reykjavík 100 ára**

Í ár eru liðin 100 ár síðan Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa. Vatnsveitan var þá mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í. Til að fagna þessum tímamótum býður Orkuveita Reykjavíkur öllum íbúum á höfuðborgarsvæðinu að koma í heimsókn í Gvendarbrunna í Heiðmörk og skoða og fræðast um þessa dýrmætu auðlind.

**Svæðið verður opið kl. 10:00 - 17:00**

1909 2009

Vatnsveita í 100 ár

**Rútuferðir til og frá Gvendarbrunnum**

Frá Bæjarhálsi 1 að Gvendarbrunnum: Kl. 10:00 – 11:00 – 12:00 – 13:00 – 14:00 – 15:00.
Frá Gvendarbrunnum að Bæjarhálsi 1: Kl. 11:00 – 12:00 – 13:00 – 14:00 – 15:00 – 16:00.

**Kynnisferðir um vatnsverndarsvæðið**

Bílferð með leiðsögumanni á klukkustundarfresti í Vatnsendakrika með viðkomu í Myllulæk.

**Gönguleiðir**

Gengið frá Gvendarbrunnahúsi að dæluhúsinu T-1 og þaðan að Jaðri og göngunni er lokið við gamla inntakið frá 1947 að Gvendarbrunnum.

**Veitingar í boði**

**Sögu- og fræðslusýning í sýningarsal á 1. og 2. hæð**

**Allir velkomnir**



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 46504 06.09

• Á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur **www.or.is** er ítarlegt fræðslu- og upplýsingaefni sem vert er að kíkja á.

www.or.is



**ASÍUBIKARINN** Íranskur knattspyrnuáhugamaður klæddist bol með mynd af stjórnarandstöðuleiðtoganum Mir-Hossein Mousavi á leik Írans og Suður-Kóreu á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Íslands veitti heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum á þjóðhátíðardaginn:

# Fimm konur og fimm karlar heiðraðir

**BESSASTAÐIR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sæmdi tíu Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum 17. júní síðastliðinn.

„Þetta er góð tilfinning, þetta var mjög indælt og hátíðlegt. Ég met það mikils að hafa fengið fálkaorðuna þótt ég hafi alls ekki búist við því, þetta kom mér mjög á óvart,“ sagði Árný J. Guðjohnsen en hún var ein þeirra sem hlutu orðuna í ár. Fimm konur og fimm karlar fengu orðuna á þjóðhátíðardaginn.

Eftirtaldir voru sæmdir fálkaorðunni: Árný J. Guðjohnsen ritari, Reykjavík, Björn Jónsson, fyrrverandi skólastjóri, Böðvar Guðmundsson rithöfundur, Guðrún Jónsdóttir bóndi, Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, Helga Jónsdóttir bæjarstýra, Hólmfríður Árnadóttir, fyrrverandi prófessor, Ólafur Eggertsson bóndi, Pálína Ása Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur, Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri. - hds



**VIÐ ATHÖFNINA** Ólafur Ragnar Grímsson ásamt orðuhöfunum tíu.


101 TOKYO
13.06.09–13.07.09
SNERTING VIÐ JAPAN
Í NORRÆNA HÚSINU REYKJAVÍK
Í DAG KL.18:
„Japanskur stíll“ og vöruhönnun
Hönnunarráðgjafinn og menningarfrömuðurinn, Tadanori Nagasawa frá Musashino-listaháskólanum heldur fyrirlestur um japanska hönnun.
AÐGANGUR ÓKEYPIS
WWW.101TOKYO.IS
NORRÆNA HÚSIÐ





SÆNSK JÓNSMESSUHÁTÍÐ
Í DAG KL. 15.00. DANSAÐ Í KRINGUM MAÍSSTÖNGINA VIÐ HARMÓNÍKUUNDIRLEIK – LEIKIR OG SÖNGUR.
HVETJUM GESTI TIL AÐ KOMA MEÐ NESTI TIL AÐ SNÆÐA VIÐ NÝJA GRÓÐURHÚS NORRÆNA HÚSSINS
NORRÆNA HÚSIÐ



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




**EITT ÚTIBÚA LANDSBANKANS** Landsbankinn skuldar Evrópska seðlabankanum í það minnsta 1,8 milljarða evra, jafnvirði rúmra 300 milljarða íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skuldirnar veikja gengi krónunnar

**Viðræður standa yfir um 180 milljarða króna skuld Landsbankans við Evrópska seðlabankann. Veð á bak við skuldina eru í íbúðabréfum og flokkast því til krónueignar útlendinga hér á landi. Önnur skuld nemur 140 milljörðum króna.**

**EFNAHAGSMÁL** Viðræður eiga sér nú stað á milli Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Evrópu í Lúxemborg vegna skuldar Landsbankans upp á einn milljarð evra, jafnvirði tæpra 180 milljarða íslenskra króna.

Skuldin, sem kallast Avens, er tilkomin vegna endurhverfra viðskipta Landsbankans í Lúxemborg við Evrópska seðlabankann um mitt síðasta ár.

Veð á bak við skuldina eru íslensk íbúðabréf og flokkast því til krónueigna erlendra aðila hér. Ekki liggur fyrir upphæð vaxtagreiðslna vegna skuldarinnar við Evrópska seðlabankann. En vaxtagreiðslur vegna krónueigna erlendra aðila hér eru meðal helstu ástæðna fyrir veikingu krónunnar upp á síðkastið.

Þetta er ekki eina skuld Landsbankans við Evrópska seðlabankann.

Hin skuldin hljóðar upp á 830 milljónir evra, jafnvirði 140 milljarða króna. Skuldin, sem nefnist Betula, er frá byrjun síðasta árs. Hún er sömuleiðis tilkomin vegna endurhverfra viðskipta Landsbankans við þann evrópska þegar harðna fór á dalnum á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum.

Veð á bak við skuldina eru safn úrvalseigna Landsbankans í Bretlandi og hlutabréf í evrópskum fjármálafyrirtækjum.

Lánapakkinn fékk hæstu einkunn hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Fitch Ratings á sínum tíma en var færður niður um tólf flokka eftir að skilanefnd Landsbankans tók lyklavöldin í bankanum í október í fyrra.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja erfitt að geta sér til um hvað sé orðið eign Evrópska seðlabankans í Lúxemborg og hvað tilheyri enn eignasafni Landsbankans vegna óvissunnar um afdrif veðanna.

Glitnir í Lúxemborg skuldaði Evrópska seðlabankanum á annan milljarð evra vegna endurhverfra viðskipta eftir bankahrunið í haust. Samningar náðust um greiðslu skuldarinnar í mars og fengu lánardrottnar Glitnis sitt að fullu, að sögn Árna Tómassonar.

Samningarnir munu hafa tekist vel og munu aðrar skilanefndir stefna á að ná svipuðum samningum við Evrópska seðlabankann, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

jonab@markadurinn.is


RSÍ GOLF
SPENNUGOLF 2009





Spennugolf 2009 verður haldið þann 26. júní 2009 á golfvellinum í ÖNDVERÐANESI

Þátttökugjald er kr. 4.500.-
Rúta fer frá Stórhöfða 31 stundvíslega kl. 12:15.
Áætlað að hefja leik kl. 14:00

Þátttakendur vinsamlegast skráið:

Nafn, Kennitölu, GSM, grunnforgjöf og hvort komið verði með rútunni.
Sendið á: stefan@rafis.is eða í síma 580-5253

Nánari upplýsingar á http://www.rafis.is/golfrsi/

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS




# INNILEGAR HAMINGJUÓSKIR

MBA

**Við erum stolt af þessum frábæra hópi nemenda sem nú er að útskrifast úr MBA náminu við Háskóla Íslands. Innilegar hamingjuóskir með áfangann.**

*Kveðja,*
*kennarar, starfsfólk og stjórn MBA námsins*

**www.mba.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

H2 hönnun

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 31 **Velta:** 48 milljónir króna

**OMX ÍSLAND 15** 266 **+0,25%**

**OMX ÍSLAND 6** 740 **+0,21%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **BAKKAVÖR** | +2,50% | **ICELANDAIR GR.** | -5,00% |
| **FØROYA BANKI** | +0,82% | **ÖSSUR** | -1,34% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 164,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 485,00 +0,00% ... Bakkavör 1,23 +2,50% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,70 +0,00% ... Føroya Banki 122,50 +0,82% ... Icelandair Group 4,75 -5,00% ... Marel Food Systems 53,40 +0,00% ... Össur 110,50 -1,34%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Stjórnendur svartsýnir

„Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins eru vægast sagt svartsýnir á horfurnar í hagkerfinu en 55,2 prósent þeirra telja að aðstæður í efnahagslífinu verði verri eftir sex mánuði en þær eru í dag,“ segir í umfjöllun hagfræðideildar Landsbankans, en í daglegri Hagsjá bankans var í gær vitnað í niðurstöður könnunar Capacent Gallup sem framkvæmd var dagana 19. til 29. maí síðastliðinn. Í könnuninni kom fram að ekki einn einasti maður taldi aðstæður vera góðar í efnahagslífinu, en það þarf ef til vill ekki að koma á óvart. Og þá ekki heldur að 97 prósent aðspurðra töldu þær vera slæmar. Hagkerfið er enda „í miðri stærstu gjaldeyris- og bankakreppu sem landið hefur þurft að takast á við,“ segir í Hagsjánni.




### Fólksfækkun í pípunum

Þá kemur fram að um níutíu prósent stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins telja sig hafa nægt framboð af starfsfólki um þessar mundir. Ógnvænlegra er að tæplega þriðjungur þeirra telur að fækka muni í hópi starfsmanna sinna á næstu sex mánuðum. „Endurspeglar þetta slakann sem er á vinnumarkaði og bendir til þess að undirliggjandi atvinnuleysi geti aukist enn á næstunni,“ segir í Hagsjá Landsbankans. Eins er vitnað til þess að 37 prósent stjórnenda telji að hér verði verðhjöðnun næstu tólf mánuði. Þeir spá verðbólgu eftir tólf mánuði í -0,1 prósent sem er talsvert minni verðhjöðnun en þeir gerðu ráð fyrir í mars. „Þetta gæti skýrst af lækkun krónunnar á tímabilinu en verðbólgan hefur haldist hærri af þeim sökum,“ segir í riti hagfræðideildar Landsbankans.

## Hafa samið við erlenda banka

Landsbankinn hefur gert samninga við alþjóðlega banka um greiðslumiðlun í erlendri mynt. Frá því í haust hefur erlend greiðslumiðlun að mestu farið fram í gegnum Seðlabanka Íslands.

„Nú liggur fyrir samstarfssamningur við Citibank um opnun reikninga í öllum helstu viðskiptamyntum bankans,“ segir í tilkynningu Landsbankans.

Landsbankinn hefur jafnframt opnað reikning í kanadískum dölum hjá Royal Bank of Canada í Kanada, sænskum krónum hjá SEB í Svíþjóð, dönskum krónum hjá Jyske Bank í Danmörku og norskum krónum hjá DnB Nor í Noregi. **- óká**





Grillfólkið

Í góðum félagsskap

Njóttu góðrar máltíðar með vinum og vandamönnum með SS grillkjöti.

Ljúffengur kryddlögurinn dregur fram það besta í kjötinu og vel grillað kjöt laðar fram brosið á fólkinu þínu.

Grillkjötið frá SS – fyrir sérstakar stundir.

SS fremstir fyrir bragðið

www.ss.is


# Leita nýrra tækifæra í samdrætti

**Air Atlanta Icelandic og norska flugfélagið Sundt Air hefja samstarf um fraktflug frá Noregi með júmbóþotu. Samdráttur á fraktflugsmarkaði verður til þess að leita þarf á ný mið, segir forstjóri Air Atlanta. Félögin fara saman í verkefnið undir heitinu Sundt Atlanta Skybridge.**




**FLUGVÉL AIR ATLANTA** Risaþota eins og þessi hér er nú til taks á Gardemoen-flugvelli í Osló í Noregi undir merkjum Sundt Atlanta Skybridge tilbúin í til að flytja varning til fjarlægra landa. Vélin hefur vakið nokkra athygli enda fátítt að jafnstórar vélar hafi aðsetur eða fljúgi þaðan.

Air Atlanta Icelandic og norska einkaþotuleigan Sundt Air hafa hafið samstarf undir heitinu „Sundt Atlanta Skybridge“.

Tilgangur samstarfsins er sagður vera að kanna möguleika á markaðssetningu fraktflugs til fjarlægra landa með varning frá Skandinavíu. Fyrstu skref samstarfsins voru tekin í gær þegar tekin var í notkun Boeing 747-200F risaþota sem nota á í flutninginn. Um er að ræða þriggja mánaða tilraunaverkefni, hefur norski fréttavefurinn e24.no eftir Tor Bratli, forstjóra Sundt Air. Enn hafa vélinni ekki verið tryggð verkefni, en félagið hefur þó þegar fengið fyrirspurnir. Þá hefur verðskrá ekki verið búin til enn. „Við sitjum við að reikna út verð, en við fengum fyrirspurn frá Rauða krossinum um flutninga til Srí Lanka. Þar reiknast okkur til að verðmiðinn sé 300.000 dalir [rúmar 38 milljónir króna] fram og til baka,“ segir Bratli.

Hannes Hilmarsson, forstjóri Air Atlanta, segir aðstæður á markaði hafa ráðið því að leitað var þessa samstarfs við norska félagið, en vegna efnahagssamdráttar hefur á heimsvísu orðið 25 til 30 prósenta samdráttur í fraktflugi.



**HANNES HILMARSSON**

„Við vorum með vél sem var að losna af samningi í Mið-Austurlöndum og hún endaði sitt flug í Evrópu. Frekar en að láta hana standa fórum við með hana til Oslóar og í samstarf við þetta norska félag,“ segir hann. Fyrsta kastið er gert ráð fyrir að leigja vélina í stök verkefni, segir Hannes, en jafnframt sé verið að kanna frekari tækifæri á markaði með Sunt Air. „Við horfum til þess hvort aðstæður leyfi að hefja áætlunarflug með vörur út úr þessum markaði. Við erum svona að hugsa dálítið „út fyrir boxið“ með að finna þessari vél verkefni sem annars hefði staðið aðgerðalaus.“

Helst segir Hannes horft til tækifæra í að flytja lax og iðnaðarvarning til Bandaríkjanna. „En þetta er dæmi sem þarf að skoða vandlega,“ segir hann. Ekki verði farið út í áætlunarferðir með frakt án þess að það dæmi hafi verið reiknað til enda og vélin nýtist báðar leiðir.

Í viðtali e24.no við forstjóra Sundt Air kemur jafnframt fram að forsvarsmenn félagsins séu í góðu sambandi við framleiðendur fiskmetis í Noregi og hafi þegar hafið viðræður við framleiðendur víðar á Norðurlöndum.

Sundt Air er í eigu fjölskyldu milljarðamæringsins Pette C. G. Sundt og nokkuð gróið á sínu sviði í umsýslu flugvéla og leigu á einkaþotum. Félagið er sagt skuldlítið og í góðri stöðu til að kanna ný tækifæri á markaði með Air Atlanta.

**olikr@frettabladid.is**


Orkuveita Reykjavíkur

Jónsmessuganga á Hengilinn

**Sunnudaginn 21. júní** verður farin gönguferð upp á Hengil. Gengið verður upp Sleggjubeinsskarð og upp á Vörðuskeggja sem er 805 metra hár. Þaðan niður í Innstadal og niður Sleggjubeinsskarðið. Gangan tekur um fimm klukkustundir og er frekar erfið, að jafnaði um brattar fjallshlíðar. Nauðsynlegur búnaður: góðir gönguskór, góður hlífðarfatnaður og nesti. **Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól klukkan 20:00.** Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Almar Sigurðsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar. Ef veður verður tvísýnt verður gengin auðveldari leið.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 46311 05/09

• Allt dreifikerfi rafmagnsveitu er neðanjarðar og er því ekki sjónmengun eins og víða erlendis. www.or.is


Mats Josefsson, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, gefur breyttu frumvarpi blessun sína:

# Sátt að nást um eignarhaldsfélagið

Allgóð sátt hefur náðst um frumvarp um eignaumsýslufélag ríkisins í efnahags- og skattanefnd. Helst er deilt um hvernig stjórn félagsins skuli skipuð. Annarri umræðu um frumvarpið lauk á þingi í gær.

Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum og félagið sem stofna á til færst í áttina að því að verða „ráðgjafar og samræmingarfélag,“ svo notuð séu orð Péturs Blöndals, þingmanns Sjálfstæðisflokks í umræðum þingsins í gær.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar, kveðst mjög sáttur við hvernig til hafi tekist við að skapa sátt um frumvarpið, en málið vakti harðar deilur og viðbrögð þegar fyrst var við því hreyft að ríkið stofnaði sérstakt félag til að fara með eignarhald á „þjóðhagslega mikilvægum“ fyrirtækjum. Í umræðum á þingi kom fram að í þingnefndinni væru menn orðnir nokkuð samstíga um málið og urðu margir til að hrósa bæði samstarfinu og verkstjórninni í nefndinni.



**HELGI HJÖRVAR**

Helst er deilt um hvernig félaginu skuli skipuð stjórn, en fulltrúar Framsóknarflokksins í efnahags- og skattanefnd hafa gert athugasemdir við að ráðherra sé þar einráður. Fulltrúi Borgaraflokksins gerði einnig fyrirvara vegna þessa.

Helgi segir að farið verði yfir þetta mál í lokayfirferð nefndarinnar áður en frumvarpið fer aftur fyrir þingið og verður að lögum. „Ég býst við að við gefum okkur næstu viku til að ljúka umfjölluninni endanlega,“ segir hann.

Mats Josefsson, sænskur ráðgjafi forsætisráðuneytisins um endurreisn bankakerfisins, hreyfði fyrstur við hugmyndinni um eignaumsýslufélagið, en slík skipan gaf góða raun í bankakreppu í Svíþjóð. Helgi segist hafa látið þýða frumvarpsdrögin og bera þau undir Mats sem sé sáttur við þau eins og þau séu. **- óká**



**VERÐMÆTI SÓTT Í HAFIÐ** Á Alþingi bíður lokaafgreiðslu frumvarp um endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Verð olíu hækkar á ný

Olíuverð hækkaði á mörkuðum í gær og nálgaðist á ný 72 Bandaríkjadali tunnan. Hækkunin er rakin til væntra verðbólguáhrifa af auknum opinberum útgjöldum í Bandaríkjunum.

Olíuverð náði átta mánaða hámarki 11. júní og hefur haldist yfir 70 dölum á tunnuna í vikunni. AP fréttastofan segir hátt verð skýrast af því að fjárfestar séu bjartsýnni á það en áður að heimshagkerfið sé að ná jafnvægi eftir gífurlegan samdrátt.

Aukinheldur eru miðlarar á markaði sagðir fjárfesta í auknum mæli í hráolíu og öðrum iðnaðarvarningi til að verjast mögulegum verðbólguáhrifum og veikingu dollarsins. - óká



**OLÍUVINNSLA** Maður gengur meðfram olíuleiðslu á borpalli Venoco fyrir utan Kaliforníuströnd í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Seðlabankinn krefst skýringa á gjaldeyrisviðskiptum:

# Útflytjendur boðaðir til viðtals

Seðlabanki Íslands hyggst boða tíu til tuttugu stærstu útflutningsfyrirtæki landsins á fund til að fara yfir gjaldeyrisviðskipti þeirra. „Við munum setjast niður með þeim og fara yfir þeirra viðskipti,“ segir Tómas Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Seðlabanka Íslands.

Hann segir að bankinn muni fara yfir viðskipti einstakra fyrirtækja og ræða við þau um hvað að baki liggur. Hann bendir á að ýmislegt geti haft áhrif á gjaldeyristekjur, svo sem verðþróun afurða og aflabrögð. Hann segir að Seðlabankinn hafi sögulegt yfirlit yfir gjaldeyrisviðskipti fyrirtækjanna sem notað sé til að bera saman við þróun síðustu mánaða.

Tómas segir að grunur sé um að fyrirtæki geymi gjaldeyri á erlendum reikningum í stað þess að flytja hann til Íslands. Aðspurður segir hann það geta verið ákaflega dýrkeypt og mikið áhyggjuefni ef útflytjendur skili ekki gjaldeyri til landsins. Það haldi aftur af styrkingu krónunnar og seinki vaxtalækkunarferli Seðlabankans.

Þrír starfsmenn Seðlabanka Íslands fást einvörðungu við mál tengd gjaldeyrissvikum. Auk þess er starfsfólk Fjármálaeftirlitsins að rannsaka málið. - bþa



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Sérfræðingur Seðlabanka Íslands segir að slök skil á gjaldeyri geti seinkað vaxtalækkunarferli Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FARSÍMI** Póst- og fjarskiptastofnun segir fyrirséð að samdráttur efnahagslífsins hægi á þeirri þróun að fleiri taki upp notkun 3G-farsíma.

# Nova fær GSM 1800-leyfi PFS

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur úthlutað símafyrirtækinu Nova tíðniheimild á GSM 1800 MHz-tíðnisviðinu, án útboðs.

Ákvörðunin um úthlutunina er tekin að höfðu samráði við önnur fyrirtæki á fjarskiptamarkaði, þar sem jafnframt var til umfjöllunar framtíðarskipan tíðnisviðsins.

Þegar kallað var eftir athugasemdum var meðal annars vísað til þess að nokkur þeirra fyrirtækja sem fengið höfðu leyfi til uppbyggingar á 1800-tíðnisviðinu hefðu ekki staðið við skilyrði úthlutunarinnar og eitt leyfi meðal annars verið afturkallað. Þá komi aðstæður í efnahag þjóðarinnar til með að hafa áhrif á áform um uppbyggingu á þriðju kynslóðar farsímaneti (3G) og hægja á endurnýjun farsíma yfir í síma sem nýtt geti það kerfi. - óká



**Á BLAÐAMANNAFUNDI** Eva Joly ráðgjafi og Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra á blaðamannafundi í marslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Joly gagnrýnir SAS-flugfélagið

Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara vegna efnahagshrunsins og fyrrverandi rannsóknardómari í Frakklandi, er meðal þeirra sem harðlega hafa gagnrýnt norræna flugfélagið SAS fyrir tengsl við fyrirtæki í skattaparadís.

Í norskum fjölmiðlum hefur verið frá því greint að SAS hafi leigt sextán flugvélar af óþekktu fyrirtæki sem skráð er á Cayman-eyjum.

Eva segir viðskiptin algjörlega óviðunandi í viðtali við E24.no. Undir þau sjónarmið hefur meðal annars tekið Erik Solheim, ráðherra umhverfismála í Noregi.

SAS flugfélagið hefur hins vegar áréttað að félagið sé innan ramma laga sem gilda um viðskipti af þessu tagi.

Joly segir að heyra eigi fortíðinni til að óþekktir eigendur fái staðið á bak við rekstur norskra félaga og fyrirtækja. Hún segir að tekjur og skattgreiðslur þessara félaga eigi að vera uppi á borðum. - óká




GARÐ
PYLSUPARTÝ!
Allir fá grillaðar pylsur
kl 12-14 í dag
í eftirtöldum verslunum:
Skútuvogur
Grafarholt
Selfoss
Borgarnes
Ísafjörður
Reykjanesbær
Reyðarfjörður
Húsavík
Höfn
20% AFSLÁTTUR ÖLL GRILLÁHÖLD
Ís 10 kr í Skútuvogi
10 STJÚPUR 799
20 STJÚPUR 1499
Tráplöntu-tilboð
Gljámispill 499kr
Birkikvistur 799kr
Blátoppur 999kr
Fjallarós 999kr
BIRKI 80-100sm 699



PARTÝ
weber
15%
AFSLÁTTUR
ÖLL
GRILL FRÁ
weber
BLÓMAKASSI
OG 100sm SÝPRIS
3999
TAX FREE
TAX FREE
AF ÖLLUM
TRJÁKLIPPUM
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Eilífðarbaráttan fyrir jafnrétti kynja:

## Níutíu og fjórum árum síðar

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Kosningaréttur var baráttumál íslenskra kvenna í upphafi síðustu aldar. Margir áfangasigrar hafa unnist síðan í baráttunni fyrir samfélagi þar sem fullt jafnrétti ríkir milli kvenna og karla, og enn er barist.

Á þessari vegferð hafa margar og merkar konur lagt sitt af mörkum en stærstu skrefin í átt til jafnréttis unnust áreiðanlega á áttunda áratug síðustu aldar og fram á þann níunda, fyrir bein og óbein áhrif þeirrar hreyfingar kvenna sem kennd var við rauða sokka.

Nýfengnir áfangasigrar eru einnig talsvert merkir; kona í stóli forsætisráðherra í fyrsta sinn á Íslandi og hærra hlutfall kvenna á Alþingi en nokkru sinni fyrr. Því miður skiluðu síðustu þingkosningar þó ekki áframhaldi á því metnaðarfulla verkefni vinstristjórnarinnar að hafa kynjahlutfall ráðherra jafnt.

Nú þegar níutíu og fjögur ár eru síðan lög um kosningarétt kvenna voru undirrituð fer nokkuð nærri að konur hafi öðlast jafnrétti á við karla samkvæmt laganna hljóðan. Að auki eru í landinu sérstök jafnréttislög sem eiga að tryggja að ekki sé brotið á rétti kvenna vegna kynferðis þeirra.

Því fer þó fjarri að björninn sé unninn. Enn er alllangur vegur að jafnrétti kynjanna og á stundum virðist það í órafjarlægð. Það sem er óunnið er aukheldur allnokkuð erfiðara að festa á hönd en lagaumhverfið, því nú er fengist við hefðir, viðhorf, traust, gildismat og virðingu, svo eitthvað sé nefnt.

Meðal þess sem fest er í lög, og hefur verið um áratuga skeið, er að ekki megi mismuna fólki í launum eftir kynferði. Tölur um launamun kynjanna segja þó allt aðra sögu, sögu sem snýst um viðhorf, ekki bara þeirra sem launin greiða, heldur líka þeirra sem við þeim taka.

Hlutfall kvenna á valdapóstum samfélagsins, utan Alþingis, er ömurlegt, þrátt fyrir að konur gegni hér vissulega mikilvægum stjórnunarstörfum svo sem í háskólum og á stærsta sjúkrahúsi landsins. Á þessu sviði er við öflugt tregðulögmál að etja. Á toppi samfélagsins gilda leikreglur sem mótaðar eru af körlum og svo virðist sem konur nái ekki inn í þann innsta hring nema að hafa náð tökum á þeim leikreglum. Þetta verður að breytast. Í jafnréttissamfélagi mótast leikreglur af viðhorfum beggja kynja og slíkt samfélag er áreiðanlega bæði frjórra og skilvirkara en það sem við búum nú við, auk þess að vera að líkindum friðvænlegra.

Dr. Joyce Neu, hópstjóri viðbragðshóps Sameinuðu þjóðanna og Norska flóttamannasjóðsins á sviði sáttaumleitana, sem hér er stödd á ráðstefnu þar sem fjallað er um aukna þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og friðarferlum, var í viðtali í Fréttablaðinu í gær. Neu telur afar mikilvægt að konum fjölgi í friðarviðræðum, bæði sem sáttasemjurum og sem samningamönnum deiluaðila. Hún bendir á að almenningur, og þar með konur og börn, séu áttatíu til níutíu prósent fórnarlamba í vopnuðum átökum en að raddir þessa hóps heyrist aldrei við samningaborðið heldur eingöngu raddir hinna stríðandi fylkinga.

Þetta er talandi dæmi um mikilvægi þess að sjónarmið beggja kynja séu uppi á borði alls staðar í samfélaginu og alltaf. Baráttunni má ekki linna fyrr en því takmarki er náð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## SPOTTIÐ




**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Pólitísk lausung er veikleikamerki



ÞORSTEINN PÁLSSON

Flestir eru á einu máli um að endurreisn efnahagslífsins er möguleg. Hitt er er alveg sjálfstæð spurning hvort þannig verði haldið á málum að það takist. Fram hjá því verður ekki horft að ýmis veikleikamerki blasa við.

Viðfangsefnið er að tryggja stöðugleika í ríkisfjármálum, á vinnumarkaðnum, í peningamálum og í samskiptum við aðrar þjóðir. Á öllum þessum sviðum þurfa hlutirnir að ganga hratt og örugglega fyrir sig. Til þess að svo megi verða þarf pólitíska festu og stöðugleika. Er þetta að gerast?

Athyglisvert er að í ýmsum stórum málum hefur verið óvissa um hvort allir þingmenn ríkisstjórnarinnar styddu þau mál sem hún er með á prjónunum. Þetta á við aðildarumsókn að Evrópusambandinu og framtíðarstefnu í peningamálum, Icesave-samningana og sviptingu veiðiheimilda.

Þegar fyrstu skattahækkanir ríkisstjórnarinnar voru afgreiddar á dögunum var sama uppi á teningnum. Atfylgi sumra þingmanna stjórnarflokkanna kom ekki í ljós fyrr en við þriðju og síðustu umræðu málsins. Ofan á þetta kemur að heilbrigðisráðherrann talar áfram gegn samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eins og þegar hann var í stjórnarandstöðu.

Látið hefur verið í veðri vaka að þetta sé merki um ný lýðræðisleg vinnubrögð. Svo er þó ekki. Í reynd er hér um að ræða pólitískan veikleika. Þegar ríkisstjórn lendir í þeirri stöðu að þurfa stöðugt að berja í innbyrðis bresti er einfaldlega ekki næg orka í önnur viðfangsefni. Hættan er líka sú að þessi staða dragi smám saman kjarkinn úr ríkisstjórninni til að taka á viðfangsefnunum af því afli sem þarf.

Við venjulegar aðstæður getur pólitískur veikleiki af þessu tagi gengið í einhver ár án stórs skaða. Eins og nú háttar til er hann hins vegar hættumerki. Það gæti þýtt að endurreisnin dragist á langinn.

## Skortur á markvissri kerfisbreytingu

Meðan gjaldeyrishöftin eru við lýði verður engin endurreisn. Meðan bankarnir mara í hálfu kafi verður engin endurreisn. Meðan gula spjald Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er á lofti og við fáum ekki umsamin lán afgreidd verður engin endurreisn. Spurningin er: Leysa þau mál sem nú eru á döfinni um þessa bóndabeygju?

Viðræður aðila vinnumarkaðarins við ríkisstjórnina eru ljós punktur í stöðunni. Stöðugleiki á vinnumarkaði er ein af helstu forsendum endurreisnarinnar. Greinilegur vilji er til að gera stöðugleika á þessu sviði að veruleika. Að einhverju leyti á að kaupa þann frið með aukinni verðbólgu. Það getur verið réttlætanlegt ef annað helst í hendur.

Þá er það spurningin um ríkisfjármálin. Þau eru stærsti höfuðverkurinn. Á alla hefðbundna mælikvarða eru þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur nú þegar tekið á þessu sviði umfangsmiklar. En um margt eru þær ekki sannfærandi þegar horft er á þá sérstöku stöðu sem nú ríkir.

Með hæfilegri einföldun má segja að ráðagerðir ríkisstjórnarinnar sýnist vera of hefðbundnar við algjörlega óhefðbundnar aðstæður. Kjarni málsins felst í þeirri staðreynd að skattahækkanir hafa of mikið vægi en endurskipulagning ríkiskerfisins of lítið.

Framtíðaráformin eru enn að stórum hluta til á huldu. En að því leyti sem þau hafa komið fram er þar ekki að finna vísbendingar um þá róttæku endurskipulagningu opinberra umsvifa sem nauðsynleg er til að skapa vissu um að ætlunarverkið muni takast þegar upp verður staðið. Ósanngjarnt væri að segja að ríkisstjórnin hefði setið með hendur í skauti. Hún hefur hins vegar ekki enn skapað trú á að áform hennar í ríkisfjármálum dugi.

## Valkosturinn við samninga er ófæruleið

Samskipti Íslands við umheiminn eru einn af hornsteinum stöðugleika og endurreisnar. Samningana við Breta og Hollendinga um Icesave-reikninga Landsbankans verður að skoða í því ljósi. Að því leyti eru þeir nauðungarsamningar að bankastjórar og bankaráð Landsbankans komu Íslandi í þá stöðu að fjármálaleg samskipti landsins hafa lotið sömu lögmálum og gilda um hryðjuverkamenn. Stjórnvöld verða að koma landinu úr þeim fjötrum.

Fyrri ríkisstjórn kaus að fara samningaleiðina að því marki. Það var raunsætt mat. Alþingi samþykkti þá stefnumörkun. Núverandi ríkisstjórn valdi að fylgja henni þó að aðeins annar stjórnarflokkanna bæri ábyrgð á upphaflegri ákvörðun þar um. Samningsniðurstaðan er hins vegar alfarið á ábyrgð núverandi ríkisstjórnarflokka.

Aðrir kostir voru ófæruleiðir. Síðasti möguleiki til að reyna við þær ófærur var við myndun núverandi ríkisstjórnar í lok janúar. Enginn þeirra þriggja flokka sem tóku ábyrgð á þeirri stjórnarmyndun gerði þá kröfu um breytta stefnu.

Réttilega má deila um niðurstöðu samningsins. Það varð fjármálaráðherranum til pólitísks lífs að draga til baka fullyrðingu um að hún væri glæsileg. En það væri óðs manns æði að fella samningana á Alþingi eins og málum er komið. Ríkisstjórnin ber alla ábyrgð á að koma þeim í gegn.

Þeir þingmenn og ráðherrar stjórnarflokkanna sem lýst hafa efasemdum eða andstöðu verða einfaldlega að skipta um skoðun. Í sjálfu sér er engin hætta á öðru. Völdin eru sætari en svo. Sinnaskiptin verða skýrð með því að nýjar upplýsingar hafi komið fram við meðferð málsins. Það hefur nú á vorþinginu orðið að eins konar löggiltri sinnaskiptaástæðu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*






**36 nemendur brautskráðir með MPM gráðu** (Master of Project Management) **frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ**

Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ og MPM námið óska nemendum sínum innilega til hamingju með áfangann. Við erum afar stolt af nemendum okkar, boðberum nýrrar hugsunar og aukinnar skilvirkni sem á eftir að gagnast íslensku atvinnulífi, jafnt sem erlendu. Við óskum þeim velfarnaðar í leik og starfi.

MPM nám er stjórnunarnám með sérstakri áherslu á verkefnastjórnun og leiðtogafræði. Nemendur hafa undirgengist alþjóðlega vottun (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni.

**Ath. Opið fyrir skráningu, nokkur sæti laus.**

**Í dag, laugardaginn 20. júní, kl. 11.00 verður formleg athöfn í Hátíðarsal HÍ til að fagna þessum tímamótum.**

**www.mpm.is**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ
IÐNAÐARVERKFRÆÐI-, VÉLAVERKFRÆÐI- OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

Fíton/SÍA

# Ógn við öryggi og sjálfstæði þjóðar – og framtíð evrópsks samstarfs

**UMRÆÐAN**
Herdís Þorgeirsdóttir skrifar um Icesave-samninga

Fámenn þjóð á hjara veraldar stendur ein andspænis voldugum nágrannaríkjum, þjóðum sem hún til langs tíma hefur álitið vinaþjóðir. Þessari þjóð sem háð hefur harða lífsbaráttu á mörkum hins byggilega heims í meira en þúsund ár er gert að kokgleypa samning um óviðráðanlegar skuldir sem kunna að gera út af við efnahagslegt sjálfstæði hennar og skerða grundvallarréttindi þeirra sem áttu engan þátt í að stofna til þeirra. Skuldir sem urðu til í útrás fjármálafyrirtækja, sem uxu ríkinu yfir höfuð þegar þau tóku þátt í darraðardansi óheftrar markaðshyggju. Íslenska ríkið hafði gengið til samstarfs við aðrar Evrópuþjóðir með undirritun EES-samningsins 1993, sannfært um að evrópskt efnahagssvæði myndi stuðla að uppbyggingu Evrópu á grundvelli friðar, lýðræðis og mannréttinda eins og segir í inngangsorðum samningsins. Þar áréttuðu þessi ríki náin samskipti sín, sameiginlegt gildismat frá fornu fari og evrópska samkennd.

Bretar og Hollendingar eru stofnaðilar að Evrópuráðinu og ásamt Íslendingum í hópi fyrstu Evrópuþjóðanna til að undirrita Mannréttindasáttmála Evrópu 1950. Á rústum síðari heimsstyrjaldarinnar strengdu þessar þjóðir heit um að virða mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Þegar lagður var grunnurinn að stofnun Evrópuráðsins 1949 sagði Winston Churchill forsætisráðherra Breta að þessi ríki hefðu ekki tekið höndum saman gegn öðrum kynþáttum eða þjóðum heldur gegn kúgun og harðstjórn sem birtist í alls konar dulargervum. „Við verðum að hefja okkur yfir hömlulausar, eigingjarnar hvatir sem hafa sundrað þjóðum Evrópu og breytt þeim í rústir,“ sagði hann. Nú sextíu árum síðar stöndum við andspænis tveimur voldugum þjóðum sem í bandalagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eru að gera atlögu að íslenskum almenningi, börnum okkar og framtíð. Þær krefjast þess að stjórnvöld geri samninga fyrir hönd barna okkar og barnabarna, samninga sem munu bera fámenna þjóð ofurliði. Bretar eru komnir langan veg frá þeim hugsjónum sem birtast í ræðu Churchills eftir stríð og minna má Hollendinga á óráðsíu og sífelld gjaldþrot Rembrandts. Sem betur fer voru skuldunautarnir ekki utanlands því þá hefðu meistaraverkin verið flutt úr landi.


HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR

Er það skylda okkar að greiða fyrir þessa reikninga? Ef svarið er afdráttarlaust já hví hræðast þessar þjóðir dómstólaleiðina eða alþjóðlegan gerðardóm? Hví ganga þessar þjóðir á skjön við þann grunn, sem Evrópusambandið byggir tilverurétt sinn á sem eru hin sameiginlegu gildi Evrópu? Ef þær gera það þá liðast Evrópusambandið í sundur. Evrópusambandið með sinn innri markað og markmið um hagsæld hefur staðfest með breytingum á Rómarsáttmálanum að virðing fyrir grundvallarréttindum er forsenda fyrir því að annað gangi, líka fjármálamarkaðir. Bandalag var lykilorðið í stofnun Evrópubandalagsins. Minni á orð Roberts Schumans, eins af stofnendum Evrópuráðsins og kola- og stálbandalagsins, forvera Evrópubandalagsins, manns sem skildi út á hvað evrópsk samvinna ætti að ganga, ekki út á „hernaðarbandalag og ekki aðeins út á efnahagslegu einingu heldur fyrst og fremst út á hið siðmenntaða bandalag í víðtækasta skilningi þess orðs.“ Forystumenn Evrópuríkja sem nota eða nýta sér tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að kúga fámenna þjóð eru komnir svo langt frá þeim stórhuga mönnum sem stofnuðu Evrópuráðið, þeirri siðmenntuðu hugsun sem þar réði för, að þeir eiga meira sameiginlegt með rústunum en hugmyndinni um réttarríkið og virðingu fyrir mannréttindum. Sú leið sem hér hefur verið farin sýnir að fleira hefur skemmst í alþjóðavæðingu viðskipta en fjárhagslegir hagsmunir. Forystumenn þessara þjóða eru að koma fram við íslensku þjóðina af fádæma óvirðingu.

Íslenska þjóðin stofnaði ekki til þessara skulda. Hvaðan kemur henni skyldan til að greiða skuldir sem einkaaðilar stofnuðu til eftir að bankarnir fóru úr ríkiseigu? Einkavæðing fyrirtækja og afnám miðstýringar og reglna var fylgifiskur alþjóðlegra viðskipta og fjármagnsflæðis yfir landamæri. Stjórnvöld kváðust vera að draga úr eigin áhrifum með því að gefa markaðinum svigrúm. Þær voru lágværar raddirnar – einstakra fræðimanna, sem bentu á hættur þessarar þróunar þar sem stórfyrirtæki myndu vaxa ríkjum yfir höfuð – fjármálareglur fylgdu ekki ógnvænlegri hnattvæðingu sem studd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðaviðskiptastofnunni sem hafa vanrækt að gefa því gaum hvaða samfélagslegu áhrif framganga þeirra hefur á samfélög.

Setning Evróputilskipana sem var liður í að mynda sameiginlegan markað fyrir banka- og verðbréfaþjónustu innan EB áttu að koma á samræmdum reglum og eftirlitskerfi sem ætlað var að efla öryggi fjármálaþjónustu, verjast kerfisáhættu, auka neytendavernd og stuðla að skilvirkum og samkeppnishæfum markaði á þessu sviði. Stofnaður var tryggingarsjóður innistæðueigenda með lögum 98/1999 og skyldu aðildarfyrirtæki ekki bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram lögbundin framlög til hans. Stefán Már Stefánsson prófessor og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður hafa bent á sterk lögfræðileg rök um að íslensku þjóðinni beri ekki að endurgreiða þeim innistæðueigendum sem lögðu inn í útibú íslensku bankanna fyrir hrunið. Þeim rökum hefur ekki verið hnekkt. Þeir benda á að ríkisábyrgð verði ekki til úr engu. Til þess að ríkisábyrgð stofnist þarf afdráttarlausa lagaheimild sem ekki er til staðar nú vegna tryggingarsjóðsins.

Það má benda á atriði sem veikja stöðu íslenskra stjórnvalda, eins og skort á eftirliti með útibúum erlendis; yfirlýsingar ráðamanna í samtölum í miðju fátinu þegar hér verður kerfishrun og neyðarlög eru sett. En skuldbindur slíkt komandi kynslóðir? Ríkisábyrgð verður ekki til í samtölum manna á milli. Setning hryðjuverkalaga á íslenskan banka er einnig stórfellt álitamál í þessu samhengi. Þessi álitaefni æpa á meðferð dómstóla eða óháðra úrskurðaraðila.

Þetta eru þó ekki aðeins lögfræðileg álitaefni, þau snúast einnig um pólitík en fyrst og síðast um siðferði í samskiptum á milli þjóða. Einn þekktasti lögspekingur 20. aldarinnar, Louis Henkin, sagði að alþjóðalög vikju alltaf fyrir þjóðarhagsmunum. Engin þjóð beygir sig undir lög sem ógna öryggi hennar og sjálfstæði. Þjóðir gera samninga sín á milli og grundvallarregla í þjóðarétti er að samninga beri að virða. En ekki nauðasamninga. Ekki samninga sem er fyrirséð að ekki er hægt að standa við. Icesave-samningarnir eru eins og Versalasamningarnir þar sem sigurvegarar fyrri heimsstyrjaldarinnar, Bandaríkin, Bretar og Frakkar sömdu um þær stríðsskaðabætur sem Þjóðverjar skyldu borga án þess að Þjóðverjar kæmu að þeim samningum.

Með þessum samningum er gerð aðför að einstaklingum sem byggja þetta land til frambúðar. Öryggi íslensku þjóðarinnar og sjálfstæði er ógnað. Forsvarsmenn þessara ríkja setja inn í samninginn að þeim verði gert kleift að gera fjárnám í eigum íslensku þjóðarinnar ef hún getur ekki staðið í skilum. Ásælast forsvarsmenn þessara nágrannaþjóða náttúruauðlindir okkar? Hve langt eru þeir ekki komnir frá þeim hugsjónum sem evrópsk samvinna byggir á? Hvar er evrópska samkenndin? Vilja þeir að ungir Íslendingar yfirgefi landið sitt þannig að því blæði? Vilja þeir hneppa næstu kynslóð í fjötra skulda? Vilja þeir draga niður lífskjör heillar þjóðar til framtíðar? Vilja þeir Gullfoss, Geysi og Þingvelli? Við myndum aldrei gera kröfu um Shakespeare og Rembrandt. Á maður að trúa því að eftir 60 ár af evrópsku samstarfi þá standi aðeins ein evrópsk þjóð með íslensku þjóðinni – og hún er enn fámennari.

Við getum þráttað endalaust um að setning neyðarlaga eða að gallar í evópskri löggjöf hafi kallað yfir saklausa þjóð ábyrgð. Á meðan blæðir okkur út. Þessar voldugu þjóðir treysta sér ekki til að fara dómstólaleiðina eða kalla á úrskurð óháðra aðila utan lögsögu hlutaðeigandi ríkja. Þó er ljóst að hin lögfræðilegu álitaefni snúast ekki um tæknilegar útfærslur á lagaákvæðum heldur grundvallarspurningar í þjóðarétti.

Hví taka þessar þjóðir þá ekki allt eignasafnið sem á að duga langleiðina fyrir Icesave-innistæðunum og láta áhættuskiptin eiga sér stað hér og nú? Þær hafa mannafla og aðstöðu til að gera sem mest úr þessum eigum innan sinnar lögsögu. Þessar fjölmennu evrópsku þjóðir þurfa ekki að óttast að með því móti bresti stíflan og enginn muni lengur taka mark á Evrópusambandinu og að hinn innri markaður muni hrynja. Ábyrgð þeirra er mikil. Nú reynir á hvort þar eru stjórnspekingar í ætt við þá sem hófu evrópska samvinnu upp úr rústum mikilla hörmunga fyrir meira en hálfri öld. Raunveruleg stjórnkænska er að þora að gera hið ómögulega og takast það. Lymska er heigulsháttur. Íslendingar efast sumir hvort þeir eigi, svo vitnað sé í Shakespeare „að þreyja þolinmóðir í grimmu éli af örvum ógæfunnar eða vopn grípa mót bölsins brimi og knýja það til kyrrðar.“ Hvorugt kann góðri lukku að stýra – hvorki fyrir Íslendinga né fyrir evrópska samvinnu. Voldugar evrópskar þjóðir hafa í hendi sér framtíð evrópskrar samvinnu. Ef hún hefst á atlögu gegn fámennri þjóð með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru það váleg tíðindi fyrir framtíð Evrópu.

*Höfundur er prófessor og doktor í lögum frá lagadeildinni í Lundi.*




# Hvað verður um þegna þessa lands?

**UMRÆÐAN**
Björg Þórðardóttir skrifar um samfélagsmál

Ég hef velt því fyrir mér síðustu daga hvort ég búi virkilega í sama landi og þau Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Það eru þau og flokkssystkini þeirra sem eru afrakstur „Búsáhaldabyltingarinnar“ og stór hluti þjóðarinnar lagði traust sitt á að þau kæmu hinum almenna borgara til hjálpar. Leiðréttu skuldastöðu heimilanna og kæmu bönkum í starfhæft ástand þannig að þeir færu að sinna fjárþörf fyrirtækjanna svo hjólin færu að snúast á nýjan leik.


BJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR

Ég ætla ekki að fara í það hlutverk að túlka þá stöðu sem kom upp sl. haust, læt öðrum það eftir því nú keppist fólk við að koma sínum skýringum á hruninu á spjöld sögunnar og hver bókin af annarri kemur út um það. Bloggarar landsins hafa ekki legið á liði sínu og hefur verið fróðlegt að skoða margt af því sem komið hefur fram í bloggheimum.

Væntanlega eru nú þúsundir Íslendinga agndofa yfir þeirri ákvörðun ríkisstjórnar landsins að hafa haft það sem forgangsverkefni að ganga til samninga við Breta um Icesave-reikningana með þeim hætti sem við höfum verið upplýst um í fjölmiðlum.

Nær hefði verið fyrir ríkisstjórnina að hafa það sem forgangsverkefni að horfast í augu við þá slæmu stöðu sem heimili og fyrirtæki landsins standa frami fyrir og greiða úr vandamálum þeirra á raunhæfan hátt. Leiðrétta þarf þá miklu hækkun á höfuðstól íbúðalána sem átt hefur sér stað með því mikla og óraunhæfa skriði vísitölunnar. Sú leiðrétting ætti að gilda frá 1. janúar 2008 til dagsins í dag.

Í framhaldi af því þarf að afnema vísitölubindingu lána hér á landi. Einnig ætti að kanna leiðréttingu lána fyrirtækja með sama hætti.

Hagsmunasamtök heimilanna eru samtök sem þú lesandi góður ættir að skrá þig í. Meðlimir í samtökunum eru á þriðja þúsund og hægt er að skrá sig í samtökin á vefsíðunni www.heimilin.is Með þátttöku þúsunda Íslendinga í þessum samtökum verður vonandi hægt að koma stjórnmálamönnunum í skilning um að þeir þurfi að vinna fyrir fólkið í landinu. Þeir þurfa að hlusta á þá kröfu samtakanna að gera leiðréttingu á höfuðstól íbúðarlána og afnema vísitölubindingu lána í kjölfarið.

Snúum bökum saman og mótmælum aðgerðaleysi stjórnvalda. Það þarf að grípa til áhrifameiri aðgerða en að lemja potta og pönnur. Nú er það ykkar lesendur góðir að koma með tillögur um hvað gera skal og koma þeim á framfæri á heimasíðu Hagsmunasamtaka heimilanna www.heimili.is. Gerum þessi samtök að virku afli.

Því það sem blasir við þjóðinni í okkar góða landi er að heimilin og fyrirtækin eru að brenna upp.

*Höfundur er markaðs- og sölustjóri.*


Way of Life!
SUZUKI
Sumarsýning Suzuki í Skeifunni
Laugardaginn 20. júní frá kl. 12-17
Visthæfur bíll
Græn skref í Reykjavík
Alto
Frumsýnum SUZUKI ALTO
Nýjan sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum! Hagstætt verð, ódýr í rekstri, nýr skynsamlegur valkostur frá Suzuki.
Bjóðum þeim sem koma og reynsluaka Suzuki upp á frían þvott hjá Bónstöð Jobba.
Grillaðar SS pylsur og Coke Zero frá Vífilfelli.
Frábær sýningartilboð á völdum nýjum bílum.
Sýning á öllu frá Suzuki: Bílum, mótorhjólum, fjórhjólum, utanborðsmótorum.
SUZUKI SPARNEYTNI
SUZUKI
TRAUST UMBOÐ Í 40 ÁR
SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS
Hugtök ehf. júní 09




# KONUR

# SJÓVÁ KVEN

## TÖKUM ÞÁTT – HEILSUNNAR VEG

**GARÐABÆ, GARÐATORGI KL. 14:00**

Dagskráin hefst kl. 13:30

Hrafnkell og Jónsi í Svörtum fötum
Helga Braga með skemmtiatriði
Kvennatríó frá FÍH syngur söngleikjalög
Sjóvá kórinn
Úthlutun úr 19. júní sjóði
Elsti þátttakandinn fær viðurkenningu
Upphitun og teygjur í umsjón Lindu í Hress
Listgjörningur listakvenna í Garðabæ

**AKUREYRI, RÁÐHÚSTORGIÐ KL. 11:00**

Upphitun hefst kl. 10:45

**MOSFELLSBÆR KL. 11:00**

Upphitun hefst kl. 10:45

Allir þátttakendur fá Egils Kristal og verðlaunapening.
Frítt í sund að loknu hlaupi.

| Staður | Hlaupið frá |
|---|---|
| Garðabær | Garðatorgi kl. 14:00 |
| Vogar | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 |
| Keflavík | Sundmiðstöðinni við Skólaveg kl. 11:00 |
| Grindavík | Sundmiðstöð Grindavíkur kl. 11:00 |
| Sandgerði | Íþróttahúsinu kl. 11:00 |
| Garður | Íþróttamiðstöðinni Garði kl. 11:00 |
| Mosfellsbær | Íþróttamiðstöðinni að Varmá (gervigrasvellinum) kl. 11:00 |
| Kjós | Kaffi Kjós kl. 14:00 |
| Akranes | Dvalarheimilinu Höfða kl. 10:30 |
| Hvalfjarðarsveit | Stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3 kl. 11:00 |
| Borgarnes | Íþróttamiðstöðinni kl. 12:00 |
| Hvanneyri | Íþróttavellinum kl. 11:00 |
| Kolbeinsstaðahreppur | Akurholti kl. 13:30 |
| Stykkishólmur | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 |
| Flatey Breiðafirði | Samkomuhúsinu í Flatey (Hótelinu) kl. 13:30 |
| Grundarfjörður | Íþróttahúsinu kl. 12:00 |
| Ólafsvík | Sjómannagarðinum kl. 11:00 |
| Snæfellsbær | Lýsuhólsskóla kl. 11:00 |
| Búðardalur | Samkaup í Búðardal kl. 11:00 |
| Reykhólahreppur | Grettislaug á Reykhólum kl. 11:00 |
| Ísafjörður | Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11:00 |
| Bolungavík | Hrafnakletti kl. 10:30 |
| Súðavík | Gamla pósthúsinu kl. 11:00 |
| Flateyri | Sundlauginni kl.13:00 |
| Suðureyri | Sundlauginni kl. 11:00 |
| Patreksfjörður | Bröttuhlíð kl. 12:00 |
| Barðaströnd | Innri-Múla kl. 21:00 |
| Bíldudalur | Slökkvistöðinni kl. 14:00 |
| Þingeyri | Íþróttamiðstöð Þingeyrarodda kl. 10:30 |
| Hólmavík | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 |
| Drangsnes | Fiskvinnslunni Drangi kl. 11:00 |
| Hvammstangi | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 |
| Blönduós | Grunnskólanum á Blönduósi kl. 11:00 |
| Skagaströnd | Íþróttahúsinu Skagaströnd kl. 11:00 |
| Sauðárkrókur | Sundlaug Sauðárkróks kl. 11:00 |
| Hólar | Hólaskóla kl. 11:00 |
| Varmahlíð | Sundlauginni í Varmahlíð kl. 11:00 |
| Hofsós | Félagsheimilinu Höfðaborg Hofsósi kl. 11:30 |
| Fljót | Haganesvík - Sólgarðaskóla kl. 11:00 |
| Siglufjörður | Torginu kl. 11:00 |
| Akureyri | Ráðhústorginu kl. 11:00 |
| Eyjafjarðarsveit | Hrafnagilsskóla kl. 11:00 |
| Grenivík | Íþróttamiðstöðinni kl. 10:00 |
| Dalvík | Sundlauginni kl. 11:00 |
| Ólafsfjörður | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 |
| Hrísey | Eyjabúðinni kl. 14:00 |
| Húsavík | Sundlaug Húsavíkur kl. 11:00 |
| Laugar | Húsmæðraskólanum á Laugum kl. 10:00 |
| Mývatn | Íþróttamiðstöðinni kl. 14:00 |
| Kópasker | Heilsugæslunni á Kópaskeri kl. 11:00 |
| Raufarhöfn | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 |
| Þórshöfn | Íþróttamiðstöðinni Ver kl. 11:00 |
| Bakkafjörður | Grunnskólanum kl. 11:00 |
| Vopnafjörður | Skrifstofu Einherja, Hafnarbyggð 4 kl. 11:00 |
| Egilsstaðir | Tjarnargarðinum kl. 11:00 |
| Seyðisfjörður | Íþróttahúsinu kl. 11:00 |
| Reyðarfjörður | Andapollinum á Reyðarfirði kl. 11:00 |
| Eskifjörður | Sundlaug Eskifjarðar kl. 11:00 |
| Neskaupstaður | Kaffihúsinu Nesbæ kl. 11:00 |
| Fáskrúðsfjörður | Sundlaug Fáskrúðsfjarðar kl. 10:00 |
| Stöðvarfjörður | Veitingahúsinu Brekkunni kl. 11:00 |
| Breiðdalsvík | Íþróttamiðstöð Breiðdalshrepps kl. 11:00 |
| Djúpivogur | Íþróttamiðstöðinni kl. 10:00 |
| Höfn | Sundlaug Hafnar kl. 13:00 |
| Selfoss | BYKO Langholti kl. 13:00 |
| Sólheimar | Grænu könnunni, Sólheimum kl. 11:00 |
| Gnúpverjahreppur | Félagsheimilinu Árnesi kl. 13:30 |
| Úthlíð | Úthlíð kl. 11:00 |
| Hraunborgir Grímsnesi | Þjónustumiðstöðinni Grímsnesi kl. 14:00 |
| Flóahreppur | Mjósyndi Flóahreppi kl. 11:00 |
| Hveragerði | Sundlauginni kl. 11:00 |
| Ölfus | Gljúfri 18. júní kl. 18:00 |
| Þorlákshöfn | Íþróttamiðstöðinni 18. júní kl. 20:00 |
| Eyrarbakki | Gónhól kl. 12:00 |
| Stokkseyri | Sundlaug Stokkseyrar kl. 11:00 |
| Laugarvatn | Íþróttahúsinu á Laugarvatni kl. 14:00 |
| Hella | Sundlauginni á Hellu kl. 11:00 |
| Þykkvibær | Borg 17. júní kl. 11:00 |
| Hvolsvöllur | Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli kl. 10:00 |
| Grandavör | Grandavör kl. 14:00 |
| Seljalandsfoss | Seljalandsfossi kl. 14:00 |
| Vík | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 |
| Kirkjubæjarklaustur | Íþróttamiðstöðinni Klaustri kl. 11:00 |
| Vestmannaeyjar | Íþróttamiðstöðinni Vestmannaeyjum kl. 12:00 |

**www. sjova.is**

**Þátttökugjald 1.000 kr.**

# NAHLAUP ÍSÍ

## GNA – LAUGARDAGINN 20. JÚNÍ

Krabbameinsfélagið

Konur sem fæddust árið sem fyrsta Kvennahlaupið var haldið eru nú boðaðar í sína fyrstu krabbameinsskoðun. Einn af hverjum þremur Íslendingum fær krabbamein á lífsleiðinni. Með því að þekkja einkennin, stunda heilbrigt líferni og mæta reglulega í skoðun eykur þú verulega líkurnar á að sigrast á þessum erfiða sjúkdómi.

LÝÐHEILSUSTÖÐ

Ísland á iði Hreyfa sig!

20 ÁRA

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

Í tilefni af 20 ára afmæli Sjóvá Kvennahlaups ÍSÍ, þann 20. júní geta þátttakendur á aldrinum 18-55 ára sótt um að fá fría líftryggingu að upphæð 1 milljón króna í eitt ár. Það eina sem þú þarft að gera er að fylla út umsókn á þínum hlaupastað.

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 09-0777

# Kirkjan skilar mannauði

UMRÆÐAN
Bára Friðriksdóttir skrifar um gjöld kirkjunnar


BÁRA FRIÐRIKSDÓTTIR

Hinn 26. maí sl. birtist grein í Fréttablaðinu eftir Guðmund Guðmundsson, um að Þjóðkirkjan sé undanþegin fasteignaskatti og lóðagjöldum. Þar vísar hann í lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Honum finnst ekki ástæða til þess að nefna að allar kirkjur og bænhús annarra trúfélaga sem eru skráð hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fá sama afslátt. Í 5. gr. laganna er líka tiltekið að safnhús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni eru undanþegin sama skatti. Einnig lætur hann liggja á milli hluta að sendiráð erlendra ríkja hér á landi og hús alþjóðastofnana eru undanþegin fasteignaskatti og lóðaréttindum. Guðmundur talar um lóðagjöld en í lögunum segir að ofantaldar stofnanir hljóti niðurfellingu á lóðarréttindum. Fasteignagjöld samanstanda af fasteignaskatti, lóðaleigu, sorphirðugjaldi, holræsagjaldi og vatnsgjaldi og fá ofantaldir aðilar niðurfellingu á fyrstu tveim liðunum, af hinum greiðir Þjóðkirkjan sín gjöld.

### Afsláttur fasteignagjalda

Auk afslátta af gjöldum til ofangreindra aðila fella sveitarstjórnir oft niður fasteignaskatt fleiri aðila. Þær hafa heimildir í lögum nr. 4/1995 sjá 5. gr. „Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf.“ Neðar í sömu grein er vísað til heimildar sveitarstjórna að veita afslátt eða niðurfellingu til tekjulágra elli og örorkuþega. Víða gefa sveitarfélög eldri borgurum afslátt á fasteignagjaldi. Vonandi halda þeir ívilnun þó að þrengi að því þeir hópar þurfa sannarlega á fjárstuðningi að halda. Einnig hafa íþróttafélög víða fengið afslátt. Vonandi fær hann að halda sér í kreppunni því öll félögin fyrir utan sendiráðin í 5. gr. 4/1995 vinna að mannúðarmálum og öll að bættu samfélagi.

Þjóðkirkjan leggur fram þjónustu við mikið félagsstarf frá vöggu til grafar, t.d. æskulýðsstarf sem hefur mikið forvarnargildi.

### Þjóðkirkjan og aðrir

Guðmundur talaði um 16 kirkjur í Reykjavík með fasteignamat upp á 6 milljarða. Þær eru reyndar 15 (kannski telur hann Seltjarnarneskirkju með) og er fasteignamat þeirra auk safnaðarheimila 5.848.320.000 krónur. Hann gerir ráð fyrir 100 milljónum í fasteignagjöld. Af B-flokki fasteigna í Reykjavík reiknast mér að fasteignagjöldin séu 401.345.542 kr. þar af greiðir kirkjan 324.147.718 kr. Hann sér ofsjónum yfir þessum afslætti hjá Þjóðkirkjunni.

Til að átta sig á þessu í samhengi við annað og víkka myndina má nefna að fasteignamat íþróttahússins Fjölnis í Grafarvogi er 1.374.650.000. Það er eitt stakt hús, byggt alfarið á kostnað Reykjavíkurborgar. Það hefur rétt á að sækja um fasteignaskattsafslátt og fær góða styrki, eins og önnur íþróttafélög frá borginni. Væri réttlátt að antisportistar heimtuðu að notendur stæðu undir öllum kostnaðinum? Íþróttamannvirki, kirkjur, safn- og menningarhús, allt er þetta samfélagsauður þegar það er notað til uppbyggingar og viðhalds góðu mannlífi. Við eigum að styðja það.

Guðmundur hafði allt á hornum sér varðandi Hallgrímskirkju og núverandi viðhaldskostnað sem hann taldi allan úr vasa skattborgara. Bygging Hallgrímskirkju var alfarið ákvörðun Alþingis, enda ekki á færi safnaðarins að standa undir henni. Núverandi viðhald skiptist jafnt á milli ríkis, borgar og Hallgrímskirkju það ég best veit. Það kemur kannski sumum á óvart en Hallgrímskirkja er fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi. Þar koma 300.000 ferðamenn á ári, það er fyrir utan allt safnaðarstarf og tónleikahald. Á veraldarvefnum flokkast hún sem ein af 10 einstæðustu kirkjum í heiminum þó að Guðmundur sjái ekkert fallegt við hana (sjá til dæmis „10 most unique churches“ á google).

### Viðhald kirkna

Viðhaldskostnaður kirkna leggst almennt að langmestu leyti á viðkomandi sókn. Það eru félagsgjöld þjóðkirkjufólksins sem borga. Auk þess getur sóknin sótt um styrk í jöfnunarsjóð kirkna en hann er hlutfallslega lítill, enda eiga margar kirkjur í vanda með viðhald. Það er ekki spennandi að skera niður gróskumikla starfsemi svo að steinninn haldi sér. Þess vegna skiptir félagsgjald skráðra þjóðkirkjumeðlima miklu máli. Ríkið innheimtir gjaldið, 855 krónur á mánuði af 16 ára og eldri og skilar kirkjunni. Það kostar þig 10.260 krónur að vera í kirkjunni á ári og ekkert fyrir börnin. Af þessari innkomu þarf hver kirkja að standa straum af öllum kostnaði sínum.

Félagsauður er mikill í kirkjunni auk menningarlegs- og trúarlegs auðs. Dýrmætasti auður kirkjunnar felst í von trúarinnar. Við eigum aðgang að höfundi sköpunarverksins í gegnum Jesú Krist. Þar er elskandi hugur sem skilur okkur og heyrir. Þar er máttugur Guð sem vill leiða þjóðina í gegnum aðsteðjandi erfiðleika. Það veitir mér styrk og hjálp að biðja fyrir þjóð og ráðamönnum í þessum þrengingum. Trúin í kristinni kirkju veitir mikla huggun, uppörvun, aðhald og von. Þeim hefur fjölgað sl. vetur sem hafa leitað til kirkjunnar. Guð gefi að siðferði Krists fái að byggja upp sterkari þjóð.

*Höfundur er sóknarprestur.*

# Prump er ekki list

UMRÆÐAN
Þórður Grímsson skrifar um framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum


ÞÓRÐUR GRÍMSSON

Undirritaður gerir sér grein fyrir því að gagnrýni á ákvörðun Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, undir stjórn Christians Schoen framkvæmdastjóra, um að velja Ragnar Kjartansson og verk hans „The End“ sem fulltrúa Íslands á Feneyjatvíæringnum, kann að hljóma eins og biturt, öfundsjúkt og innantómt þvaður fyrir hinni íslensku listaelítu og fleirum. Undirritaður biður þó lesanda að skoða nokkur atriði áður en hann lofar þetta merkilega verk og listamanninn að baki því.

Undirritaður las fréttatilkynningu um verkið The End, horfði á sjónvarpsviðtöl við listamanninn og fylgist með allri umræðu og umfjöllun um Feneyjatvíæringinn.

Fréttatilkynningin er stútfull af lofyrðum og háfleygum setningum um sannindi og mikilvægi verksins og listamannsins, til dæmis í þá veru að hann „vegi salt á milli hins háfleyga málara Caspar David Friedrichs og tvíeykisins Gilberts og George sem sækja öllum stundum í hversdagsleikann“; að verkið spanni „epískar víddir í tíma og rúmi“. Andreas Eriksson kemst svo að orði: „Ég sé skálann í Feneyjum fyrir mér eins og vita á heimsenda sem gín yfir tóminu. Öldur á höttunum á eftir týndum sálum og mistur við sjóndeildarhringinn varna því að þig sundli á barmi hyldýpisins. Hafið ber ekkert nafn og á bryggjunni situr maður án örlaga.“

Í sjónvarpsviðtali við Einar Fal Ingólfsson á mbl.is, einhvers konar kynningu/umfjöllun um listaverkið og Ragnar sjálfan, eyddi Ragnar mestum tíma í að útskýra litinn á sundskýlunni sem fyrirsætan, Páll Haukur Björnsson, átti að klæðast og hvers vegna. „Ég er búinn að vera sko að stúdera hvernig skýlu Palli eigi að vera í sko,“ sagði Ragnar og bætti við: „Þetta verður svona svört Speedo-skýla, verst ég er ekki með hana, hún er núna inni í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, hann hérna hann Guðmundur þar er að sauma sko gula rönd á svörtu skýlurnar.“ „Af hverju gula rönd?“ spyr fréttamaðurinn og Ragnar útskýrir: „Það er eitthvað sem ég var alveg „obsessed“ af sko, fannst það rosa mikilvægt að það væri svona gul rönd hérna“ og bendir á hlið skýlunnar. „Er það eitthvað ákveðið tísku-steitment?“ spyr fréttamaður. „Je, það bara tjsu gasalega smart (mikill hlátur).“

Á engum tímapunkti í allri þessari þvælu gat undirritaður fundið útskýringu á neinu sem listamaðurinn ætlaði sér með verkinu, einungis samhengisleysu.

Undirritaður hugsar til verks sem hann sá sýnt í Hafnarhúsinu 18. september 2006 sem hafði yfirskriftina „Stúka Hitlers“. Ragnar Kjartansson sýndi þetta verk í sýningunni Pakkhús Postulanna og var búinn að skipuleggja gjörning sem hann svo aflýsti sökum „uppgjafar við verkið sjálft“. Að panta stúku Hitlers af Helga Björnssyni, fá hana senda til Íslands, fá neikvæða umfjöllun og gefast að lokum upp fyrir verkinu. Í hverju er listin fólgin? Hver var meiningin, var tilgangur með verkinu og hver er yfirlýsingin?

Er hugsanlegt að meistarinn gefist upp fyrir málverkinu margfaldaða í Feneyjum, slökkvi á Klettafjallamyndböndunum og komi heim því tóbaks- og áfengisneyslan reynist honum um of?

Undirritaður veltir því fyrir sér, hvort það sé óeðlilegt að listamenn sem sýna fyrir hönd Íslands á Feneyjatvíæringnum skýri list sína. Auðvitað væri það óeðlilegt ef allir listamenn væru með svör á reiðum höndum um allar hliðar verka sinna og hugleiðingar, en á ekki listamaður að geta gert grein fyrir því hvað hann er að gera, hvaðan hann kemur í sambandi við áhrifavalda, hafa einhvers konar rökstuddar hugmyndir um eigin listsköpun og komast betur að orði en sex ára barn, í stað þess að nota hikorð inn á milli annars hvers orðs, vera ýkt krúttaður og sætur, og koma sér á Feneyjatvíæringinn með því að vera ógó næs?

Að mati undirritaðs er vandamálið það að hér á landi taka mjög fáir mark á myndlist og finnst eiginlega bara rosalega flott hjá „litlustu“ þjóðinni og „litlasta“ landinu að taka þátt í sýningu á borð við Feneyjatvíæringinn, og að það sé bara besta hugmyndin að senda mesta krúttið út hlæjandi með gítar, bjór og mann í Speedo-sundskýlu. Guð forði okkur frá því að taka okkur sjálf alvarlega. Undirrituðum finnst að Christian Schoen, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og menntamálaráðuneytið megi og eigi að skammast sín fyrir þessa ákvörðun.

Það er líka undarlegt að í allri umræðunni í þjóðfélaginu í dag um ríkisútgjöld komi það hvergi fram að Ragnar Kjartansson og allt hans fylgdarlið sé styrkt bak og fyrir í sex mánuði í Feneyjum til að drekka bjór og reykja sígó.

*Höfundur er myndlistarmaður.*

Á skítugum skónum?



» Það er allt í lagi. Pappelina vill láta ganga yfir sig á skítugum skónum. Hún er nefnilega úr plasti. Pappelina virkar því best þar sem mikið álag er á gólfinu. Tilvalinn félagi í forstofuna eða eldhúsið. Svo vill hún líka fara í þvottavél.
Plastmotturnar frá Pappelinu hafa farið sigurför um heiminn og eru nú loksins fáanlegar á Íslandi. Kíktu á úrvalið í verslun Kokku eða á kokka.is.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# 26 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

22. ÁGÚST 2009

*Kæru landsmenn!*
*Nú er réttí tíminn til að skrá sig í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka á marathon.is. Verð hækkar eftir 1. júlí.*
*Undirbúningur er í fullum gangi hjá okkur, en hjá þér?*

*Kær kveðja*

REYKJAVÍKURMARAÞON




vita · Íslandsbanki · margt smátt · Barilla · POWERADE · SUZUKI Way of Life! · asics · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Fyrirtæki og fjárfestar hafa horft of skammt fram á veg. Mikilvægt er að skoða hlutina upp á nýtt og innleiða sjálfbærni í hugsun og hátterni. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* ræddi við **Kristínu Pétursdóttur,** forstjóra Auðar Capital, um framtíð lands og þjóðar í tilefni af því að fjárfestingarfélagið, sem nýverið fagnaði tveggja ára afmæli, afhenti í fyrsta sinn úr samfélags-sjóði sínum í gær.



**KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR** Á skrifstofu Auðar Capital er einn veggur með myndum af öllum börnum starfsfólksins. Það er auður fyrirtækisins, að sögn Kristínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Forstjórinn sem boðar nýja hugsun

Hér eru mikil tækifæri en það þarf að leggja fram skýra framtíðarsýn og segja hvert við ætlum að stefna. Það getum við. En við verðum að hugsa hlutina svolítið upp á nýtt og nýta okkur tækifærin.“ Svo mælir Kristín Pétursdóttir, forstjóri fjárfestingarfélagsins Auðar Capital.

Hún hélt þrumandi erindi á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í vikunni þar sem hún lýsti eftir framtíðarsýn, skýrri leið úr rykmekki hrunsins.

Hún sagði aðild að Evrópusambandinu (ESB) og upptöku evru á næstu árum leið til þess að auka tiltrúa alþjóðasamfélagsins á Íslandi á nýjan leik og reisa atvinnulífið við í kjölfar þess að efnahagslífið fór á hliðina í fyrrahaust.

Hún segir afturhvarf til sama hugarfars og fyrir efnahagshrunið það versta sem geti komið fyrir á næstunni. Slíkt sé ekki ákjósanlegt enda hafi skammtímahugsun og ákveðið skeytingarleysi ráðið ríkjum. „Ég vona að það gerist ekki. Við verðum að hugsa hlutina upp á nýtt,“ segir hún.

Kristín hóf störf hjá Kaupþingi árið 1997 og var aðstoðarforstjóri Singer & Friedlander, banka Kaupþings í Bretlandi, þegar hún hætti störfum hjá bankanum í árslok 2006.

Hún stofnaði Auði Capital ásamt Höllu Tómasdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, fyrir tveimur árum.

**Ný og sjálfbær hugsun**

Kristín segir sjálfbærni í fyrirtækjarekstri það sem koma skuli hér á landi. Hugtakið hefur verið til í alþjóðlegum viðskiptaheimi um nokkurra ára skeið. Hana rak á land hér fyrir nokkru en ekki vakið mikla athygli fyrr en fyrir nokkrum mánuðum.

Kristín lýsir sjálfbærum fyrirtækjum á þann veg að þau séu fjárhagslega arðbær, sýni samfélagslega ábyrgð og séu umhverfislega meðvituð. Þau gangi um umhverfið og samfélagið þannig að þau skerði ekki möguleika komandi kynslóða. Hættulegt sé þegar fyrirtæki leggi byrðar á framtíðina, börnin. „Fyrirtæki mega ekki verða fjárhagslega arðbær á kostnað framtíðarinnar,“ segir hún og bendir á að síðustu ár hafi stjórnendur fyrirtækja í raun og veru tekið út framtíðarhagnað fyrirtækja með gríðarlegri skuldsetningu. Sá hagnaður hafi í allt of mörgum tilvikum ekki verið sjálfbær.

Hún bendir á að í venjulegum fyrirtækjarekstri snúist allt um að skila hluthöfum arði og sé það skammtímahugsun. Hugmyndin um sjálfbærni í fyrirtækjarekstri feli hins vegar í sér langtímaarðsemi þar sem líka sé hugsað um viðskiptavininn, starfsmennina og samfélagið sem fyrirtækið starfar í.

„Þetta snýst um að hafa hagsmuni allra aðila að leiðarljósi í fyrirtækjarekstri. Það er ekki hægt að reka fyrirtæki með arðsemi hluthafa eina að leiðarljósi,“ segir hún.

> Íslendingar hafa ekki verið mjög framsýnir. Hér hefur ríkt vertíðarstemning þar sem gjarnan er horft eitt ár fram í tímann. Við verðum að horfa lengra, jafnvel til tíu ára.

**Neytendur vakna**

Kristín segir neytendur orðna mjög meðvitaða um sjálfbæra hugsun. Þeir horfi til þess hvar vörur eru framleiddar, hvort þær eru lífrænar eður ei og við hvaða aðstæður þær eru búnar til. Sem dæmi vilji fáir orðið kaupa vörur sem unnar eru hjá fyrirtækjum sem vitað er að stundi barnaþrælkun.

„Öll þessi vitund er farin að skipta neytendur miklu máli. Þeir horfa ekki aðeins á verð og gæði,“ segir Kristín og bætir við að Íslendingar geti komið sterkir inn í sjálfbæru vakninguna.

„Fyrirtæki verða að svara þessari eftirspurn neytenda. Í þessu felast viðskiptatækifæri þar sem bæði hluthagar og samfélagið hagnast,“ segir hún.

**Samfélagsleg ábyrgð**

„Heimurinn er allur að breytast,“ bætir hún við og vitnar til þess að í fyrirtækjarekstri nútímans sé samfélagsleg ábyrgð lykilorðið. Það hafi áhrif á ímynd fyrirtækja sem geti skilað sér í auknum viðskiptatækifærum.

Hún telur miklar líkur á að mannauður framtíðarinnar, ungt fólk, vilji fremur vinna hjá fyrirtækjum sem séu samfélagslega ábyrg en hjá hinum sem hugsi eingöngu um hag hluthafa.

**Styrkur í fjölbreytni**

Hún segir engum blöðum um að fletta að ákveðin einsleitni í íslensku atvinnulífi hafi átt þátt í því hvernig fór hér í haust. Mikilvægt sé að endurtaka ekki leikinn og tjalda þá lengur en til einnar nætur og reisa fleiri stoðir undir hagkerfið en fyrir hrun.

„Íslendingar hafa ekki verið mjög framsýnir. Hér hefur ríkt vertíðarstemning þar sem gjarnan er horft eitt ár fram í tímann. Við verðum að horfa lengra, jafnvel til tíu ára,“ segir hún.

Áhersla á byggingu álvera er dæmi um einsleitnina. Hún telur ekki skynsamlegt að bæta við fleiri álverum, skynsamlegra sé að selja raforku til mismunandi minni fyrirtækja sem skapa jafnmörg störf og eitt álver.

„Hér eru mjög mikið af áhugaverðum sprotafyrirtækjum og fólki sem er að hugsa um spennandi hluti. Það skiptir máli að sprotarnir komast á legg og fái að vaxa og dafna,“ segir Kristín. Hún segir sprotafyrirtækin mörg hafa goldið fyrir góðærið þar sem þeim tókst ekki að keppa við há laun í fjármálageiranum.

Auður Capital vinnur að stofnun fjárfestingarsjóðsins Bjarkar, sem fjárfestir í sprotafyrirtækjum sem komin eru á legg og hafa náð ákveðnum áfanga. Stefnt er að því að sjóðurinn muni hafa yfir að ráða um tveimur milljörðum króna og fjárfesta til allt að tíu ára.

„Það er margsannað að í efnahagslægð verða oft bestu hugmyndirnar til en þá kennir neyðin naktri konu að spinna.

Fólk neyðist til að hugsa út fyrir boxið og í nýjum lausnum. Við það verða til nýir hlutir og frjór jarðvegur verður til fyrir nýsköpun. Bestu tækifærin verða til við þær aðstæður,“ segir Kristín Pétursdóttir að lokum.

## HJÁLPARSAMTÖK VERÐLAUNUÐ



**FRÁ AFHENDINGUNNI Í GÆR** Margrét Pálsdóttir frá ABC barnahjálp, Sigríður Guðlaugsdóttir, talskona Enza á Íslandi, og Ruth Gylfadóttir, stofnandi Enza, taka á móti styrknum úr hendi Guðrúnar Pétursdóttur, formanns AlheimsAuðar, og Höllu Tómasdóttur, starfandi stjórnarformannsAuðar Capital. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þetta gefur okkur byr undir báða vængi og gerir okkur kleift að byggja fræðslumiðstöð,“ segir Ruth Gylfadóttir, stofnandi og stjórnarformaður hjálparsamtakanna Enza.

Ruth var hæstánægð í gær en þá hlutu samtökin styrk úr AlheimsAuði, góðgerðasjóði Auðar Capital. Sjóðurinn var settur á laggirnar í mars á þessu ári og stefnt að því að veita úr honum árlega. Það var gert í fyrsta sinn í gær.

Auður Capital leggur eitt prósent af hagnaði sínum í sjóðinn ásamt frjálsum framlögum viðskiptavina.

Á sama tíma var Guðrúnu Margréti Pálsdóttur, formanni og stofnanda ABC barnahjálpar, veitt sérstök viðurkenning fyrir ötult starf sem hefur gefið um tólf þúsund börnum tækifæri til menntunar í fátækari löndum heimsins síðastliðin 21 ár. Um sjö þúsund stuðningsaðilar styðja börn á vegum ABC í dag og stendur aðeins einn aðili að baki hverju barni.

Hjálparsamtökin Enza, sem voru sett á laggirnar fyrir tæpu ári, vinna að því að styðja konur og stúlkur í Mbekweni-fátækrahverfinu við Höfðaborg í Suður-Afríku og hvetja þær til athafna og frumkvæðis.

Ruth ólst að hluta upp þar í landi og er nú búsett á Höfðasvæðinu, sem er skammt frá Wellington og er næsti bær við fátækrahverfið.

Stúlkurnar sem hjálparsamtökin aðstoða eru stúlkur, allt niður í ellefu ára gamlar, sem hafa orðið barnshafandi í kjölfar nauðgunar. Í sumum tilvikum var gerandinn nánasti ættingi stúlknanna, faðir eða bróðir. Stúlkurnar bera sjálfar allar byrðar af þessari hræðilegu reynslu og eru oft nauðbeygðar til að yfirgefa eigið samfélag í kjölfarið. Þangað eiga þær ekki afturkvæmt. Oft eru þær ekki heldur í aðstöðu til að halda börnum sínum.

Hjálparsamtökin ProCare veita stúlkunum húsaskjól á meðan á meðgöngu stendur og tekur Enza við móður og barni þegar barnið er komið í heiminn.

Enza stóð í fyrra fyrir því að safna fartölvum og kom Icelandair þeim á áfangastað ásamt sængurfatnaði sem Icelandair Hotels gaf samtökunum. Ruth segir tölvurnar hafa nýst mjög vel og gera það að verkum að stúlkurnar verða hæfari til að bjarga sér sjálfar og standa á eigin fótum síðar meir.

# Komdu í dag...




## Sýningarvörur á afslætti
## Allt að 50% afsláttur

Opið frá kl. 11 til 16



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK




**FROSIN JARÐABER** 500 g
**269** KR./PK.




*ÍSKALDUR & SVALANDI*

**EMMESSÍS SKAFÍS, 3 TEG., 1,5 L**
**649** KR./STK.




*GÓMSÆT JARÐARBER*

**JARÐARBER BOX**
**399** KR./PK.
~~549~~

**FERSK KIRSUBER Í LAUSU**
**25%** afsláttur





**MONTAGARD STEINABRAUÐ**
**269** KR./STK.
~~398~~



**RÚNSTYKKI MEÐ OSTI**
**99** KR./STK.
~~145~~



**ÓDÝRT**
**30%** afsláttur

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

**LAMBAFILE HEIÐMERKUR-KRYDDAÐ**
**2799** KR./KG
~~3998~~

# Grillsumar Nóatúns

## Við gerum meira fyrir þig



*GOTT ÚRVAL Á GRILLIÐ*

*LJÚFAR KRÆSINGAR ÚR KJÖTBORÐI*

Í grillborgara Nóatúns er einungis notað fyrsta flokks ungnautakjöt. Þú hefur úr mörgum gerðum að velja.

*GÆÐAHRÁEFNI FRÁ NÓATÚNI*

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

*FRÁBÆRT VERÐ*



ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

**40%** afsláttur

**GRÍSAKÓTILETTUR KONÍAK/HUNANG**
**839** KR./KG
~~1398~~



ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

**UNGNAUTA RIB EYE**
**2998** KR./KG

*GOTT Á GRILLIÐ*



**20%** afsláttur

**GOÐA GRILLKJÖT GRÍSAHNAKKI PIPAR&BBQ GOURMET HUNANGSGRÍS LÉTTR.**
**1598** KR./STK.
~~1998~~

**Nýtt kortatímabil**

| Nóatún Hamraborg | Nóatún Austurveri | Nóatún Grafarholti | Nóatún Nóatúni 17 | Nóatún Hringbraut |
|---|---|---|---|---|
| Mán - Fös 10:00-20:00 / Lau. 10:00-20:00 Sun. 10:00-20:00 / Sími: 585-7130 | Mán - Fös 10:00-20:00 / Lau. 10:00-20:00 Sun. 10:00-20:00 / Sími: 585-7110 | Mán - Fös 10:00-21:00 / Lau. 10:00-20:00 Sun. 10:00-20:00 / Sími: 585-7185 | Mán - Fös 10:00-20:00 / Lau. 10:00-20:00 Sun. 10:00-20:00 / Sími: 585-7180 | Mán - Fös 10:00-21:00 / Lau. 10:00-20:00 Sun. 10:00-20:00 / Sími: 585-7150 |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is


NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
GRILLAÐU MEÐ GÆÐAHRÁEFNI FRÁ NÓATÚNI
Ódýrt á grillið í Nóatúni
ÚR KJÖTBORÐI BESTIR Í KJÖTI
UNGNAUTA-BORGARI
CA. 90 g 109 KR. STK.
CA. 120 g 179 KR. STK.
CA. 175 g 219 KR. STK.
UNGNAUTA-GLÓÐA-BORGARI
CA. 120 g 159 KR. STK.
HAMBORGARA-VEISLA
ÚR FISKBORÐI FERSKIR Í FISKI
STÓRLÚÐA Í SNEIÐUM
1798 KR./KG
2298
SS CAJ P'S LAMBATVÍRIFJUR
20% afsláttur
CAJ P GRILLOLÍUR
299 KR./STK.
ÓDÝRT OG SVALANDI
EGILS KRISTALL SÍTRÓNU, 2 L
149 KR./2L
229
MAXWELL HOUSE KAFFI
569 KR./PK.
Maxwell House
MS, 3 TEGUNDIR RIFNIR OSTAR
10% afsláttur
FRÁBÆRT VERÐ
SHOP RITE STÓRAR ELDHÚSRÚLLUR
759 KR./PK.
949
Quilted Towels
EGILS GULL LÉTTÖL 0,5 L
89 KR./0,5L
129
Gull
ÓDÝRT NAMMI!
NÓA NIZZABITAR MEÐ LAKKRÍSKURLI
399 KR./PK.
nizza
3x VILDARPUNKTA
NÓATÚN
www.noatun.is



**ÓTRÚLEG LÍFSREYNSLA** Þrjátíu manns í Botsvana hafa á síðustu dögum fengið gervifætur fyrir tilstilli utanríkisráðuneytisins og stoðtækjafyrirtækisins O.K. Prosthetics. Sigrún Þorgeirsdóttir er verkefnastjóri fararinnar. Hún er ýmsu vön en í síðasta mánuði fór hún fyrir leiðangri Félagsins Ísland-Palestína og O.K. Prosthetics til Palestínu, þar sem 24 heimamenn fengu alls 26 nýja gervifætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Snýst allt um mannleg samskipti

Fyrir ári skipulagði **Sigrún Þorgeirsdóttir** viðburði fyrir Kaupþing og undi hag sínum vel. Í dag rekur hún sitt eigið fyrirtæki, Rif verkefni, og skipuleggur meðal annars leiðangra O.K. Prosthetics ehf. sem fjármagna verkefni sín með gjafafé. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** hitti Sigrúnu, rétt áður hún flaug út til Botsvana, þar sem þrjátíu manns fengu nýja gervifætur á dögunum.

Það gengur allt vel hérna úti. Við höfum verið að kenna fjórum gervilimasmiðum tæknina okkar stíft í eina viku og erum að klára að setja á þrjátíu fætur áður en við förum aftur heim á sunnudag," segir Sigrún Þorgeirsdóttir, sem stödd er í Afríkuríkinu Botsvana á vegum O.K. Prosthetics og utanríkisráðuneytisins. „Við erum hér tvö frá Íslandi, ég og Össur Kristinsson, ásamt tveimur gervilimasmiðum frá Suður-Afríku og einum sjúkraþjálfara. Við erum að vinna á endurhæfingarstöð sem Finnar settu hér upp 1988."

### Sjötug og hoppandi

Össur Kristinsson, stofnandi stoðtækjafyrirtækisins Össurar, er hugmyndasmiðurinn að baki O.K.Prosthetics. Fyrirtækið er ekki rekið í ágóðaskyni og fjármagnar verkefni sín með gjafafé. Fyrirtækið sérhæfir sig í tækni þar sem hægt er að setja hágæða gervifætur á fólk sem misst hefur fót fyrir neðan hné á innan við klukkustund, við mjög erfiðar aðstæður. Sigrún segir ótrúlega upplifun að fylgjast með sjúklingunum prófa nýju fæturna. „Í dag fylgdist ég til dæmis með 71 árs konu sem hafði áður verið á gömlum og lélegum fæti. Hún tók sig til og hoppaði þegar hún fékk nýja fótinn. Svo var hér rúmlega tvítugur strákur sem var að ganga í fyrsta sinn í fimm ár. Sá þriðji kom langt að og þurfti að flýta sér heim til þess að komast yfir ána fyrir myrkur. Þetta eru ólíkir heimar."

### Hægfara ferli

Sigrún fer þó að venjast því að sjá kraftaverkin gerast í nýjum heimum, en hún var líka verkefnastjóri í leiðangri Félagsins Ísland-Palestína og O.K. Prosthetics í maí síðastliðnum, sem farinn var í kjölfar árása Ísraelsmanna á Gasasvæðið í janúar. Hópurinn smíðaði 26 gervilimi á 24 manneskjur sem misst höfðu fót. Starf Sigrúnar var að sjá til þess að allir kæmust frá Íslandi til Ísrael og inn í Palestínu og að lokum inn á Gasasvæðið án teljandi vandkvæða. Og til baka líka. „Það var mjög hægfara ferli að fá leyfi frá ísraelskum yfirvöldum til að fara til Palestínu. Bara það tók sjö vikur. Þegar leyfið svo loksins barst var okkur tjáð að við þyrftum líka skriflegt leyfi frá palestínskum yfirvöldum. Það var enginn tími til að bíða eftir því, svo við fórum bara af stað, upp á von og óvon, og vissum ekki hvort við kæmumst á leiðarenda."

### Tálmar á leiðinni

Þegar hópurinn lenti á flugvellinum í Tel Avív kom fljótt að ungt einkennisklætt fólk sem spurði ítrekað sömu spurninganna: Hvert þau væru að fara, hvort allir innan hópsins þekktust, hvað þau ætluðu að skoða, hvort þau ættu vini í Ísrael og þar fram eftir götunum. „Mörg þeirra voru með litlar talstöðvar framan á sér, svo það var greinilegt að fleiri gátu hlustað á samtölin. Þetta var auðvitað mjög óþægilegt. Þetta gerðist ítrekað alla ferðina og á leiðinni út úr landinu líka. Það var greinilegt að vel er fylgst með ferðum fólks."

Fleiri tálmar urðu á vegi hópsins. „Við lentum nokkrum sinnum í því að þurfa að bíða í algerri óvissu og á tímabili óttuðumst við að við myndum ekki geta lokið verkefninu. Það er alveg greinilegt að ísraelsk yfirvöld reyna að gera fólki mjög erfitt að komast inn í Palestínu og hvað þá inn á Gasasvæðið. Maður hugsar sig tvisvar um áður en manni dettur í hug að endurtaka leikinn. Að lokum komumst við samt á leiðarenda. Það var ótrúlegt að koma inn á Gasasvæðið eftir að hafa verið hinum megin. Að baki okkar var níu metra hár steinveggur með stálhurðum, fyrir framan okkur ónýtt land."

### Eyðilegging og hryllingur

Á Gasa blasti við hópnum eyðilegging sem Sigrún segir erfitt að hafa orðið vitni að. Byggingar sundursprengdar eftir ítrekaðar árásir Ísraelsmanna, fátækt og áþreifanleg mengun hafi verið eitt það fyrsta sem hún tók eftir á Gasa. Eyðilegginguna var þó ekki að sjá á fólkinu sjálfu að mati Sigrúnar. „Fólkið er ótrúlega þrautseigt. Þeir sem ég talaði við sögðust reiðir ísraelskum yfirvöldum en ekki Ísraelunum sjálfum. En auðvitað hlýtur reiðin að krauma undir þó að við sem gestir höfum ekki orðið vitni að því. En við upplifðum mjög sterkt það þakklæti sem okkur var sýnt fyrir að koma inn á þetta svæði. Fólk brosti við okkur á götum úti og það kom fyrir að við máttum ekki borga fyrir okkur í verslunum. Með því að vera þarna færðum við þeim von, jafnvel meiri von heldur en með því að færa þeim fæturna. En það er auðvitað heldur ekkert hægt að lýsa því fyrir okkur, sem komum frá Íslandi, hvernig það er að lifa við sprengjuárásir í 22 daga, allan sólarhringinn. Óttanum við að fara að sofa og láta það svo verða sitt fyrsta verk þegar maður vaknar aftur að athuga hvort allir séu örugglega á lífi."

> Fólkið er ótrúlega þrautseigt. Þeir sem ég talaði við sögðust reiðir ísraelskum yfirvöldum en ekki Ísraelunum sjálfum.

### Aftur til Palestínu

Til stendur að halda verkefninu á Gasa áfram með stuðningi og áframhaldandi söfnun Félagsins Ísland-Palestína (sjá www.palestina.is), enda þótti vel takast upp með fyrsta verkefnið. „Einnig er möguleiki á frekari fjármögnun frá erlendum hjálparsamtökum. Næsta skref miðar við að senda út tvo gervilimasmiði til að kenna þessa nýju tækni sem O.K. Prosthetics notar, í tæpar tvær vikur og aftur í eina viku þremur mánuðum seinna. Eftir það á að vera nóg að senda þeim efnið og við erum í samningaviðræðum við erlendan kostunaraðila til að aðstoða við það. Þá er reyndar spurning hvort efnið fái að komast á leiðarenda en við þurfum að fá leyfi frá yfirvöldum í Ísrael til þess. En við munum finna leiðir til þess."

### Bankinn yfirgefinn

Aðkomu Sigrúnar að hjálparstarfinu bar nokkuð brátt að. Fyrir ári var hún í krefjandi starfi sem forstöðumaður viðburða- og ferðadeildar hjá Kaupþingi og hafði unnið hjá bankanum í fimm ár. Eftir bankahrunið breyttist vinnan töluvert og Sigrún var orðin ein eftir í deildinni. „Svo ég var farin að horfa í kringum mig, var farin að vinna sjálfstætt og taka að mér ýmis verkefni. Um þetta leyti réðust Ísraelsmenn inn í Gasa og neyðarsöfnunin hófst hér heima. Sveinn Rúnar, formaður Félagsins Ísland-Palestína, hafði samband við O.K. Prosthetics og vildi fara til Palestínu. Maðurinn minn, sem er sonur Össurar og læknir á Landspítalanum, hafði tekið sér frí í eitt ár til að kynna O.K. Prosthetics fyrir hjálparsamtökum víða um heim." Einhvern vantaði til að halda utan um verkefnið og lá beinast við að fá Sigrúnu í verkið. „Þetta var nýr heimur fyrir mig að því leyti að ég hef aldrei komið að hjálparstarfi áður. En þar sem ég er tengdadóttir Össurar og hef verið í fjölskyldunni frá því ég var unglingur veit ég eitt og annað um gervifætur og sú þekking hefur komið sér vel."

### Af sama meiði

Sigrún hefur mörg járn í eldinum en meðfram störfum sínum með O.K. Prosthetics sinnir hún öðrum verkefnum og heldur meðal annars utan um uppsetningu leiksýningar um Vatn sem á að sýna í Borgarleikhúsinu í haust. Skipulagning virðist því vera henni í blóð borin. „Þótt þetta virðist vera ólíkir geirar að utan séð snýst þetta allt um það sama í reynd. Að halda utan um ýmsa þræði, sýnilega og ósýnilega, og reyna að halda öllum góðum. Þetta snýst bara um fyrirhyggju og mannleg samskipti," segir Sigrún að lokum og snýr sér svo aftur að vinnu sinni í Botsvana, þaðan sem hún kemur aftur heim á morgun.

TÖFRASTUNDIR **VISA** Í SUMAR!



# KEYPTI TVÖ KÍLÓ AF KARTÖFLUM OG ENDAÐI Í BARCELONA

## NOTAÐU FREKAR VISA

**100 stórglæsilegir ferðavinningar að verðmæti yfir 4.000.000 kr.**

**20 ferðir fyrir 2** til Evrópu með **Icelandair**
**32 ferðagjafabréf** að andvirði **50.000 kr.**
**38 ferðagjafabréf** að andvirði **15.000 kr.**
**2 vinningar** frá **Ferðafélagi Íslands**
**3 x 100.000 vildarpunktar**
**5 x 50.000 vildarpunktar**

### ÞÚ GÆTIR UNNIÐ Á HVERJUM DEGI!

**Í hvert sinn sem þú notar VISAkortið þitt** átt þú möguleika á frábærum vinningi. 100 stórglæsilegir ferðavinningar að verðmæti yfir 4.000.000 kr.

Dregið úr öllum færslum, innlendum sem erlendum, á tímabilinu frá 17. júní til 14. ágúst 2009.

VISA

Nýttu VISAkortið í heimilisreksturinn, fyrir bílinn, í ferðalagið og bara í hvað sem að höndum ber. Þannig færð þú frábæra yfirsýn yfir fjármálin og **léttir þér lífið með VISA.**

DYNAMO REYKJAVIK



**ALLTAF SAMAN** Ingibjörg og Eyþór eru saman frá morgni til kvölds og njóta þess. Þau segjast vera góð blanda. Hann sjái um að láta sig dreyma en hún kippi honum reglulega aftur niður á jörðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Létu langþráðan draum rætast

Fleiri þúsund manns hafa þegar heimsótt Skemmtigarðinn í Grafarvogi. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti hjónin **Eyþór Guðjónsson** og **Ingibjörgu Guðmundsdóttur**, sem dreymir um að gera Reykjavík að skemmtilegri borg.

Eftir um það bil þrjú ár verður Skemmtigarðurinn í Grafarvogi ómissandi viðkomustaður ferðalanga og heimamanna í Reykjavík í afþreyingarleit, gangi áætlanir eftir. Garðurinn verður iðandi af lífi, fjöri og skemmtun, hvort sem er innan dyra og utan. „Hugmyndin er að nýta allan þann menningararf sem við Íslendingar eigum til að búa til eitthvað alveg einstakt. Ljósið, vatnið og náttúran verður í fyrirrúmi og líka þjóðsögurnar og ævintýrin," segir Eyþór Guðjónsson sem oftast er titlaður athafnamaður, enda athafnasamur með meiru. „Við viljum virkja áhuga Íslendinga á menningararfi sínum og líka þeirra ferðamanna sem hingað koma. Þetta kann líka að hljóma svolítið væmið en ef við getum gert Ísland að skemmtilegra landi til að búa á, þá er tilganginum náð."

Eyþór og kona hans, Inga, eiga þessa framtíðarsýn sameiginlega. Þau höfðu lengi haft augastað á Gufunessvæðinu í Grafarvoginum, sem þau sáu fyrir sér sem hinn fullkomna stað fyrir skemmtigarð. „Nú erum við að móta framtíðarsýnina fyrir næstu ár. Við höfum þegar hafið töluverða uppgræðslu á svæðinu en við fengum styrk til þess frá Reykjavíkurborg. Skógræktarfélag Reykjavíkur ætlar líka að veita okkur liðsinni. Svo langar okkur að fá til liðs við okkur listamenn til þess að búa til útilistaverk og hanna svæðið. Á endanum vonumst við til að þetta verði skjólsæll gróðurreitur, ekki ósvipaður því sem Laugardalurinn er orðinn í dag. Við viljum að það verði ein allsherjarupplifun að heimsækja garðinn."

> Hugmyndin er að nýta allan þann menningararf sem við Íslendingar eigum til að búa til eitthvað alveg einstakt.

### Dreymin en raunsæ

Draumarnir eru stórir en þau Eyþór og Inga ana þó ekki að neinu. „Við erum raunsæ og förum varlega, sem sýnir sig til dæmis í því að við erum að vinna mestmegnis í þessu sjálf," segir Inga. „Við höfum kappkostað að byggja þetta upp án skulda, sem hefur tekist að mestu leyti."

Það er áskorun að byggja upp skemmtigarð utan dyra á Íslandi. Til stendur að byggja upp aðstöðu innan dyra líka en útivistin á alltaf að verða stór hluti af upplifuninni. „Okkur finnst mikilvægt að fólk takist á við íslenskar aðstæður og skemmti sér sjálft, án þess að láta mata sig. Þess vegna ætlum við til dæmis ekki að setja upp rússibana eða slík tæki. Gleðin verður að koma innan frá," segir Eyþór.

### Afþreying fyrir alla

Þegar þau Inga og Eyþór tóku við svæðinu í september í fyrra var það eitt risastórt tún. Þau byrjuðu á á því að búa til vegi og bílastæði, byggðu sér móttöku og settu upp lasertag-aðstöðu og litboltavelli. Svo hófst starfsemin smátt og smátt. Garðurinn var ekki opnaður formlega fyrr en í maí síðastliðnum en þó hafa mörg þúsund manns þegar lagt leið sína í hann. Flestir hafa komið í fyrirtækja- og skólahópum. „Við fáum til okkar hópa, allt frá tíu manns upp í tvö hundruð. Við skipuleggjum líka stundum daga þar sem gleðin hefst innan fyrirtækjanna, fer svo um allan bæ og endar í Skemmtigarðinum."

Afþreyingarmöguleikarnir í garðinum eru margir nú þegar. Tveir leikvellir hafa verið byggðir, frumskógurinn og Villta vestrið, og innan skamms bætist víkingavöllur við. Við hönnun leikmyndanna fengu þau hjónin aðstoð Robb Wilson King, sem er þekktur leikmyndasmiður í Hollywood. Honum kynntist Eyþór fyrir nokkrum árum þegar hann lék góða gæjann í hrollvekjunni Hostel. „Við hönnuðum leikmyndina reyndar sjálf. Við skoðuðum til dæmis Lukku-Láka bækurnar og horfðum á kúrekamyndina Bandidas til að fá hugmyndir að rétta útlitinu. En svo var gott að fá Robb og aðra reynda sérfræðinga til að fara yfir hugmyndirnar okkar og koma með tillögur að breytingum og sjá til þess að flæðið sé í lagi," segir Inga.

Þau eru í samstarfi við Frístundamiðstöð ÍTR í Grafarvogi sem er með aðstöðu sína á sama



**GAMAN** Í Skemmtigarðinum er afþreying fyrir fólk á öllum aldri. Þar geta þeir sem vilja fengið andlitsmálningu, eins og þessi hressa stelpa ber með sér. MYND/EYÞÓR GUÐJÓNSSON

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]
JÚNÍ 2009



**Hetjuferð á hjólum**
Hópur ungra manna í ævintýraför um Ísland
SÍÐA 6



**Eyjahopp í Grikklandi**
Leynistrendur og himinblátt haf
SÍÐA 2

Nammidagur
ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 44074 10/08



# HÁTÍÐ LITANNA!

ÁSLAUG SNORRADÓTTIR MYNDAR HINDÚAHÁTÍÐINA HOLI Á INDLANDI.

Mikið úrval vandaðra grilla frá Þýskalandi
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400




Opið laugardag til kl. 16

# MIÐBAUGUR

*ÞAÐ HEITASTA Í ...*
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

**Sigríður Tómasdóttir skrifar**

## FARANGURINN

Ferðatíma ársins, sumrinu, fylgir óhjákvæmilega að pakka þarf niður í töskur. Ég hef nú ferðast sæmilega mikið um ævina, innanlands sem utan, en seint ætla ég að verða mjög góð í þessari list. Ég tek nefnilega yfirleitt of mikið með mér í ferðalög. Og það kannast víst flestir við það hve pirrandi það er að rogast með níðþungar ferðatöskur, og ekki er á það bætandi ef maður er á heimleið og veit að helmingurinn af farangrinum var ekki notaður.

Það þurfti virkilega að horfast í augu við takmarkanir mínar á þessu sviði fyrir nokkrum árum þegar ég fór í vikuferðalag til útlanda ásamt vini. Ég var með stóra tösku fulla af fötum en hann með nánast ekki neitt. Samt með föt fyrir öll tækifæri. Ég einsetti mér eftir þessa ferð að hún yrði sú síðasta þar sem ég tæki með mér föt sem ég fílaði ekki heima hjá mér – líkurnar væru engar á því að ég fílaði þau á ferðalagi.

Undanfarin ár hef ég mest ferðast innanlands og þá á eigin bíl. Pökkun í bíl lýtur aðeins öðrum lögmálum og lengi vel fannst mér lögmálið að best væri að hrúga sem mestu í bílinn alveg fullkomið.

Það var hins vegar áður en eitt barn og svo annað bættust í fjölskylduna. Núna þarf ég sem sagt að pakka þannig að í ekki sérlega stóran bíl komist föt og tilheyrandi fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Í fyrstu féllust mér nánast hendur, var næstum því búin að kaupa nýjan bíl. Vandamálið við ferðalög innanlands er að allan ársins hring er nauðsynlegt að taka ullarföt og úlpu með, það er virkilega allra veðra von.



En þar sem nýr bíll kostar sitt, ákvað ég bara að skilja eftir heima helminginn af því sem mér fannst ég þurfa að hafa með. Og viti menn – það var í góðu lagi.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Áslaug Snorradóttir, tekin í Delí
**Pennar** Hómfríður Helga Sigurðardóttir
**Ljósmyndir** Fréttablaðið, Áslaug Snorradóttir
**Auglýsingar** Benedikt Freyr Jónsson bfj@frettabladid.is






**Margar og misjafnar** Grísku eyjarnar búa allar yfir eigin sérkennum en eiga þó sól, sand og ouzo sameiginlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# EYJAHOPP Á GRIKKLANDI

**Himinblátt haf, hvítkölkuð hús og sól er meðal þess sem ber fyrir augu á grísku eyjunum.**

Þrátt fyrir að hægt sé að fljúga beint til eyja eins og Krítar og Ródós er óneitanlega skemmtilegra að ferðast með ferju út í eyjarnar. Þær búa allar yfir sínum eigin persónuleika þótt þær deili fegurð strandanna, hins túrkisbláa sjávar og hvítkölkuðu húsa. Það er lítið mál að skella dótinu sínu í bakpoka, finna gistingu á hverjum stað fyrir sig og leyfa örlögunum aðeins að ráða ferð. Á grísku eyjunum er hægt að finna frið og ró á leyniströndum eða djamm á villtum næturklúbbum. Eyjarnar eru misfrægar og misvelsóttar af túristum. Krít, Ródos Mykónos og jafnvel hin fagra Santorini eru allar pakkaðar yfir sumartímann og það er um að gera að kanna litlu eyjarnar sem ferðamenn þekkja minna. Hvernig væri til dæmis að byrja á Milos, þar sem hin víðfræga Venusarstytta fannst en hún er mjög vinsæl hjá pörum í rómantískum hugleiðingum, og eyjan Sifnos er kölluð Kalifornía Grikklands vegna hins afslappaða andrúmslofts. Rétt hjá henni er Serifos sem býður upp á stórfenglegar strandir.



**Úr alfaraleið** Eyjurnar Milos, Sifnos og Serifos búa yfir leyniströndum.

Heimsferðir fljúga beint til Ródos á Grikklandi en einnig er sniðugt að fljúga til Aþenu frá Frankfurt, London eða Kaupmannahöfn og taka ferju þaðan yfir til eyjanna. Skemmtilegan leiðarvísi er að finna á slóðinni http://www.fodors.com/news/story_2980.html *- amb*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

## HEIMAMAÐURINN

▸ Los Angeles

HILDUR EIK ÆVARSDÓTTIR

**MORGUNMATURINN:** Ég reyni að fara á fastandi maga í ræktina og fæ mér svo salat. Frosin jógúrt er líka rosalega góð.

**SKYNDIBITINN:** Ég elska pitsu. Kemst ekki yfir það. Það er klárlega minn veikleiki, svo er það Taco Bell-æði.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Sushi, katana, koi, katsuya. Rosa mikið af flottum notalegum sushi-stöðum þar sem er bæði hægt að sitja inni og úti með útsýni yfir alla borgina.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Equinox, Vestur-Hollywood.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** H&M, Forever 21 og Aldo.



**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:** Runyon-gil. Það er stór hundagarður sem skiptist í margar misjafnar leiðir upp fjall og er í miðri Hollywood en frekar falinn. Þarna fara allir sem búa hér til að hlaupa, í göngur og út með hundana sína. Þetta er æðislegt og það er eins og að fara til annars lands að koma þangað.

**BEST VIÐ BORGINA:** Borgin er æðisleg. Hún hefur upp á allt að bjóða, menningu, djamm og veitingastaði. Hún er stutt frá öllu, ströndinni, Las Vegas, San Diego, San Francisco og Santa Barbara. Svo er hægt að fara á skíði rétt hjá.

**HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM:** Það er hægt að eyða hverjum degi á nýjan hátt. Það er bara alltaf best að vakna við sólskinið og blíðuna og bíða eftir hvað kemur næst.




## Tenerife

VERÐ FRÁ
**77.600 kr.**

á mann í viku á Hotel Gala ****hóteli miðað við 2 með 2 börn – brottför 24. júní. **Hálft fæði.**

## Marmaris

VERÐ FRÁ
**96.960 kr.**

á mann í viku á Forum íbúðarhóteli miðað við 2 með 2 börn – brottför 26. júní.
**Örfá sæti laus – hægt að fá hálft fæði, 12.600 kr. fyrir fullorðna og 6.300 kr. fyrir börn.**

Það er afskaplega auðvelt að komast í gott frí á sólarströnd með fjölskylduna með því að skipta kostnaðinum í fjórar jafnar vaxtalausar greiðslur á greiðslukort. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar ljúft og þægilegt frí á frábærum kjörum. Marmaris í Tyrklandi og náttúruperlan Tenerife hafa laðað Íslendinga til sín sumar eftir sumar. „...og nú allir af stað með Úrval-Útsýn“.

ÚRVAL-ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.








# HÁTÍÐ LITANNA

Ljósmyndarinn *Áslaug Snorradóttir* lenti óvart í miðju Holi-hátíðarhaldanna í Delí, þar sem fólk kastar litum á hvert annað, og fangaði herlegheitin á filmu.

Ég var stödd í Delí til þess að sækja hönnunarráðstefnu með vinkonu minni þegar allt ætlaði vitlaust að verða einn daginn þarna úti. Þá kom í ljós að ein stærstu hátíðarhöld Indverja áttu sér stað þennan dag, en þau eru kölluð Holi eða hátíð litanna.“ Hindúar halda þennan dag hátíðlegan á vori hverju en hann táknar sigur hins góða á hinu illa. „Aðalatriðið virðist vera að kasta lituðu vatni og litadufti hver á annan og því verður þetta mjög skrautlegt. Við ákváðum að taka „rikshaw“ um götur borgarinnar og þeystumst þar um í mannmergðinni. Maðurinn sem dró okkur vildi ekki einu sinni fara með okkur inn í sumar göturnar því að hann sagði að það yrði of hættulegt enda fólk oft vel æst og hífað á hátíðarhöldunum.“ Hindúar kveikja líka elda á Holi til þess að minnast þess hvernig hinn ungi guð Prahlad komst undan hinni illu gyðju Holika sem reyndi að kasta honum á bál. „Ég er svo afskaplega litaglöð kona að það þótti mjög fyndið að ég skyldi óvart hafa álpast á mestu litahátíð heims,“ segir Áslaug hlæjandi en þetta var önnur ferð hennar til Indlands. „Um kvöldið fór allt að róast og fólk að skola af sér litina í gosbrunnum eða öðru rennandi vatni. Síðla kvölds uppgötvuðum við, að líkt og á gamlárskvöld á Íslandi snæða allar fjölskyldur saman í heimahúsum á þessum hátíðlega degi. Það var því hvergi opið fyrir okkur um kvöldið.“ *- amb*

## VATNSBYSSUR OG KANNABISHRISTINGUR

**HOLI-HÁTÍÐIN** er vorhátíð hindúa sem er haldin hátíðleg á Indlandi, í Pakistan, Nepal og Bangladess og fleiri löndum þar sem hindúatrú er algeng, eins og í Suður-Afríku, á Fídji-eyjum og Trínidad. Hátíðin stendur í sextán daga en aðaldagurinn nefnist Dulhendi en þá kastar fólk lituðu og ilmandi dufti í hvert annað og notar til þess eins konar vatnsbyssur. Daginn áður, Holika Dahan, eru eldar kveiktir um allt. Fólk neytir alls konar smárétta eins og malpua, mathri og dahi badas sem eru litlir vafningar fylltir af grænmeti og kjöti. Um kvöldið er búinn til eins konar mjólkurhristingur úr kannabis.





**SUMARHÁTÍÐ SKERFIRÐINGA** hefst í dag klukkan 10. Meðal viðburða má nefna leikfimi, jóga, sögugöngu um hverfið undir leiðsögn Þórs Magnússonar, sjóböð, ýmsa skemmtun, pylsur og ís fyrir yngstu kynslóðina og grill og söng fram eftir kvöldi. Nánar á www.skerjafjordur.is.



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



friendtex

ÚTSALA

Allar stuttbuxur & sundföt á 50% afslætti.

DÚNDUR ÚTSALA!

Opið mán. - fös. frá kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00

Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Einar hlakkar til kvöldsins. „Ég hef komið á Hjalteyri áður. Þetta er mjög fallegt svæði og sérstakt andrúmsloft í þessum gömlu verksmiðjum þar sem mikil starfsemi var í eina tíð en eru nú yfirgefnar. Svo eru menn núna að lífga þær við með menningarstarfsemi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Á þönum alla helgina

**Rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson ætlar að leggjast í vegaferð um helgina. Upplestur úr nýrri bók og tökur á heimildarmynd um fótboltafélag alkóhólista eru á meðal þess sem er á dagskrá.**

„Ég verð eiginlega bara „on the road“ í dag og á morgun,“ segir rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson, beðinn um að lýsa fyrirætlunum sínum um helgina. Og það eru orð að sönnu því í dag ætlar höfundurinn að ferðast norður þar sem hann ætlar meðal annars að lesa upp úr verkum sínum á Hjalteyri.

„Ég verð þarna í yfirgefinni síldarverksmiðju um kvöldið ásamt tónlistarmönnunum Þórarni Hjartarsyni og Kristjáni Pétri Sigurðssyni, sem eru báðir að norðan. Við erum hálfpartinn að endurtaka leikinn frá árinu 1995 þegar við vorum fyrir norðan með upplestur og tónlist í bland sem þótti skemmtilegt og minnisstætt að okkar mati og annarra.“ Ekki er þó áætlað að endurflytja dagskrána því Einar Már verður meðal annars með nýja bók í farteskinu. „Þetta er í raun bók um hamfarir samtímans. Hún kallast Hvíta bókin,“ segir hann leyndardómsfullur og fæst alls ekki til að fjalla nánar um innihaldið að sinni.

Með í för verða einnig framleiðandi og tökumaður þar sem til stendur að taka upp efni fyrir nýja heimildarmynd sem Einar Már er að vinna að. „Ég er bara kominn með enska titilinn á hana, það er How to Win a Lost Game. Myndin fjallar um fótboltafélag alkóhólista, sem keppti í utandeildinni í fyrra,“ útskýrir hann, en segist þó ekki vera sjálfur í liðinu. „Það samanstendur af mönnum á öllum aldri og úr öllum áttum, sem hafa tekið þátt í félagsstarfi SÁÁ. Ég tók ítarleg viðtöl við þrjá þeirra, sem eru algjört „masterpiece“. Einn býr þarna fyrir norðan og þar sem ég er að myndskreyta viðtölin ákvað ég að nota tækifærið og taka upp þar.“

Einar Már hefur unnið að gerð myndarinnar síðan í nóvember á síðasta ári og segir sér miða vel áfram með verkið. En hvenær má búast við að hún komi fyrir sjónir almennings? „Bara þegar við erum tilbúnir með hana,“ segir hann hlæjandi og býst við að hann muni gista um nóttina fyrir norðan til að ljúka verkinu.

Á þá ekkert að slaka á um helgina? „Nei, ekki reikna ég með því,“ svarar hann yfirvegaður og segir annars engar sérstakar reglur gilda um helgarnar hjá sér. Þær helgist einfaldlega af þeim verkefnum sem hann vinnur að hverju sinni.

*roald@frettabladid.is*



Elding adventure at sea

Viðey 50% afsláttur

dagana 20. og 21. júní

50 ára afmælismót skáta (Landnema) verður í Viðey um helgina og verður því **50% afsláttur** í ferjuna alla helgina.

Viðeyjarstofa verður opin frá kl. 11:30 til kl. 17:00 með tilboð á veitingum.

Siglingar á klst. fresti frá Skarfabakka.

Nánari upplýsingar í síma: 555 3565 og á www.elding.is



LAGERSALA Lín Design

Úrval rúmteppa, púða, dúka, rúmfatnaðar ásamt ýmsu öðru.

Sýniseintök og lítillega útlitsgallaðar vörur með allt að 80% afslætti.

Lagersalan er í Malarhöfða 8, í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason.

OPIÐ LAUGARDAG & SUNNUDAG 10 – 16.

AÐEINS ÞESSA EINU HELGI.

Lín DESIGN

www.lindesign.is/lagersala

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is



**SKÁTAFÉLAGIÐ LANDNEMAR** tekur á móti gestum sem vilja kynna sér skátastarfið á stóru skátamóti í Viðey í dag. Dagskráin er stútfull af uppákomum, svo sem ratleik, sólstöðubáli og söng, auk þess sem Kvennahlaup ÍSÍ er þreytt í fyrsta sinn á eyjunni.


VINDHÓLL

**Vindhóll! Sveit í borg!**

**2. Reiðnámskeið fyrir börn hefst 22. Júní**

Fyrir hádegi: 9:00-12:00 - Eftir hádegi: 13:00-16:00

Örfá pláss laus!

Upplýsingar veitir Anna Bára í s: 861-4186


# Gengið í heila viku

**Gönguvikan Á fætur í Fjarðabyggð hefst í dag. Hún er haldin í annað sinn.**

„Það er verið að safna saman viðburðum og búa til eina viku. Það er ekki verið að finna neitt upp, þessar gönguleiðir eigum við til,“ segir Sævar Guðjónsson, forsprakki vikunnar Á fætur í Fjarðabyggð.

Sævar segir að farið sé í gönguferðir alla daga vikunnar og að bæði sé boðið upp á lengri göngur og auðveldari fjölskyldugöngur. „Svo er líka náttúruskóli og leikjanámskeið fyrir sex ára og eldri, þannig að fólk getur ekki notað þá afsökun að börnin séu að þvælast fyrir.“

Sævar segir að þátttakendur gönguvikunnar keppist við að ná titlinum Fjallagarpur Fjarðabyggðar í leik Ferðafélags Fjarðamanna. Í leiknum er gengið á fimm fjöll Fjarðabyggðar og safnað að stimplum á þeim. *- mmf*



Hægt er að finna göngur við allra hæfi. MYND/SÆVAR GUÐJÓNSSON



Dansparið hefur unnið til verðlauna víða um heim. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Alþjóðleg hátíð í Hafnarfirðinum

**Alþjóðlegi MND-dagurinn verður haldinn hátíðlegur í Hafnarfirði á morgun.**

„Þetta er dagur sem haldinn er um allan heim,“ segir Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins. „Þetta er fyrst og fremst hugsað til að vekja athygli, ekki snikja peninga, heldur frekar gefa til baka.“

Á dagskrá verður meðal annars hjólastólarallí, hjólastóladans og tónleikar á Thorsplani. Í hjólastólarallíinu verður keppt í þremur flokkum, á rafmagnsstólum, handstólum og í svonefndum stjörnuflokki. Í síðastnefnda flokknum munu þjóðþekktir einstaklingar setjast í hjólastóla og glíma við þrautir.

„Við höfum fengið til landsins danspar frá Möltu ásamt þjálfara en annar aðilinn er í hjólastól,“ upplýsir Guðjón og bætir við að parið sýni í Hafnarfjarðarleikhúsinu og bjóði upp á kennslu í framhaldinu. „Í kjölfarið verður svo frumsýnd heimildarmynd um lamaðan mann, Evald Krogh. Myndin fjallar um líf hans, hvernig hann kemur til Íslands og hjálpar okkur í slagnum við að bæta réttindi fatlaðra.“

Dagskráin hefst klukkan 14 og verður ókeypis á alla viðburðina en söfnunarbaukur verður á staðnum. *- mmf*




**Til leigu -980 kr + vsk/m2**

Til leigu 1000 m² verslunar og srifstofuhúsnæði á Smiðjuvegi, jarðhæð. Húsnæðið skiptist í 500 m² verslunarhúsnæði og 500 m² skrifstofu og lager.

**Allar upplýsingar í síma 696-1111.**

... í öruggum höndum

Gunnar Sv. Friðriksson hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali

**FASTEIGNASTOFAN**

Opið mán-fös 9-17 www.fasteignastofan.is **565 5522**

**TIL SÖLU/LEIGU**

**Grandatröð 2 - Hafnarfirði:**



Í sölu mjög gott og vel staðsett 360 fm. atvinnuhúsnæði við höfnina í Hafnarfirði. Gólfflötur er 270 fm. og auk þess eru 90 fm. góð milliloft. Húsnæðinu er skipt niður í tvö bil og er mögulegt að selja þau sér. Mjög góð og snyrtileg lóð er í kringum húsið, hellulagt með hitalögn. Gott geymslupláss. Komin er samþykkt að ca. 100 fm. stækkun á hæsnæðinu.
**Allar nánari upplýsingar gefur Ívar í s:861 2928 eða á skrifstofu Fasteignastofunnar**

**ECCO DAGAR Í TOPPSKÓNUM***

**Vorum að fá úr ECCO búðunum nýja sendingu**

**30% afsláttur af öllum ECCO skóm auk frábærra tilboða!**

ecco 30753 00101 — Verð áður: ~~11.995 kr.-~~ Verð nú: 6.995 kr.-



Stærðir: 36-42

ecco 68404 02001 — Verð áður: ~~15.995 kr.-~~ Verð nú: 9.995 kr.-



Stærðir: 40-47

ecco 22464 50130 — Verð áður: ~~14.995 kr.-~~ Verð nú: 8.995 kr.-



Stærðir: 41-47

ecco 22484 00101 — Verð áður: ~~14.995 kr.-~~ Verð nú: 8.995 kr.-



Stærðir: 41-47

ecco 77212 52588 — Verð áður: ~~9.995 kr.-~~ Verð nú: 6.995 kr.-



Stærðir: 27-35

ecco 46923 00101 — Verð áður: ~~14.995 kr.-~~ Verð nú: 9.995 kr.-



Stærðir: 36-41

***Frá fimmtudegi 18. til sunnudagsins 21. júní**

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

**Opnunartími**

Fimmtudag 11 – 18
Föststudag 11 – 18
Laugardag 11 – 16
Sunnudag 12 – 16

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



# Músíkdagur að erlendri fyrirmynd

**Stóri músíkdagurinn verður haldinn í fyrsta skipti á morgun en þá er fólk hvatt til að flykkjast út á götur og torg og flytja músík að eigin vali. Sams konar dagur er haldinn hátíðlegur í yfir hundrað löndum og 340 borgum en hann var fyrst haldinn í Frakklandi árið 1982.**

Stóri músíkdagurinn verður haldinn hátíðlegur hér á landi í fyrsta skipti á morgun en sams konar tónlistarhátíð er haldin víða um heim. „Í tilefni dagsins er fólk hvatt til að flykkjast út á götur og syngja og flytja tónlist að eigin vali. Á það jafnt við um áhugasem atvinnumenn," segir Rannveig Sigurgeirsdóttir, hjá Alliance Française.

Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur í Frakklandi árið 1982 og heitir á frummálinu Fête de la Musique. Hugmyndin breiddist síðan út og er nú haldið upp á daginn í fimm heimsálfum, í yfir hundrað löndum og 340 borgum. „Einhverra hluta vegna hefur Ísland, sem þó er mikið músíkland, ekki tekið siðinn upp og langaði okkur að vita hvort grundvöllur væri fyrir honum," segir Rannveig. Franska sendiráðið, Alliance Française, Grapevine, Höfuðborgarstofa og Rás 2 standa að baki deginum. „Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem við höldum upp á daginn verður haldið pínulítið utan um þátttakendur og verður hægt að skrá sig hjá okkur en þegar fram líða stundir vonumst við til að þátttaka verði að mestu sjálfsprottin að erlendri fyrirmynd."

„Hugmyndin er að virkja almenning til að koma út að syngja og tralla," segir Svavar Knútur Kristinsson, einn af talsmönnum dagsins. „Við verðum með flögg á Austurvelli og Ingólfstorgi þar sem fólk getur stillt upp en í framtíðinni erum við að vona að það verði óþarfi og að ungir sem aldnir fari bara út á næsta götuhorn. Markmiðið er að fólk komi saman og deili ást sinni á músík hver svo sem hún er."

| **DAGUR 1** Hjóluð Landmannaleið inn að Landmannahelli. | **DAGUR 1** Hjólað upp Austurdal sem gengur upp af Miðfirði og upp á Arnarvatnsheiði og að Arnarvatni stóra. Snúið við vegna torfærðar. Planið var að hjóla Skagfirðingaveg yfir Stórasand inn á Kjöl og niður á Hveravelli. Öllu pakkað í bílinn og byrjað aftur við Blöndustöð. Hjólað meðfram Blöndulóni niður Kjöl og endað á Hveravöllum. | **DAGUR 1** Byrjað í Setrinu, skála 4X4, austan við Kerlingarfjöll og sunnan við Hofsjökul. Hjólað um Gnúpverjaafrétt niður um Botna og yfir Miklalæk. Hjólað um Gljúfurleit á vesturbökkum Þjórsár. Komið niður að Sultartangalóni og Sultartangavirkjun og hjólað fram hjá Bjarnalóni og Búrfelli og endað á Ásólfstöðum. | **DAGUR 1** Hjólað frá Hólaskjóli í áttina að Sveinstindi. Hjólað af stað en eftir nokkra tíma af stanslausri snjókomu var ákveðið að snúa við, enda hópinn að snjóa inni. Tókst með naumindum að koma bílnum aftur að Hólaskjóli. | **DAGUR 1** Hjólað úr Jökulheimum. Farið yfir Tungnaá við Botnaver. Hjólað um Tungnárfjöll upp á Breiðbak norðan við Langasjó. Hjólað um Skaftártunguafrétt fram hjá Sveinstindi um Skælinga að Hólaskjóli. |
| **DAGUR 2** Hjólað frá Landmannahelli fram hjá Sátubarni upp Pokahryggi. Hjólað niður í Reykjadali vestan Hrafntinnuskers og niður að Laufafelli og að Álftavatni. Farið um Hvanngil inn Mælifellssand í skálann Strút. | **DAGUR 2** Hjólað frá Hveravöllum inn í Kerlingafjöll. | **DAGUR 2** Farið frá Hólaskógi fram hjá Háafossi og Granna. Farið um Fossölduver, sunnan við Geldingarfell og niður í Tungufellsdal. Farið yfir Hvítá við Brúarhlöð og yfir Tungufljót við Fossavað og endað í Úthlíð. | **DAGUR 2:** Hólaskjól – Þjóðvegur 1 Hjólað í suðurátt frá Hólaskjóli eftir mikla snjókomu, endað við þjóðveginn um það bil tuttugu kílómetrum austan við Vík í Mýrdal. | **DAGUR 2** Farið frá Hólaskjóli að Álftavötnum. Hjólað um Álftavatnskróka farið yfir Hólmsá og inn á Mælifellssand. Hjólað fram hjá Mælifelli. Farið hjá Hvanngilskrókum fram hjá Hattfelli og endað við Markarfljót. |
| **DAGUR 3** Hjólað frá Mælifelli út Mælifellssand og niður meðfram Öldufelli og Öldufellsjökli sem gengur norðaustur úr Mýrdalsjökli. Farið hjá Hólmsárfossi og endað í Hrífunesi. | **DAGUR 3** Hjólað um Hrunamannaafrétt. Farið frá Kerlingafjöllum um Leppistungur fram hjá Svínárnesi og nánast alla leið niður að Gullfossi austanmegin. Stoppað rétt ofan við Tungufellsdal. | **DAGUR 3** Hjólað frá Úthlíð upp að Miðfelli. Farið að Högnhöfða og um Helliskarð og hjólað yfir Rótarsand og endað við Hlöðufell. | | |




ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!
NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT
Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll
Alltaf laus sæti
www.flybus.is
I LONDON
Copenhagen
PARIS
BSÍ, 101 Reykjavík, 562-1011, main@re.is, www.flybus.is
flugrútan
EXPO • www.expo.is

## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar:**

***Kringumýrarbraut – Suðurlandsbraut 2009 – endurnýjun gatnamóta.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr. frá þriðjudeginum 23. júní 2009 í síma og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 7. júlí 2009 kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12295

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

VEGAGERÐIN

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Gönguleiðir og ræktun 2009.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá þriðjudeginum 23. júní 2009, í síma- og upp-lýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 9. júlí 2009 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12298

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur:**

***Norðlingholt – gönguleiðir og ræktun 2009.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá þriðjudeginum 23. júní 2009, í síma- og upp-lýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 7. júlí 2009 kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12296

***Úlfarsárdalur hverfi 1 – heimreiðar, gönguleiðir og ræktun 2009.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá þriðjudeginum 23. júní 2009, í síma- og upp-lýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 8. júlí 2009 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12297

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Orkuveita Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Tilkynningar

# Endurbirt auglýsing um skipulag í Kópavogi

**Skipulags- og umhverfissvið**

**Kjóavellir- Hesthúsabyggð, breytt deiliskipulag. 0901230**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Kjóavelli - Hesthúsabyggð. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarráði Kópavogs 22. janúar 2009 og í bæjarstjórn Garðabæjar 4. júní. Almennt er vísað í gildandi deiliskipulag fyrir Kjóavelli – hesthúsabyggð samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 24. júní 2008 og í bæjarráði Garðabæjar 8. júlí 2008 og meðfylgjandi skipulagsskilmála dags. 26. júní 2008.

Breytingin nær til Kjóavallasvæðis innan lögsögu Kópavogsbæjar. Skipulagssvæðið afmarkast af fyrirhugaðri íbúðarbyggð Vatnsendahlíðar til austurs, hesthúsum í Heimsenda til norðurs, verslunar og þjónustuhverfi á bæjarmörkum Kópavogsbæjar og Garðabæjar til vesturs og Magnúsarlundi í suður.

Í tillögunni felst að byggingarreitir hesthúsa við Landsenda (K gata) eru færðir fjær götu og í þeirra stað eru hestagerði færð að götu. Byggingarreitir að Landsenda 22 og 25 eru sameinaðir og breikka í 12.5 metra. Reiðskemmu er komið fyrir milli hesthúsa nr. 23 og 24 og hæð byggingareits verður 5.5 metrar með veggjahæð sem nemur 3.5 metrum. Lóð við hesthús að Landsenda 15 stækkar til austurs.

Byggingareitum hesthúsa við Markaveg (A gata ) eru breytt og þeim snúið um 90 gráður og komið fyrir í norður hluta lóðar. Hestagerðum er komið fyrir meðfram Markavegi. Bílastæði og aðkoma breytist.

Byggingarreitur hesthúsa að Hamraenda 14 til 20 eru sameinaðir og breikka í 12.5 metra. Reiðskemmu er komið fyrir milli hesthúsa nr. 16 og 18 og hæð byggingareits verður 5.5 metrar með veggjahæð sem nemur 3.5 metrum. Byggingareitur og lóð hesthúss að Hamraenda 34 stækkar um 5 metra til suðurs. Húsanúmer breytast.

Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:2000 ásamt skýringarmyndum dags. 20. janúar 2009 og greinargerð.

Tillagan verður til sýnis á Bæjarskipulagi Garðabæjar, Garðatorgi 7 frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til miðvikudaga, fimmtudaga frá 8:00 til 18:00 og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 og Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 15:00 frá 12. maí 2009 til 2. júlí 2009. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi Kópavogs eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 16. júlí 2009. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Smári Smárason,
skipulagsstjóri Kópavogs.

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Skipulags- og umhverfissvið**

**Kópavogstún, Kópavogsgerði 1, 2, 3, 4 og 6 (áður 1, 3, 5, 7 og 9), breytt deiliskipulag. 0905202**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga KRark og ARKþing arkitekta f.h. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 1, 3, 5 og 7 við Kópavogsgerði. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Kópavogsgerði sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 9. október 2008.

Tillagan gerir ráð fyrir breyttri aðkomu að lóðum og við það breytast húsanúmer þannig að hús nr. 7 verður nr. 1 hús nr. 1 verður nr. 3, hús nr. 9 verður nr. 2, hús nr. 5 verður nr. 4 og hús nr. 3 verður nr. 6. Tillagan gerir ráð fyrir að sameiginlegri lóð húsanna 1-7 verði skipt upp í þrjár lóðir og að heildarflatarmál lóðanna aukist úr 9.602 m2 í um 12.200 m2. Lóðarmörk og stærð lóðar nr. 2 (áður Kópavogsgerði nr. 9) breytist. Byggingarmagn á umræddum lóðum án kjallara minnkar úr 8.400 m2 í 7.100 m2. Sér lóð fylgir húsunum nr. 4 og 6 og gerir tillagan ráð fyrir sér bílageymslu fyrir hús á lóð nr. 4. Á lóð nr. 6 er fallið frá breytingu á núverandi húsi. Hús nr. 1 og 3 eru með sameiginlega lóð og aðskildar bílageymslur. Íbúðum fjölgar í húsi nr. 4 um 2 íbúðir. Byggingarreitir hækka ekki frá uppgefnum aðkomukóta. Sérafnotareitur mun fylgja íbúðum á jarðhæð.

Byggingareitir húsanna breytast og færðir til á eftirfarandi hátt: Á lóð nr. 1 færist byggingarreitur 10 metra til norðurs og 5 metra til vesturs. Á lóð nr. 4 færist byggingareitur 10 metra til suðurs.

Gert ráð fyrir að hluti svala nái 1,5 metra út fyrir byggingareiti húsanna. Þakhæð húsa er inndregin að hluta sem nemur allt að einum og hálfum meter frá mörkum byggingareita húsanna, sjá uppdrátt. Að öðru leyti gilda áram sömu skilmálar.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 19. maí 2009. Nánar vísast til kynningargagna.

**Hafnarfjarðarvegur – Skeljabrekka – Nýbýlavegur. Auglýsingarskilti, breytt deiliskipulag. 0801295**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi við Lund. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Hafnarfjarðarveg- Skeljabrekku- Nýbýlaveg sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 14. september 2004. Í tillögu að breytingu felst að þríhliða veltiskilti sem reist er á stöpli og er allt að 8 metra hátt verði komið fyrir á svæði við göngustíg sem liggur á milli Hafnarfjarðarvegar og hringtorgs sem er á mörkum Kárnesbrautar og Nýbýlavegar. Skiltið er staðsett utan marka veghelgunarsvæða. Lágreistur runnagróður er í beðum við skiltið og stíginn.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 18. nóvember 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 23. júní 2009 til 21. júlí 2009. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 4. ágúst 2009. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Smári Smárason,
skipulagsstjóri Kópavogs.

KADECO
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar

# Útboð

**Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. óskar eftir tilboðum í þjónustusamninginn:**

**Smiðjutröð í Reykjanesbæ - flutningur og förgun mengaðra jarðefna**

Verkið felst í flutningi og förgun á um 560 t af menguðu jarðefni. CPV-kóði: 90522000 – þjónusta tengd menguðum jarðvegi.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Almennu verkfræðistofunnar hf. að Fellsmúla 26, 4. hæð, 108 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 23. júní 2009 á 5.000 kr. hvert eintak. Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 18.ágúst n.k. kl. 11:00.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Almenna verkfræðistofan
FRÁ MÓTUN AÐ MANNVIRKI

## Fasteignir

# Húsnæði til leigu!

Glæsilegt húsnæði í Verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi, Borgarbraut 58-60, Borgarnesi 48,3 m² húsnæði undir verslunar- eða þjónustustarfsemi (áður skóbúð).

Nánari upplýsingar gefur Guðsteinn Einarsson í síma 660 8240 eða í tölvupósti gein@kb.is

Borgarland ehf. - Egilsholti 1 - 310 Borgarnesi



svæði. Gestir Skemmtigarðsins hafa því aðgang að klifurturni, strandblaki og gömlu hlöðunni sem hefur verið gerð upp og er meðal annars notuð sem veitingaaðstaða.

„Það nýjasta hjá okkur er að bjóða upp á fjölskyldudag fyrirtækja hjá okkur. Þetta er tilvalinn staður fyrir það, því hér er afþreying fyrir alla aldurshópa, meira að segja unglingana sem oft er svo erfitt að draga með á slíkar samkomu."

Áhuginn á garðinum hefur farið langt fram úr væntingum þeirra Ingu og Eyþórs og það er æ algengara að fólk vilji mæta á svæðið án þess að gera boð á undan sér. Það hefur ekki verið hægt hingað til, nema á föstudögum og laugardögum þegar fólk fær að ganga inn í aðra hópa sem eru á staðnum. Við ætlum að sjálfsögðu að bregðast við þessu og erum nú með í undirbúningi að auka á afþreyinguna fyrir fjölskyldur og einstaklinga," segir Inga.

### Töfrar hópeflisins

Eyþór og Inga hafa verið í afþreyingarbransanum lengi og vita því sitthvað um hvernig á að skemmta fólki og hrista það saman. „Við erum búin að eiga litboltafyrirtæki í níu ár, fyrst í Kópavoginum og síðar í Hafnarfirði á meðan beðið var eftir Gufunesinu." Þau eru með tuttugu manna hóp starfsfólks að baki sér og hefur margt þeirra unnið með þeim lengi. „Það er okkar lukka að hafa frábært fólk á bak við okkur. Þegar hópar koma til okkar taka á móti þeim hópeflismeistarar en hver þeirra er sérhæfður í ákveðinni afþreyingu. Við erum til dæmis með björgunarsveitagæja í klifrinu og sá sem kennir frisbígolfið keppir í sportinu. Við viljum að fólk fái bestu mögulegu leiðbeiningarnar svo það geti notið þess sem það er að gera."

Þau eru sannfærð um að hópefli sé besta leiðin til að hrista fólk saman. „Við fáum fullt af fólki til okkar sem nennir ekki að taka þátt í hópefli. „Þetta er ekki ég" segir það og harðneitar að taka þátt. En ég verð alveg ótrúlega svekkt ef ég næ ekki að sannfæra það um að vera með, því þetta er fólkið sem fær mest út úr hópeflinu. Þegar fólk hendir sér út í djúpu laugina verður það svo stolt af sjálfu sér og það færir því svo mikla gleði. Þess vegna höfum við svo mikla trú á hópefli; því við vitum hvað það gefur fólki. Við höfum fengið til okkar hópa úr fyrirtækjum sem hafa gengið í gegnum ofboðslega erfiðleika, til dæmis miklar uppsagnir. Fyrirtæki verða að gera eitthvað fyrir fólkið sem verður eftir, til að það haldi velli," segir Inga og Eyþór bætir við að það verði að minna fólk á að með réttu hugarfarinu geti það allt. „Það er ein ástæðan fyrir því að við fengum Guðmund Guðmundsson landsliðsþjálfara til liðs við okkur, en hann kennir okkur að yfirfæra hugarfar sigurvegarans yfir á fyrirtæki og einstaklinga. Það tekur jafnmikla orku að hugsa stóra hugsun eins og litla hugsun. Og það er ekkert erfiðara."

### Sterk heild

Þau Eyþór og Inga þakka hvort öðru velgengni garðsins og það er greinilegt að þau telja hvorugt garðinn geta gengið án hins. Verkaskiptingin á milli þeirra er skýr. Eyþór sér um þróun heildarsvæðisins á meðan Inga togar hann aftur niður á jörðina þegar hann er kominn fram úr fjárhagsáætlun. „Inga er akkeri fyrirtækisins. Hún heldur utan um allan daglegan rekstur, passar upp á allar áætlanir eins og konur gera," segir Eyþór og brosir. Inga hlær að hrósi Eyþórs en tekur undir að hún sé skipulagðari helmingur sambandsins. „Ég rek þetta bara eins og heimilisbókhald, þannig er langbest að gera þetta, ef maður ætlar að forðast að steypa sér í skuldir. Verkaskiptingin á milli okkar er gríðarlega mikilvæg og grunnurinn að því að samstarfið gangi á milli okkar. Eyþór er góður í að skipuleggja, hann er góður í hönnunar- og markaðsmálunum og hefur þá framtíðarsýn sem þarf til að við getum haldið áfram að vaxa og dafna."



**HÓPEFLI** Inga og Eyþór segja fyrirtæki oft vanmeta mikilvægi þess að hrista saman starfsmenn. MYND/EYÞÓR GUÐJÓNSSON



MYND/EYÞÓR GUÐJÓNSSON

**FULLORÐNIR LEIKA SÉR** Margir fullorðnir eru búnir að gleyma því hvað það er gaman að leika sér. Í Skemmtigarðinum rifjast það upp.




# Tekur skuldlaus við flokknum

**Jónmundur Guðmarsson** er nýr framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hann á að baki farsælan feril sem bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, og hefur til dæmis ekki tekið eitt einasta lán til framkvæmda. *Klemens Ólafur Þrastarson* forvitnaðist um hvernig væri að taka við flokknum við erfiðar aðstæður og hvernig hann ætlaði að stuðla að því að flokkurinn næði vopnum sínum að nýju.

Jónmundur Guðmarsson er 41 árs gamall og menntaður í heimspeki og stjórnmálafræði. Hann hefur verið bæjarstjóri Seltjarnarness síðan 2002. Jónmundur sló öll met 2006 þegar flokkurinn fékk rúm 67 prósent atkvæða undir hans forystu. Hann segist hafa verið varkár bæjarstjóri og ekki tekið eitt einasta lán til framkvæmda á ferlinum. Jónmundur skilar Seltjarnarnesi því skuldlausu á næstunni, þegar hann tekur við sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

*Þú tekur ekki við glæstu búi. Ástandið hefur líklega aldrei verið verra á flokknum en síðustu misseri. Hvernig líst þér á?*

Ég hefði ekki fallist á að taka þetta að mér ef ég hefði ekki sannfæringu fyrir því að við gætum snúið hlutunum á réttar brautir að nýju. Vissulega tekst ég á við ögrandi áskorun. En það eru tækifæri, með endurnýjun og endurskipulagningu, til að hefja nýja sókn. Ég hef trú á því að okkar formaður, Bjarni Benediktsson, geti leitt þá vinnu og flokkurinn gangi þá í endurnýjun lífdaga.

*Hvernig endurskipulagningu?*

Flokkurinn er áttatíu ára gamalt fyrirbrigði og ég held að menn þurfi að líta í hvern krók og kima. Menn þurfa að íhuga flokksstarfið, stefnumálin og með hvaða hætti þau eru sett fram. Einnig að endurnýja í málefnanefndum og reyna að stuðla að nýrri grósku og hugmyndaauðgi. Að finna nýtt erindi meðal kjósenda, og finna hvernig flokkurinn getur stuðlað að bættum þjóðarhag. Viðfangsefnin blasa við.

*Þú kemur úr skuldlausum rekstri að flokknum, en hvað skuldar Sjálfstæðisflokkurinn mikið og munt þú gera hann skuldlausan?*

Veistu, ég veit ekki hvað hann skuldar mikið. Ég hef ekki hafið störf og mér hefur því ekki gefist kostur á að athuga þetta. En ég vona að ég beri með mér það andrúmsloft inn í rekstur flokksins sem ég hef reynt að stuðla að á Seltjarnarnesi. Það hlýtur alltaf að vera keppikefli að ná árangri án þess að reisa sér hurðarás um öxl.

*Er ekki andstætt stefnu flokksins, allavega þessari frjálshyggjulegri, að vera batterí sem er rekið á ríkisstyrkjum?*

Sjálfstæðisflokkurinn er náttúrlega ekki frjálshyggjuflokkur. En jú, það má kannski segja að það sé að einhverju leyti andstætt henni. En þetta er það fyrirkomulag sem var sett á laggirnar á sínum tíma og allir flokkar komu að og hafa unnið eftir.

### Átök innan flokksins

*Þegar síðasta stjórn sprakk heyrðist að flokkurinn væri óstjórntækur. Að hann væri samsafn af litlum skæruliðahópum og ágreiningur um flesta hluti. Hvaða möguleika hefur Bjarni Ben til að gera þetta aftur að einhverri heild?*

Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf innihaldið margvíslegar skoðanir og verið það stór að hafa haft með sér fólk af öllum stigum.

Ég myndi því ekki taka undir þau orð að þar væru skæruliðahópar innanborðs. Þvert á móti er stefna hans nægilega víð til að hafa góðar forsendur til að ná til margra, og þar af leiðandi ná forystu í íslenskum stjórnmálum.

Auðvitað eru skiptar skoðanir innan flokksins um stór mál eins og Evrópusambandið. Ég hef ekki talið það af hinu slæma að menn takist á um hlutina. Umræður sem áttu sér stað í aðdraganda landsfundar og síðan forysta Bjarna Benediktssonar sýna að flokkurinn á mikið erindi og ágætis líkur á að ná fyrri styrk.

*Það er samt ekkert leyndarmál að það eru afgerandi armar innan flokksins. Hvar ert þú staðsettur?*

Ég staðset mig ekki í neinum armi frekar en öðrum, ef þeir eru á annað borð til. Ég tek við starfi framkvæmdastjóra flokksins og mitt hlutverk er að leiða starf flokksins á daglegum grunni. Taka þátt í að vinna með flokksmönnum vítt um landið en taka að öðru leyti ekki þátt í umræðum eða deilum um einstök mál.

*En þú sprettur upp úr jarðvegi Hannesar Hólmsteins og félaga, ekki satt? Menn eins og Sigurður Kári gera það líka og hann er nýorðinn aðstoðarmaður Bjarna Ben. Eru ykkar ráðningar til marks um að þessi armur sé að fá meira vægi með nýjum formanni, að Geirstímanum liðnum?*

Það vil ég alls ekki fullyrða. Ég hef aldrei talið mig sérstakan fylgismann eins eða neins í stjórnmálum. Ég hef ekki fengið neitt ókeypis á mínum ferli og hef fylgt minni sannfæringu í hverju máli fyrir sig.

Vissulega er rétt að ég þekki þessa menn sem þú nefnir og það hefur bæði komið í gegnum mitt háskólanám á sínum tíma og starfið í flokknum. En ég held að það sé ekki hægt að spyrða það saman í neina kenningu. Ég vona að þetta þýði bara að formaður flokksins hafi komið auga á tvo hæfa einstaklinga sem hann treystir. Ég er mjög þakklátur og stoltur yfir því að Bjarni hafi komið auga á mig og leitað til mín með þetta verkefni.

### Stjórnarflokkur í andstöðu

*Sjálfstæðisflokkurinn er vanur því að ráða mjög miklu. Hvernig heldurðu að þið munið pluma ykkur í stjórnarandstöðu?*

Af þessum fyrstu vikum að dæma er flokkurinn að vinna gott starf í stjórnarandstöðu. Formaður flokksins og þingmenn líta alls ekki á stjórnarandstöðu sem eitthvert hlutleysi eða ávísun á aðgerðaleysi. Þvert á móti sé ég að hann hefur verið mjög duglegur við að kynna lausnir, svo sem efnahagstillögurnar sem voru kynntar nýlega. Flokkurinn hefur fulla burði til að taka þátt í mótun lausna auk þess að veita ríkisstjórninni harða andstöðu og vera gagnrýninn á hennar fyrirætlanir.

*En er nú ekki einmitt tíminn til að sýna samstöðu og fylkja sér að baki ríkisstjórninni?*

Jú, en menn verða þá að hafa trú á því að lausnirnar séu sannfærandi og til langframa og farsældar fyrir þjóðina. Ég hef engar áhyggjur af því að jafnvel allir flokkarnir myndu standa saman að aðgerðum sem þeir væru sammála um að væru til framdráttar.

Vandinn er sá að menn eru ekki sammála um það sem á að gera. Við erum ekki í ádeilu á ríkisstjórnina í einhverju bríaríi og leik heldur hafa menn raunverulegar áhyggjur af því að verið sé að stefna í ranga átt. Maður verður að vona að út úr slíkum samskiptum komi að lokum einhverjar meginlínur sem menn geta staðið saman um.

*Það virðist aldrei nein sátt um neitt á Alþingi, þrátt fyrir þennan vanda sem við erum í. Helduðu að mætti treysta þjóðstjórn betur til að ná sáttum?*

Mín persónulega skoðun er sú að það gæti verið vel ráðið. Síðan skelfingarnar dundu yfir hefur bæði meiri- og minnihluti unnið mjög vel saman í bæjarstjórn á Seltjarnarnesi og við ákváðum að leggja þessar pólitísku krytur til hliðar. Við einhentum okkur í að vinna úr málunum. Með framlengingu á þeim hugsunarhætti held ég að ef þjóðarsamstöðu þurfi sé þjóðstjórn einn möguleiki til að nálgast það markmið. Menn verða að velta því fyrir sér hvort slíkt fyrirkomulag geti auðveldað til að leysa vandann skjótt og vel. Þótt maður hafi vonað innra með sér að núverandi ríkisstjórn gengi vel og leysti úr málum skjótt og vel, þá hefur hún komist allt of skammt á veginn.

Fólk kallar eftir forystu og vill fara að sjá vonarglætu, einhver ljós fyrir endanum á göngunum. Þar hefur stjórninni ekki tekist vel upp.

### Flokkurinn og ESB

*Sumir segja að eina vonarglæta ríkisstjórnarinnar sé ESB. Hvað finnst þér um ESB?*

Ég hef sögulega séð verið andvígur aðild. Ég held að við höfum verið vel sett í þessu tvíhliða fyrirkomulagi, EES. Við gátum stundað verslun og viðskipti án þess að fórna fullveldi eða auðlindum. Þetta taldi ég mjög góða skipun mála. Nú getur verið að umhverfið hafi breyst, nú finnst mér ekkert að því að menn ræði þetta í alla enda. En það verður að gera á grundvelli hagsmunamats og af yfirvegun og skynsemi. Ekki vera heittrúa með eða á móti. Við þurfum að setjast yfir þessa hagsmuni og skoða hvað tapast og hvað vinnst með aðild.

*En þið hafið ekki gert það.*

Það var auðvitað mikil umræða á landsfundinum og í aðdraganda hans, og með ákveðinni niðurstöðu. Þannig að það má vel segja að við höfum allavega tekið eitthvert skref fram á við. En þetta eru hlutir sem verða ekki afgreiddir á stuttum tíma.

*Allt atvinnulífið nema sjávarútvegurinn talar um aðild. Það hlýtur að vera erfitt fyrir flokkinn að vita að hann framfylgir annarri stefnu en atvinnulífið vill. Er ekki brýnasta verkefnið að komast að skýrri niðurstöðu?*

Jú, þetta er náttúrlega spurning sem þarf að svara.

*Sérðu annað svar en ESB?*

Hitt svarið er náttúrlega að við göngum ekki inn. En atvinnulífið og samfélagið er í mikilli gerjun og við munum ekki finna neina skjóta lausn á þessu máli. ESB hlýtur að koma til álita sem möguleiki, en menn verða líka að gera sér grein fyrir því að það kunna að vera aðrir möguleikar, sem koma sér betur þegar til lengdar lætur.

Auðvitað er það líka möguleiki að halda áfram eins og við höfum gert óbreytt. Við græddum ekkert sérstaklega mikið á því að skipta um mynt í dag. Við getum notað krónuna, í það minnsta fram að þeim tímapunkti að við sjáum að það sé hyggilegt að taka upp annan gjaldmiðil, eins og evruna.

Menn hafa svo deilt um hvort upptaka hennar þýddi að við þyrftum að fara í aðildarviðræður en ég skal ekkert segja um það sjálfur.



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** Telur að Sjálfstæðisflokkurinn eigi að taka skýrari afstöðu til Evrópusambandsins og fara meðal fólks til að sýna fram á hvert erindi flokksins sé við breyttar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ➜ ÍMYND FLOKKSINS OG NEIKVÆÐIR STIMPLAR

*Eftir hrunið hefur flokkur þinn fengið á sig ýmsa stimpla, til dæmis að hann sé samsafn lögfræðinga og kvótaeigenda eða gæti hagsmuna þeirra fyrst og fremst. Er þetta eitthvað sem þarf að skoða, hvernig flokkurinn kemst hjá svona stimplum?*

Já, ég vil fyrst nefna það að ég er dæmi um sjálfstæðismann sem er hvorki lögfræðingur né kvótaeigandi og get fullvissað þig um að þessi flokkur samanstendur af miklu fjölbreyttari hópi en svona táknmyndir gefa til kynna. Þetta er sá merkimiði sem okkar andstæðingar vilja hengja á okkur í pólitískum tilgangi. En þegar flokkurinn er skoðaður ofan í kjölinn kemur í ljós að enginn annar flokkur hefur haft jafn breiða skírskotun til almennings. Aðrir flokkar hafa notið stuðnings miklu einsleitari þjóðfélagshópa en við.

En maður losnar ekki undan þeim stimplum sem andstæðingar manns vilja hengja á mann, enda er það ekki forgangsatriði að eltast við það. Flokkurinn þarf að fara út á akurinn, út meðal landsmanna og gefa þeim tækifæri til að skilja fyrir hvað flokkurinn stendur. Hann þarf að eiga milliliðalaus samskipti við landsmenn alla svo hver og einn geti lagt mat á hann. Það er lykilatriði.

*Meðan flokkurinn var í ríkisstjórn kom líka þessi spillingarstimpill. Að fólk væri ráðið í helstu stöður ríkisins eftir ætterni eða flokksskírteini. Og síðan að þetta hafi stuðlað að því að illa fór þegar mikið lá við í hruninu. Er þetta eitthvað sem flokkurinn þarf að mynda stefnu um?*

Ég myndi í fyrsta lagi mótmæla því að einhverjar línur hafi verið lagðar um þetta og þeim fylgt eftir. Ég trúi því að þeir einstaklingar sem komu að málum hafi verið metnir hæfir til að glíma við þau verkefni, sem um var að tefla, þó að hlutir hafi síðan misfarist, eins og við þekkjum öll. En síðan er það ekki mitt sem framkvæmdastjóra að leggja línur um hvaða stefnu flokkurinn tekur, heldur landsfundar.

*Á svipuðum tíma og þú rakst bæjarfélag skuldlaust margfaldaði flokkurinn ríkisútgjöld. Villtist hann af leið, að þessu leyti?*

Nei, ég tel ekki að flokkurinn eða aðrir landsmenn hafi villst af leið. Við vorum öll vongóð um það að uppsveiflan gæfi okkur tilefni til að vera bjartsýn um framtíðina og hvernig við gætum veitt góða þjónustu og bætt lífsgæði okkar þjóðfélagsþegna.


Allt til alls!
GILDIR 20.06 - 21.06
SPARIÐ 13.000,-
SPACE FATASKÁPUR ÁÐUR 39.900,-
26.900,-
Stærð: H220 x B100 x D60 sm.
FATASTANDUR
3.990,-
Hæð: 178 sm.
KRÓM HILLA Á HJÓLUM LÍTIL
3.990,-
Lítil: B41 x H52 D32 sm.
Stór: B41 x H75 D32 sm.
KRÓM HILLA Á HJÓLUM STÓR
4.990,-
KOLLUR
2.990,-
LUPO SKÓHILLA
2.290,-
Stærð: B50 x H41 x D26 sm.
OLIVER SJÓNVARPSSKÁPUR
9.990,-
Stærð: B80 x H60 D49 sm.
BARDO BARBORÐ
29.990,-
Stærð: B120 x H106 D50 sm.
OLSEN FATASLÁ Á HJÓLUM
4.990,-
Stærð: B87 x H165 sm.
KENDALL BARSTÓLL
6.990,-
AMANDA GLERBORÐ
7.490,-
Stærð: B60 x L60 D48 sm.
BARSTÓLL
3.990,-
DUNDEE HILLA LÍTIL
7.490,-
Lítil: B40 x H70 x D30 sm.
Stór: B40 x H100 x D30 sm.
DUNDEE HILLA STÓR
9.990,-
ALLT SETTIÐ
54.900,-
VIKTOR hornbekkur + borð + 2 kollar
Góður hornbekkur, borð og 2 kollar. Tilvalið í sumarbústaðinn! Borð: B59 x L101 sm.
Bekkur: B146/106 sm.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
PLUS T10 yfirdýna
Eggjabakkalöguð dýna úr kaldsvampi sem eykur þægindi og vellíðan.
Stærð: 140 x 200 sm.
6.990,-
STÆRÐ: 90 x 200 SM.
4.990,-
PLUS F30 svampdýna
Vönduð svampdýna með eggjabakkalögun öðrumegin. Þykkt 12 sm.
Stærð: 90 x 200 sm.
9.990,-
STÆRÐ: 70 x 190 SM.
7.990,-
ATLANTIS KOJA
59.900,-
VERÐ ÁN DÝNU OG BOTNS
ATLANTIS koja
Sterk og stöðug koja. Hægt að breyta í tvö sjálfstæð rúm. Dýnustærð: 90 x 200 sm. ATH. verð eru án dýnu og botns.
FRÁBÆRT VERÐ!
TRINE gestarúm
Góð lausn er gest ber að garði. Stærð: B80 x L193 sm.
STÆRÐ: 80 x 193 SM.
1.990,-
INTEX
STÆRÐ: 163 x 208 SM.
9.990,-
VELOUR COMFORT vindsæng
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Innbyggð rafmagnspumpa. Taska fylgir.
Stærð: B163 x L208 x H50 sm.

# STÆRRI & BETRI VE[...]
# Í BÍLDSHÖFÐA





## BJÓÐUM UPP Á PYLSUR & GOS MILLI KL. 13:00 - 16:00






- **Frír ís fyrir alla**
- Hoppkastali fyrir börnin
- Veltibíllinn verður á staðnum

**KRÓNAN** Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN

í takt við tímann




KRÓNAN www.kronan.is



**UPPÁHALDSORÐIÐ ER SUND** Anna Clausen er dönsk en uppáhaldsstaðurinn hennar er þó Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Birta heldur fyrir mér vöku

Stílistinn og búðareigandinn **Anna Clausen** segir krepputal leyfilegt heima hjá sér. *Anna Margrét Björnsson* tók hana í þriðju gráðu yfirheyrslu.

**Síðan hvenær hefur þú haft áhuga á tísku?** Ég uppgötvaði klæðaskáp móður minnar þegar ég var fjögurra ára og fékk þá áhugann fyrir því að klæða mig upp í mismunandi föt.

**Hvenær varstu hamingjusömust ?** Ég er nú ekki dauð ennþá.

**Hvaða starfi dreymdi þig alltaf um að gegna?** Mig langaði alltaf að búa til fallega hluti og vinna með fólki sem veitir mér innblástur.

**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?** Það hlýtur að vera íbúðin mín hér í Reykjavík.

**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Ljótan hlut um pólskar ættir mínar.

**Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa?** Í borg sem væri ekki svona hræðilega dýr.

**Uppáhaldskvikmynd ?** Þær eru margar en mér finnst Suspiria eftir Dario Argento alveg frábær og ég elska tónlistina eftir Goblin.

**Draumahelgin þín í einni setningu?** Að sitja undir pálmatré og njóta sólsetursins.

**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?** Sem betur fer hef ég aldrei verið í leiðinlegu starfi.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á Íslandi?** Reykjavík.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta mest á í dag?** Ég hlusta á alls kyns tónlist en Tones on Tail og Bauhaus eru núna á „playlistanum“ mínum.

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?** Ég myndi ferðast fram í tímann til þess að athuga hvernig mannkynið hefði brugðist við heimskreppu og mengun, svo myndi ég þjóta til baka með vitneskjuna í farteskinu og flýta fyrir hlutunum. Það er kominn tími á nýja heimssýn.

**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Stanslaus birta.

**Trúir þú á framhaldslíf?** Já, ég trúi því að mannssálin hverfi frá jörðinni og breytist í stjörnur.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Í gærkvöldi þegar ég horfði á Meet the Feebles eftir Peter Jackson.

**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Já, ég elska silki á silki ofan.

**Uppáhaldsbókin þessa stundina?** Kilroy Kilroy eftir Ib Michelsen.

**Hver er tískufyrirmyndin þín?** Natja Brunckhorst sem lék Christiane í Dýragarðsbörnunum hafði mikil áhrif á mig þegar ég var yngri.

**Uppáhaldsorðið þitt á íslensku?** Sund.

**Er krepputal leyfilegt heima hjá þér?** Já.

**Hver verða þín frægu hinstu orð?** Takk fyrir þennan tíma.

**Hvað er nýjast í búðinni hjá þér og hvað er næst á dagskrá?** Ný lína frá Jet Korine sem er að koma í Belleville og að taka myndaþátt fyrir tímaritið Lodown.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Anna Clausen.

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Stílisti á Dazed&Confused, Purple og Lula og annar eigandi verslunarinnar Belleville Reykjavík.

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:** 1979, þegar Patty Hearst losnaði úr fangelsi og Michael Jackson gaf út plötuna Off the Wall.


SKEMMTILEGT ATVINNUTÆKI FÆRI

ESKIMO ER FYRIRTÆKI SEM STARFAR VIÐ LEIT OG RÁÐNINGU FÓLKS FYRIR KVIKMYNDA OG AUGLÝSINGALEIK

Vegna fjölda verkefna framundan leitum við að fólki af öllum stærðum og gerðum á aldrinum 14-100 ára til að hafa á skrá hjá okkur.

Áhugasamir geta mætt í myndatöku sunndaginn 21.Júní að skúlatúni 4 á milli kl. 12 og 17.

Við hvetjum áhugaleikara, meðlimi leikfélaga og kóra til að mæta.

eskimo +354 533 4646 SKÚLATÚN 4 105 REYKJAVIK WWW.ESKIMO.IS




## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Lundar** Lundastofninn í Eyjum er í hættu samkvæmt nýjustu fréttum. Dýr í útrýmingarhættu eru alltaf vinsælli en önnur dýr.

**Systur** Þúsund krónur til UNIFEM og kona er gengin í systralag. Það hefur aldrei verið auðveldara að eiga systur.



**Tíska** Tískuhönnuður er orðinn borgarlistamaður þannig að tískan er opinberlega orðin list (nema listin sé loksins dauð).




**Fever Ray** Þessi snilldarafurð sænsku tónlistarkonunnar Karin Andersson úr The Knife er á vörum og iPodum allra.

### Á niðurleið

**Innanlandsferðir** Að segjast endalaust ætla að sækja Ísland heim í sumar af því að það er kreppa, eins og einhver hafi verið að finna þetta upp.



**Víðir mynstraðir kjólar** Engin ástæða til að fela allar línur undir einhverju sem lítur út eins og ósmekklegt tjald.



**Reykingar** Sígarettupakkinn er orðinn svo dýr að fólk hreinlega verður að taka upp heilsusamlegri lifnaðarhætti.



**Sólin** Rigningu spáð alla næstu daga og tími kominn fyrir Fimbulfamb og kakóþamb.




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna

Dagana 18.-21. júní afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 21. júní 2009.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**LIONEL RICHIE SÖNGVARI FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1949.**



*„Þegar almenningur er í vanda gengur skemmtanaiðnaðurinn best. Fólk vill ekki láta minna sig á erfiðleikana í lífinu, hvort sem þeir eru vegna átaka eða annarrar óhamingju.“*

***Lionel Richie er bandarískur söngvari, lagahöfundur og plötuútgefandi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. JÚNÍ 1904

## *Fyrsti bíllinn kom til Íslands*



Fyrsta bifreiðin kom til Íslands þennan dag árið 1904 með gufuskipinu Kong Tryggve. Þetta var þýsk bifreið af gerðinni Cudell. Hún var reynd á götum bæjarins daginn eftir og þyrptist að múgur og margmenni til að sjá þetta furðuverk. Það var kaupmaðurinn og konsúllinn Ditlev Thomsen sem keypti bílinn með 2.000 króna styrk frá Alþingi og því gekk bíllinn undir nafninu Thomsen-bíllinn. Hann var þriggja ára gamall þegar hann kom til landsins og þá þegar orðinn gamall og úreltur. Líktist raunar fremur hestvagni en bifreið og vélaraflið var 3 til 6 hestöfl. Þó var hann með sæti fyrir þrjá til fjóra farþega og ökumann. Vélin var neðan til að aftan og tannhjól notuð til að færa aflið frá henni út í hjólin.

Bifreiðin fór um göturnar með braki og brestum og gekk afar skrykkjótt. Að lokum stoppaði hún alveg og þrautalendingin varð að draga hana heim með handafli. Það fór svo að bíllinn var sendur aftur til Danmerkur árið 1908 eftir að hafa staðið ónotaður í þrjú ár.

**MERKISATBURÐIR**

- **1750** Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson ganga fyrstir manna svo vitað sé á Heklutind.
- **1923** Samþykkt eru lög um skemmtanaskatt sem renna skal í sjóð til byggingar Þjóðleikhúss.
- **1936** Kristján 10., konungur Íslands og Danmerkur, leggur hornstein að virkjunarhúsinu við Ljósafoss.
- **1954** Ásmundur Guðmundsson vígður biskup yfir Íslandi og gegnir þeirri stöðu í fimm ár.
- **1969** Strandferðaskipið Hekla sjósett við Slippstöðina á Akureyri. Hún er stærsta skip sem smíðað hefur verið á Íslandi, 950 tonn.

# Eyjólfur Kristjáns í Jónsmessugöngu

Árleg Jónsmessuganga upp á fjallið Þorbjörn á Suðurnesjum hefur verið vel sótt undanfarin ár en í ár er það Bláa lónið í samstarfi við Grindavíkurbæ sem stendur að göngunni. Gengið verður frá Sundlaug Grindavíkur klukkan 20.30 en gangan tekur um þrjár klukkustundir undir leiðsögn hópstjóra. Göngugarpar munu njóta tónlistar Eyjólfs Kristjánssonar við varðeld á fjallinu og að lokinni göngu mun hann einnig skemmta í Bláa lóninu. Þátttakendur þurfa að greiða fyrir aðgang að Bláa lóninu sem verður opið til miðnættis þetta kvöld en gangan er fólki að sjálfsögðu að kostnaðarlausu.



**OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS** Eyjólfur Kristjáns mun skemmta í kvöld í Bláa lóninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## 90 ára afmæli



**Jóna Kristín Hallgrímsdóttir**

verður níræð sunnudaginn 21. júní næstkomandi. Af því tilefni verður fjöskyldan með afmæliskaffi í Þrastarheimilinu að Flatahrauni 21, frá kl. 15 til kl. 18 á afmælisdaginn og vonast til að sjá sem flesta vini og ættingja.



**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511









**MENNINGARFULLTRÚINN** „Ein bókanna er með fangamarki Brynjólfs biskups Sveinssonar,“ segir Guðrún. MYND/ELÍN ELÍSABET EINARSDÓTTIR

**MÁLÞING:** Í MINNINGU PÁLS JÓNSSONAR BÓKAVARÐAR Á ALDARAFMÆLI HANS

# Að horfa á bækurnar hans Páls í hillunum er hrein unun

„Páll lagði líf og sál í söfnun bóka þótt hann ætti líka önnur áhugamál eins og ferðalög og ljósmyndun,“ segir Guðrún Jónsdóttir, menningarfulltrúi Borgarbyggðar, og á þar við Pál Jónsson bókavörð sem lést árið 1985. Hann var mikilsvirtur bókasafnari og gaf Héraðsbókasafni Borgarfjarðar safn sitt eftir sinn dag en í því eru um 7.000 bindi frá ýmsum tímum.

Í dag eru liðin 100 ár frá fæðingu Páls. Þess verður minnst með málþingi fyrir almenning um hugðarefni hans í menningarsal Menntaskóla Borgarfjarðar frá 13 til 16. Valdar bækur hans og ljósmyndir verða til sýnis á staðnum. Að þinginu loknu stendur Ferðafélag Íslands fyrir gönguferð um uppeldisslóðir Páls en hann skrifaði árbækur félagsins frá 1968 til 1982. „Áætluð koma til Reykjavíkur er skömmu eftir mjaltir!“ stendur orðrétt í fréttatilkynningu um málið.

Pálssafn er þjóðargersemi að sögn Guðrúnar. „Sérstaða þess felst í hversu margar merkilegar bækur eru í því. Fágætar útgáfur og með einstökum áritunum,“ segir hún og nefnir sem dæmi að fangamark Brynjólfs biskups sé á einni bók. Einnig megi þar finna eitt rita Marteins Lúthers, prentað í Wittenberg árið 1521, og 29 íslenskar bækur frá 17. öld. „Safnið hefur mikið varðveislu- og minjagildi. Svo er fegurð þess mikil því Páll var vandvirkur bókbindari og að horfa á bækurnar í hillunum er hrein unun,“ lýsir hún.

Páll var fæddur í Stafholtstungum en ólst upp hjá vandalausu fólki til sextán ára aldurs í Örnólfsdal í Þverárhlíð. Þá flutti hann á höfuðborgarsvæðið og átti þar sína starfsævi, fyrst við verslunarstörf og blaðamennsku en lengst af sem bókavörður hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur. Auk þess var hann góður ljósmyndari og hafði dálitlar tekjur af þeirri iðju. „Páll setti allt sitt fé í bækur,“ segir Guðrún. „En hann og Þorsteinn Jósepsson, ljósmyndari og bókasafnari voru í góðum samskiptum og þeir fylltu upp í söfn hvors annars þegar þeir fundu eitthvað bitastætt á fornsölum eða uppboðum.“

Guðrún er forstöðumaður Safnahúss Borgarbyggðar og segir Pálssafn varðveitt þar sem eina heild. „Eitt af skilyrðunum sem Páll setti fyrir gjöfinni var að fræðimenn hefðu aðgang að safninu og vinnuaðstöðu nálægt því. Nú hillir undir að það verði að veruleika. Við erum langt komin með að skrá safnið í Gegni og þar með verður það mun aðgengilegra en áður,“ upplýsir hún og bætir við. „Borgarfjörður virðist hafa verið Páli afar kær svo við ævilokin hugsaði hann til heimabyggðarinnar og sendi safnið heim í Borgarfjörð. Nú þökkum við fyrir það, á hundrað ára afmælinu hans.“ **gun@frettabladid.is**



†

*Okkar ástkæri,*

**Kristján Guðmundsson**

ökukennari,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 23. júní kl. 15.00.

**Hólmfríður Kristjánsdóttir Jón Eiríksson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Faðir okkar,*

**Jóhannes Arason,**

fyrrum bóndi að Múla í Gufudalssveit, Austur-Barðastrandasýslu,

andaðist á Vífilsstöðum, þriðjudaginn 16. júní.

**Ari Óskar Jóhannesson**
**Elías Í. Jóhannesson**



†

*Hjartkær móðir mín,*

**Lýdía Bergmann Þórhallsdóttir,**

Ásvallagötu 42, Reykjavík,

lést þann 18. júní á Landakotsspítala.

**Jóhann Bergmann Ásgeirsson**

# Sögustundir í Stykkishólmi



**NORSKA HÚSIÐ** Þar er hafskipabryggjusýning.

Dagbjört Höskuldsdóttir segir sögur á Hafnarkontórnum í Norska húsinu í Stykkishólmi á morgun og byrjar klukkan 14 stundvíslega. Slíkar sögustundir verða þar næstu sex sunnudaga í tengslum við hafskipabryggjusýninguna í húsinu. Sögurnar verða af mönnum og málefnum sem tengjast hafnarsvæðinu í Hólminum.

Boðið er upp á kaffi og kleinur á staðnum. Auk þess geta gestir fengið sér í nefið, brilljantín í hárið og Old Spice á kinnina. **- gun**

# Útiprjónadagur

„Prjónum úti“-dagurinn verður haldinn hátíðlegur á morgun norðan heiða. Þar ætlar prjónafólk að hittast á flötinni við Gróðrarstöðina í Lystigarðinum á Akureyri og prjóna saman frá klukkan 16 til 18.

Ef rigning hamlar handavinnunni verður hist á Punktinum sem er í Rósenborg að Skólastíg 2. Að þessari stund standa, auk starfsfólksins á Punktinum, Quiltbúðin, verslunin Hjá Beggu og Laufáshópurinn.



**HANDAVINNA** Þessi mynd var tekin í Hallargarðinum á alþjóðlega prjónadaginn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Björn Björnsson

fyrrverandi póstmeistari í Reykjavík, til heimilis að Sléttuvegi 19, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi þriðjudaginn 16. júní. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 24. júní kl. 13.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jóna Finnbogadóttir**
**Þórhalla Björnsdóttir**
**Björn Björnsson**
**Sigurður Björnsson** **Guðrún Káradóttir**
**Jón Ingi Björnsson** **Aðalheiður Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

## Birkir Rúnar Sigurhjartarson

Skarðshlíð 32b, Akureyri,

lést laugardaginn 13. júní. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju miðviðkudaginn 24. júní kl.13.30.

**Kristrún Bergsveinsdóttir** **Sigurhjörtur Stefán Kristinsson**
**Bergsveinn Gunnar Sigurhjartarson**
**Sigrún Helga Sigurhjartardóttir** **Bjarni Sveinsson**
**Heiðar Valur Sigurhjartarson** **Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**og frændsystkini.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Unnur Guðfinna Pétursdóttir,

Arahólum 4, Reykjavík,

lést á Sjúkrahúsinu á Ísafirði mánudaginn 8. júní. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur hlýhug og samúð á þessum erfiðu tímum.

**Dagný Jóhannsdóttir** **Óskar Hálfdánarson**
**Elísabet Sigurðardóttir** **Ómar Karlsson**
**Ólafur Sigurðsson** **Gerður Sveinsdóttir**
**Gróa Sigurðardóttir** **Börje Karlsson**
**Vignir Pétursson** **Alda Þorsteinsdóttir**
**Guðrún Magnúsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---




## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Valgerður Þorsteinsdóttir

Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 19. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 26. júní kl. 15.00.

**Þorsteinn A. Jónsson** **Martha Á. Hjálmarsdóttir**
**Helgi Jónsson** **Jónína Sturludóttir**
**Þórður Jónsson** **Jytte Fogtmann**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

## Sigmars Björnssonar

Vættaborgum 96, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut.

**Unnur Kristinsdóttir**
**Hrefna Sigmarsdóttir** **Bergþór Kristleifsson**
**Ólöf Sigmarsdóttir** **Quinten Elliott**
**Íris Sigmarsdóttir** **Ómar Pétursson**
**Jóhannes Sigmarsson** **Þórdís Sigurðardóttir**
**Elísabet Sigmarsdóttir**
**og afabörnin.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og sambýlismaður,*

## Guðgeir Jónsson

bifreiðastjóri, Hlíðargötu 21, Neskaupstað, síðast til heimilis að Drápuhlíð 24, Reykjavík,

lést mánudaginn 15. júní. Minningarathöfn fer fram í Fella- og Hólakirkju mánudaginn 22. júní kl. 15.00. Jarðarförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 26. júní kl. 14.00.

**Guðný Guðgeirsdóttir** **Bragi Finnbogason**
**Jón Grétar Guðgeirsson** **Bryndís Helgadóttir**
**Marteinn Már Guðgeirsson** **Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir**
**Bentey Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,*

## Guðmundur Halldór Atlason

fyrrverandi flugumsjónarmaður, Boðagranda 7,

lést á Skógarbæ, fimmtudaginn 18. júní. Útför verður auglýst síðar.

**Lárus Atlason** **Nanna Guðrún Zoëga**
**Atli Helgi Atlason** **Ingibjörg Gréta Gísladóttir**
**Dóra Elín Atladóttir Johnsen** **Birgir Bárðarson**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður okkar, afa, sonar og bróður,*

## Kristins Finnboga Kristjánssonar.

**Hörður Ingi, Kristján Valur, Guðmundur Rúnar, Björn Þór og Birta Líf og Lorenzo,**
**Kristján Finnbogason**
**Eygló Sörensen** **Albert Ólafsson**
**Jón Brynjar Kristjánsson**
**Kolbrún Ósk Albertsdóttir**
**Bjarki Rafn Albertsson**
**Gunnhildur Sunna Albertsdóttir**
**Berglind Ösp Albertsdóttir**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

## Sigríðar Sigursteinsdóttur,

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, áður til heimilis að Krókatúni 3.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða og Lionsklúbbsins Eðnu.

**Hákon Björnsson**
**Sigursteinn Hákonarson** **Sesselja Hákonardóttir**
**Guðbjörg Hákonardóttir** **Ásgeir H. Magnússon**
**og ömmubörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

## Guðlaugur Jónatansson,

bifvélavirki, Faxabraut 28, Keflavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut, mánudaginn 15. júní. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Anna Rodita Rufina Jónatansson**
**Gema Librando** **Leonardo Librando**
**Fanney Guðlaugsdóttir**
**barnabörn og Gunnar Jónatanssson.**

---



*Elskuleg dóttir okkar, systir og unnusta,*

## Sandra Lind Pétursdóttir

Eyrarvegi 8, Akureyri,

lést miðviðkudaginn 10. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 22. júní kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á SÁÁ.

**Pétur Steinar Hallgrímsson** **Eygló Tryggvadóttir**
**Sunna Lind Pétursdóttir**
**Marvin Haukdal Einarsson**

## Starfsmenn óskast

Óskað er eftir starfsmönnum vönum málningarvinnu og almennri byggingarvinnu. Mikil vinna! Umsóknarfrestur er til 25. júní. Framtíðarvinna fyrir góða menn.

**Umsóknir sendist á vinnukraftur@hotmail.com**



**PHILIPS**

## Hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu






### Hleður síma, iPod og myndavélar

- Rafhlaðan endist í allt að 15 tíma. Hentar vel í útileguna, sumarbústaðinn og í ferðalagið. Þú stingur símanum eða iPod í samband við Power2Charge og hleður af rafhlöðunni
- 6 millistykki fyrir t.d. síma, iPod, myndavélar og önnur 5V tæki
- Snúran er í litlu handhægu kefli
- Millistykki geymd í gúmmíbandi
- Ferðapoki

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.



## Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Capacent ág-okt 08

**Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 512 5448|orn.geirsson@365.is**

**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**

FRÉTTABLAÐIÐ




# Caterpillar-arfleifð mín

**NOKKUR ORÐ**
**Júlía Margrét Alexandersdóttir**

Þar sem pabbi minn á og rekur fyrirtæki sem selur þungavinnuvélar og varahluti í stærri tæki hef ég, frá því að ég man eftir mér, átt alls kyns derhúfur, frisbídiska og límmiða með myndum af jarðýtum og beltagröfum. Meðan aðrir áttu plaköt með Madonnu átti ég Caterpillar-límmiða og gekk lengi vel með trefil sem var merktur KolbenSchmidt.

Ég var ekki stór þegar ég lærði að svara: „HAG Tækjasala“ í símann og gat tekið niður skilaboð er vörðuðu lyftara eða malbikunarvélar. Þar sem mikið var verslað við Þýskaland var ég fljótlega búin að læra einföldustu setningar á þýsku er vörðuðu það að hringja seinna, bíða augnablik eða hvort hægt væri að taka skilaboð.

Þegar ég eltist fékk ég svo fleiri störf að inna af hendi, svo sem að bera kaffi í menn sem gustaði um þegar þeir blótuðu, og úr því að vera þýskumælandi símsvari varð ég skeytaskrifari á þýsku og lærði hvernig átti að panta legur í veghefla. Uppskar ég ansi sérhæfðan vinnuvélavarahlutaorðaforða á þýsku.

Mér hefur alltaf þótt gaman að þekkja til þessa heims, kannski ekki séð fyrir mér að þetta kæmi mér að miklum notum í framtíðinni, en aldrei skal nokkur segja aldrei því á einni viku varð grafan að frelsistákni íslensku þjóðarinnar. Í baráttu við bankana hefur grafan orðið að nýjasta tólinu í byltingunni, líkt og klippigræjurnar voru á íslensku varðskipunum í Þorskastríðinu. Eftir hundrað ár verður kannski stytta af gröfu á Austurvelli. Ég sé jafnvel fyrir mér gröfuhálsmen – eyrnalokka – hárskart. Hver veit. Margt er til.



# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fasteignir.is

## langstærsti fasteignaleitarvefur landsins

Hægt að spila myndasýningu
af eignum sem fólk er að skoða

YFIR
16.600
eignir á skrá




Opin hús með mjög
áhugaverðum möguleikum




Þú getur einnig nálgast fasteignir.is inn á visir.is

Stórbætt leitarvél þar sem viðmótið er mun þægilegra en áður
hefur þekkst, hægt er að raða og flokka eignir á mun betri hátt en áður.







Eignavaktari, mínar síður
þar sem hægt er að vista eignir

## Ekki missa af draumaeigninni þinni – leitaðu á fasteignir.is

Ásbyrgi
Ársalir Fasteignasala
Ás Fasteignasala
Ásberg
Berg fasteignasala
Borgir fasteignasala
Byr fasteignasala
Domus fasteignasala
Eignamiðlun Mosfellsbæjar
Eignamiðlun
Eignaborg
Eignatorg
Fannberg Fasteignasala
Fasteignakaup fasteignasala
Fasteignamarkaðurinn
Fasteignamál lögmansstofa
Fasteignamiðlun
Fasteignamiðlun Grafarvogs
Fasteignamiðlun Vesturlands ehf.
Fasteignamiðstöðin
Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar
Fasteignasala G.Ó
Fasteignasala Íslands
Fasteignasala Snæfellsness
Fasteignasala Vestfjarða
Fasteignasalan Garður
Fasteignasalan Hákot
Fasteignasalan Tröð
Fasteignahöllin
Fold fasteignasala
Gimli fasteignasala
Húsaleiga/Húsasala
Heimaey fasteignasala
Heimili fasteignasala
Híbýli fasteignasala
Hof fasteignasala
Höfði fasteignamiðlun
Holt fasteignasala
Hraunhamrar fasteignasala
Húsanaust fasteignasala
Húsavík fasteignasala
Húsin í borginni
Húsið fasteignasala
Kjöreign
Miðborg fasteignasala
Neseignir
Nýtt heimili
Regula
RE/MAX Bær
RE/MAX Senter
RE/MAX Torg
Skeifan fasteignamiðlun
Stakfell fasteignasala
Stórborg fasteignasala
Tröð fasteignasala
Valfell fasteignasala
Valhöll fasteignasala
Viðskiptahúsið

**! Ath. á morgun kl. 16.00**

*Þá munu Vigdís Klara Aradóttir og Guido Bäumer leika saxófóndúetta í stofu nóbelsskáldsins. Á efnisskránni er frumflutningur verkanna Oxydes og Fjórir dúettar eftir Marie-Héléne Fournier, Adria eftir Christian Lauba og Konzertstück eftir Paul Hindemith. Stofutónleikar Gljúfrasteins verða alla sunnudaga í sumar kl. 16.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Tímaritið Saga komið út




Vorhefti Sögu, tímarits Sögufélagsins, er komið út og er það fyrsta heftið sem Sigrún Pálsdóttir ritstýrir. Margt efni er í heftinu sem er 264 síður að stærð. Fimmtán stjórnmálamenn svara spurningum ritstjórans en hún var send tuttugu og sjö einstaklingum sem aktífir hafa verið í pólitík. Spurt var: Hefur tilhugsunin um sögulega arfleifð þína og eftirmæli sem stjórnmálamanns haft áhrif á ákvarðanir þínar í pólitík?

Langt viðtal er í heftinu við Jóhann Pál Árnason, félagsfræðing og heimspeking; Guðmundur Jónsson birtir greinargerð um kreppur á Íslandi 1870-2000, Gunnar Karlsson kynnir nýtt hugtak: tilfinningarétt. Aðalheiður Guðmundsdóttir skrifar um siðferði gleðinnar í danskvæðum og dansmenningu fyrri alda. Hjalti Hugason rýnir í átök um samband ríkis og kirkju í deilum Guðmundar Arasonar og Kolbeins Tumasonar. Jón Ólafsson svarar gagnrýni Þórs Whitehead á skrif sín um samband Komintern við sósíalista hér á landi. Þá eru í heftinu ítarlegir ritdómar og vekur þar mesta athygli greining Páls Björnssonar á verki Guðjóns Friðrikssonar, Sögu af forseta, auk fleiri merkra ritdóma. Heftið skreytir á forsíðu hluti málverks af Lauritz Gottrup og fjölskyldu sem vegið er í heftinu af Þóru Kristjánsdóttur og Gunnari Hannessyni.

### > Ekki missa af

Smásveit Reykjavíkur, lítið brot af Stórsveit Reykjavíkur, kemur fram á öðrum tónleikum sumartónleikaraðar veitingastaðarins Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag Sigurður Flosason leikur á saxófón, Kjartan Valdemarsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Flutt verður fjölbreytt úrval djassstandarda. Hugsanlegt er að fleiri meðlimir Stórsveitarinnar kíki í heimsókn og taki lagið. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni.

## Magris verðlaunaður

Ítalski rithöfundurinn Claudio Magris hlaut fyrir fáum dögum Frelsisverðlaun þýskra bóksala en þau eru með virtari bókmenntaverðlaunum Evrópu. Fær hann verðlaunafé sem nemur 25 þúsund evrum. Magris kom hingað til lands fyrir fáum misserum. Hann er prófessor í bókmenntum við háskólann í Trieste og hefur skrifað fjölda rita þar sem hann skoðar ýmsa þætti sögu Evrópu á síðustu öld. Þekktasta verk hans er Dóná, sem kom út fyrir tveimur áratugum, en þar er í esseyjuformi fylgt Dóná frá upptökum til ósa. Verk hans eru þýdd á fjölda tungumála og þeirra á meðal síðasta skáldsaga hans Hin blindu en þar lýstur saman íslenskri sögu og meginlandsins. Sagan er byggð upp sem langt eintal manns að nafni Salvatore Cippico en hann rekur ævi sína fyrir lækni á Geðsjúkrahúsinu Barcola 1992. Þar fer fram fleiri sögum en einni því Salvatore trúir því að hann sé Jörundur Hundadagakonungur og því rekur sagan ferðir Jörundar til Ástralíu, Íslands og Tasmaníu auk þeirra meginlandslanda Evrópu sem Jörundur fór um. Inn í söguna blandast svo minningar frá Dachau nasista og Goli Otok, fangabúðir í Júgóslavíu Títós fyrir pólitíska andstæðinga kommúnista. Hinn tvískipti persónuleiki Salvatore sækir til einstaklinga sem hafa upplifað fanganýlendur, ferðir um farlæg höf og lendur og umrótatíma tveggja alda. Svissar eintalið á milli þeirra, jafnvel í miðri setningu. Bókin kom út í danskri þýðingu 2007 og vakti þá verulega athygli.


**BÓKMENNTIR** Claudio Magris rithöfundur.

- pbb

## Sautjánda listasumarið

**Listasumar á Akureyri hefur verið ómissandi í menningar- og listasumarsflóru Akureyrarbæjar til fjölda ára og ávallt sett svip á bæjarlífið.**

Fjölbreytt dagskrá Listasumars frá Jónsmessu að Akureyrarvöku þar sem boðið er upp á yfir hundrað viðburði, er mikilvægur og ómissandi þáttur í menningar-/listalífi og menningartengdri ferðaþjónustu á svæðinu, bæði fyrir heimamenn og ferðalanga.

Fastir dagskrárliðir Listasumars eru sem fyrr Heitir fimmtudagar, skipulagðir af Jazzklúbbi Akureyrar, Föstudagshádegistónleikar, hádegistónleikar skipulagðir af forsvarsmönnum Listasumars og Sumartónleikar í Akureyrarkirkju alla sunnudagseftirmiðdaga í júlímánuði, auk fjölda annarra viðburða á öllum sviðum listalífsins. Auk myndlistarsýninga í Listasafninu, Ketilhúsinu og Deiglunni eru settar upp fjölmargar og fjölbreytilegar sýningar í mörgum galleríum og vinnustofum, kaffihúsum og veitingastöðum.


**MANNFAGNAÐUR** Bláa kannan setur mikinn svip á miðbæ Akureyrar en Listasumarið hófst í gær í höfuðstað Norðurlands.

Listalífið á Akureyri er löngu orðið landsþekkt fyrirbæri. Það þykir nefnilega einsdæmi að svo margir myndlistarmenn/gallerí og sýningarsalir skuli rúmast í eins fámennum bæ og raun ber vitni. Engin landamæri eru á Listasumri og auk innlendra listamanna kemur fjöldinn allur af listamönnum hvaðanæva að úr heiminum.

Söfnin á Akureyri og í Eyjafirði eru hvert um sig með einstakar sýningar og bjóða upp á ýmsa viðburði. Listasumar kynnir einstaka viðburði í sínum veglega bæklingi, en söfnin í Eyjafirði eiga sinn eigin sameiginlegan bækling sem liggur frammi á öllum helstu ferðamannastöðum. Aðkomumönnum er bent á vef Listasumars: www.listasumar.is til að kynna sér dagskrána.

pbb@frettabladid.is




ENNEMM / SÍA / NM38315

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 20. júní 2009

**Tónleikar**

**15.00 Smásveit Reykjavíkur** (hluti af Stórsveit Reykjavíkur) kemur fram á tónleikum sumartónleikaraðar Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Á efnisskránni verður fjölbreytt úrval djassstandarda. Aðgangur er ókeypis.

**Opnanir**

**15.00** Helga Sigurlín Aminoff Ingimundardóttir opnar **málverkasýningu** þar sem hún sýnir olíumálverk, í Listasal Iðu-hússins við Lækjargötu 2a. Opið alla daga kl. 9-22.

**Ljóðadagskrá**

**21.00** Ljóðadagskrá með rokkuðu ívafi verður í Verksmiðjunni á Hjalteyri. **Einar Már Guðmundsson** er umsjónarmaður dagskrárinnar og gestir hans verða Kristján Pétur Sigurðsson og Þórarinn Hjartarson. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.



**Tónlistarhátíð**

Tónlistarhátíðin við **Djúpið** á Ísafirði, 18.-23. júní. Nánari upplýsingar www.viddjupid.is

**12.00** Ingunn Ósk Sturludóttir, **messósópran** verður með tónleika í Ísafjarðarkirkju við Sólgötu.

**17.00** Kammersveitin **Ísafold** heldur hátíðartónleika í Ísafjarðarkirkju.

**Myndlist**

Í **i8 Gallery** við Klapparstíg 33 hafa verið opnaðar sýningar á verkum Anthony McCall og Finnboga Péturssonar. Opið þri.-fös. kl. 11-17 og lau. kl. 13-17.

**Menningardagskrá**

**101 Tokyo,** japönsk menningardagskrá í Norræna húsinu við Sturlugötu 5. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**18.00** Prófessor **Tadanori Nagasawa** frá Musashino listaháskólanum heldur fyrirlestur um japanska nútímahönnun. Aðgangur er ókeypis.

**Flughelgi**



Flugsafn Íslands stendur fyrir dagskrá um helgina **Akureyrarflugvelli** við safnið. Aðgangur er ókeypis.

**10.00** Íslandsmót í **listflugi.**

**12.00** Opnun sýningar í **Flugsafninu.**

**13.00 Spyrnukeppni.**

**Sýningar**

Í Víkingaheimum við Víkingarbraut 1 í Reykjanesbæ stendur yfir sýningin **„Víkingar Norður-Atlantshafsins“**. Þar má einnig sjá víkingaskipið Íslending. Opið alla daga kl. 11-18.

**Síðustu forvöð**

Sýningu hollenska listamannsins Klaas Kloosterboer „Pulp Machineries“ í Suðsuðvestur við Hafnargötu í Reykjanesbæ, lýkur á sunnudag. Opin lau. og sun. kl. 14-17. **Aðgangur ókeypis.**

Sýningum Aðalheiðar Valgeirsdóttur og Karls Ómarssonar í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu, lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl.13-17. Aðgangur er ókeypis.

**Á Seyði 2009**

**16.00** Í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Seyðisfirði við Austurveg, verður kynnt Menningardagskráin á Seyði 2009 auk þess sem Kristján Steingrímur Jónsson og Aðalheiður S. Eysteinsdóttir opna sýningar. Hljómsveitin **Létt á bárunni** flytur nokkur lög.

**Menningarveisla**

Menningarveisla stendur yfir á Sólheimum í Grímsnesi. Nánari upplýsingar á **www.solheimar.is.**

**14.00 Hljómsveitin Buff** heldur tónleika í Sólheimakirkju.

**Dansleikir**

Sálin verður á Sjallanum við **Geislagötu** á Akureyri.

Sniglabandið verður á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

Papar og Egó verða á **NASA** við Austurvöll.

No Limits **90's partý** verður haldið á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### Sunnudagur 21. júní 2009

**Tónleikar**

**16.00** Vigdís Klara Aradóttir og Guido Bäumer leika saxófóndúetta í Gljúfrastein, húsi Skáldsins.

**Tónlistarhátíð**

Tónlistarhátíðin við Djúpið á Ísafirði, 18.-23. júní. Nánari upplýsingar www.viddjupid.is

**11.00** Tónlistarmessa í Ísafjarðarkirkju við Sólgötu.

**12.00** Una Sveinbjarnardóttir fiðla og Vovka Ashkenazy píanó verða með stutta morguntónleika í Ísafjarðakirkju.

**16.00** Sólstöðutónleikar í Ísafjarðarkirkju.

**Menningardagskrá**

101 Tokyo, japönsk menningardagskrá í Norræna húsinu við Sturlugötu 5. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**15.00** Matreiðslumeistararnir Yoshida Kensaku og Tetsunori Segawa sýna hvernig á að búa til sushi úr íslenskum fiski.



**Dansleikir**

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4, milli kl. 20-23.30. Danshljómsveitin Klassík leikur danlög við allra hæfi.

**Leiðsögn**

**15.00** Una Dóra Copley og Hafþór Yngvason verða með leiðsögn um sýninguna „Frá Unuhúsi til Áttunda strætis“ á Kjarvalsstöðum við Flókagötu.

**Flughelgi**

Flugsafn Íslands stendur fyrir dagskrá um helgina Akureyrarflugvelli við safnið.

**11.00** Útsýnis- og kynnisflug verður milli kl. 11 og 17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**LEIKLIST** Ágústa Skúladótir setur Ástardrykkinn á svið.

# Ástardrykkurinn byrlaður á ný

Undirbúningur fyrir Ástardrykkinn eftir Donizetti er nú kominn á fullt skrið í Íslensku óperunni, en óperan verður frumsýnd þann 25. október nú haust en sviðsetningu óperunnar síðla vetrar á verkinu var frestað.

Ráðið hefur verið í allar stöður og liggur fyrir að um áttatíu manns taki þátt í uppfærslunni á hverri sýningu. Nokkrir af fremstu óperusöngvurum Íslands af ungu kynslóðinni hafa verið ráðnir í fimm aðalhlutverk sýningarinnar; Garðar Thór Cortes í hlutverk Nemorino, Dísella Lárusdóttir í hlutverk Adinu, Bjarni Thor Kristinsson í hlutverk Dulcamara, Ágúst Ólafsson í hlutverk Belcore og Hallveig Rúnarsdóttir í hlutverk Gianettu. Þá munu Þóra Einarsdóttir og Gissur Páll Gissurarson einnig syngja hlutverk Adinu og Nemorino á sýningatímabilinu.

Sama listræna stjórn og stóð að hinni vel heppnuðu uppfærslu Óperustúdíós Íslensku óperunnar á Cosi fan tutte Mozarts stendur að sýningunni nú; Ágústa Skúladóttir leikstjóri, Guðrún Öyahals leikmyndahöfundur, Katrín Þorvaldsdóttir búningahönnuður, Páll Ragnarsson ljósahönnuður og Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri. Þá taka kór og hljómsveit Íslensku óperunnar þátt í sýningunni.

Ástardrykkurinn (L'elisir d'amore) eftir Donizetti var saminn árið 1832 og þykir ein skemmtilegasta ópera tónbókmenntanna. Í þessari gamanóperu, sem er lífleg ástarsaga, segir frá hinum unga sveitastrák Nemorino sem er ástfanginn af hinni ríku og fögru Adinu, en herforinginn Belcore hefur einnig miklar mætur á henni. Í því skyni að vinna ástir hennar kaupir Nemorino ástardrykk af „töfralækninum“ Dulcamara. Þegar Adina kemst að því að Nemorino hefur orðið að skrá sig í herinn til að festa kaup á drykknum er hún hrærð og sér hve heit og sönn ást hans er. Hún greiðir fyrir lausn hans undan herskyldu og parið nær loksins saman. Miðasala á sýninguna hefst í ágúst.


800 7000 • siminn.is







Milljónir laga í símann og tölvuna

án þess að borga krónu aukalega!

Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.** Þar geta þeir hlustað á uppáhaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara uppáhaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

*Streymi á erlendri tónlist um ADSL internetþjónustu flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.
**Viðskiptavinir í GSM áskrift, Mínu Frelsi eða ADSL internetþjónustu.
Takmarkaður fjöldi áskrifta.

Það er Síminn

## > VOGUE VELUR ÞÆR BEST KLÆDDU

Vefsíðan vogue.co.uk er með skemmtilega nýjung þar sem valdar eru best klæddu stjörnurnar þá vikuna. Skemmtileg aðferð til að veita manni innblástur við fatavalið. Í þessari viku eru það fyrirsæturnar Anouck Lepere og Lily Cole sem slá í gegn, ásamt leikkonunum Kate Bosworth og Jennifer Aniston.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …




**Dásamlegt líkamsskrúbb** frá Origins sem fjarlægir dauðar húðfrumur og frískar sólaða húð.




**Kórallitað naglalakk** fyrir sumarið sem minnir á stjörnur sjötta áratugarins.



**Nýja sumarilminn** frá Issey Miyake á karlmanninn í lífi okkar. Nammi namm.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Kúl tattú gegn „tramp stamps“*

Í vikunni var undarleg frétt um stúlku í útlöndum sem hafði sofnað á tattústofu og fengið fimmtíu og fimm en ekki þrjár stjörnur í andlitið. Aumingja stelpan var miður sín en sem betur fer endaði þetta farsællega þar sem stóri vondi tattúgaurinn bauðst til að borga fyrir leiseraðgerð til að fjarlægja öll herlegheitin. Ég veit eiginlega ekki alveg hvar ég stend hvað tattú varðar. Í mínum nánasta hring eru margir með mjög flott tattú, þau spanna allan skalann frá alls kyns dularfullum alkemískum myndum til lítils fyndins tákns sem fyrirfinnst á lyklaborði, og svo er stór og hress bleikur pardus líka í miklu uppáhaldi. Tattú er líka oft svona hlutur sem foreldrum finnst asnalegur og tengja við einhvers konar uppreisnargirni, rokk og almenna ógæfu. Ár eftir ár hugsa ég, jæja, nú fæ ég mér lítið tattú á úlnliðinn en í hvert skipti sem ég er búin að ákveða mig guggna ég. Ég byrja að hugsa um hvernig tattúið mun líta út á mér nakinni þegar ég er áttræð (eins og öllum væri ekki algjörlega sama þá) eða hvort ég skipti um skoðun á hvaða mynd eigi eiginlega við mig. Tattú geta líka verið eins skelfileg og þau geta verið flott. Það er nokkuð líklegt að öll þessi fiðrilda- og træbaltattú sem fyrirfinnast fyrir ofan rassinn á mjóbakinu á klassapíunum sem fara út á djammið í lágum gallabuxum og hlýrabol virki frekar halló eftir tíu ár, líka fyrir þær sjálfar. Skilst að slík tattú nefnist „tramp stamp“ í útlöndum án þess að fara nánar út í þá sálma. Einu sinni skrifaði ég pistil um að træbaltattú væru hallærisleg og uppskar mikla reiði lesenda. Býst því við að margir hafi hugsað, nei, sjitt maður, Fréttablaðið dæmdi þau á niðurleið og nú þarf ég að fara í leiseraðgerð. (Nei djók). En án gríns þá get ég alveg vel skilið af hverju fólk fær sér tattú. Það er að segja, ef fólk fær sér tattú til þess að merkja ákveðinn tímapunkt í lífinu, nú eða fá sér eitthvað sérkenni. Það er að minnsta kosti öruggt að fólk ætti aldrei að fá sér tattú af því að það ákveðna tákn er í tísku því að tískan er jú andskoti hverful.



**TATTÚ EÐA ATSJÚ?** Það er að minnsta kosti á hreinu að ég mun aldrei fá mér Sigur Rósar tattú.




Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000** **tilboð 58.000**
*meðan byrgðir endast.*

**Hrein fjárfesting ehf**
**Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is**
**Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337**
**www.rainbow.is**




**GÖTÓTT** Hér er hvítur kjóll yfir svörtu fóðri.



**BOLERO** Spænsk nautabanaáhrif í þessum háu buxum og stutta jakka.



**HVÍTT** Sexí kjóll í anda tíunda áratugarins.

ALEXANDER WANG SÝNIR KYNÞOKKAFULLA LÍNU:

# Undirföt sem sjást

Bandarísk/kínverski hönnuðurinn Alexander Wang vakti mikla athygli fyrir kvenlega og kynþokkafulla línu sína fyrir haust og vetur 2009. Hann notaði mikið svart og leður og virtist innblásinn af „eighties“-tísku þar sem brjóstahaldarar voru til sýnis. Kjólar voru þröngir með rennilásum og oftar en ekki glitti í bert bak á fyrirsætunum. Svipaða kjóla má finna í verslunum eins og Top Shop og Warehouse um þessar mundir. **- amb**



**PÖNKAÐ** Leggings alsettar götum við þröngan svartan topp.



**FLOTT BAK** Einstaklega falleg hönnun þar sem bakið fær að njóta sín.



**SAMFESTINGUR** Kynþokkafullt dress með brjósta-„detail“



**SEXÍ** Þröngur svartur kjóll með rennilás í bakið.



Full búð af nýjum
vörum 0-14 ára
20-40% afsl af
Katvig og fleiri vörum
smárar
Laugavegi 25 sími 5335500
Opið sunnudaga frá 13 til 16

> HRÆÐIST MEÐFERÐIR

Bandaríska nýstirnið **Megan Fox** hræðist veislur og partí í Hollywood. Fox, sem sló í gegn í kvikmyndinni Transformers, er þó ekki smeyk við slíkar veislur vegna ágangs karlkyns aðdáenda heldur óttast hún ekkert meir en að þurfa að fara í áfengismeðferð.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sjálfhæðið flipp um Ísland

Félagarnir Helgi Jean Claessen og Hjálmar Jóhannsson hafa sett grínmyndband inn á síðuna Youtube þar sem þeir rappa á útlensku fyrir Íslands hönd. Lagið nefnist Ice Ice Iceland: You Can´t Mess With Iceland og umfjöllunarefnið er kreppan á Íslandi og ýmsar ranghugmyndir tengdar henni erlendis.

„Það er búin að vera öll þessi umræða í gangi um Ísland á erlendri grundu um að við séum versta land í heimi,“ segir Helgi. „Við vorum búin að vera á toppnum en síðan vorum við bara orðin heimsþekktir fátæklingar. Við höfum verið máluð svo svörtum litum þannig að við vildum senda skilaboð út til þjóðanna í sjálfhæðnu flippi.“

Á meðal þeirra sem koma við sögu í laginu eru Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Björk og handboltalandsliðið. „Við erum aðeins að bíta frá okkur. Fólk hélt að við myndum þurfa að búa í snjóhúsum og að við værum verst setta þjóðin, orðin að hálfgerðu þriðja heims ríki,“ segir hann.

Alls hafa um átta þúsund manns séð síðasta myndband Helga og Hjálmars þar sem þeir gerðu grín að frægum Kompásþætti um handrukkara. Vonast þeir til að aðsóknin að nýja myndbandinu verði ekki síðri, enda sjálft stolt þjóðarinnar í húfi. - fb



**HELGI OG HJÁLMAR** Helgi Jean Claessen og Hjálmar Jóhannsson hafa sett grínmyndband inn á Youtube. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á MÓTI SÓL** Hljómsveitin Á móti sól hefur sent frá sér lagið Ef þú ert ein.

## Á móti sól með nýtt lag

**Hljómsveitin Á móti sól hefur sent frá sér nýtt lag sem nefnist Ef þú ert ein. Lagið, sem er eftir hljómborðsleikarann Heimi Eyvindarson, er hið fimmta sem sveitin sendir frá sér af væntanlegri plötu sinni. Áætlað er að hún komi út í nóvember. Hægt er að hlusta á lagið á bloggsíðu sveitarinnar, amotisol.blog.is. Hljómsveitin spilar næst á Glóðinni í Keflavík í kvöld og verður þar væntanlega hörkustemning.**

**Stutt er síðan útgáfa Á móti sól og Buffsins á laginu Gefðu mér grásleppu fór í útvarpsspilun. Var það tekið upp á rútu á leiðinni norður í landi í Hvítasunnuhelgina.**

# HAFFI HAFF TRYLLIR LÝÐINN Á FEGURÐARSAMKEPPNI MÖLTU

**Haffi Haff treður upp á mikilli fegurðarsamkeppni á Möltu og kemur fram á MTV hátíð þar. Helsta áhyggjuefnið er að stílistinn mikli á engin föt til að koma fram í.**

„Ég ætla að reyna að gera allt vitlaust,“ segir stílistinn og tónlistarmaðurinn Haffi Haff. Það stendur mikið til hjá Haffa en 4. júlí næstkomandi treður hann upp á mikilli fegurðarsamkeppni sem haldin er á Möltu – Miss World Jersey sem er eins konar forkeppni Miss World en bresku eyjarnar eru með sérstaka keppni í tengslum við það. Þá verður á sama tíma mikið MTV-partí á Möltu og er ætlunin að Haffi komi þar fram einnig.

„Það er ógeðslega gaman að fara út og gera eitthvað. Ég hef verið á fullu við að skemmta hér heima, eins mikið og ég get, en það er gaman að fara út. Maður sigrar ekki heiminn með því að vera alltaf á sama stað. Og það er tilgangurinn: Að sigra heiminn,“ segir Haffi Haff hress í bragði. Hann ætlar að flytja lagið „Control“ sem hann sendi frá sér fyrir viku. Einnig Wiggle Wiggle Song sem Íslendingar þekkja vel frá því hann söng það í forkeppni fyrir Eurovision-keppnina fyrir tveimur árum. Og ekki síst lagið Give Me Sexy sem er mjög vinsælt á Möltu. Ástæðan fyrir því að Haffi er þekkt stærð á Möltu er meðal annars þannig sú að textahöfundur þess lags, Gerard James Borg, er einmitt búsettur á Möltu. Gerard er virtur í bransanum og hefur í nokkur skipti átt framlag Möltu í Eurovision-söngkeppnina auk þess að hafa starfað með stórstjörnum á borð við Missy Eliot, Alicia Keys, Sacha og Carola.

„Hann er ótrúlega góður gæi en við höfum verið að vinna með honum að undanförnu. Ég ætla að reyna að fá Írisi Hólm sem syngur með mér í Control út. Annars veit ég ekki hverjir verða með í för. En þetta er stórkostlegt tækifæri og ég ætla að reyna að gera þetta eins vel og hægt er. Og vera fulltrúi Íslands. Sýna að hér á Íslandi er verið að gera góða hluti. Gera lög sem eiga erindi á alþjóðavettvang. Það er mikilvægast,“ segir Haffi og slær nú fram nokkru sem hlýtur að koma mörgum á óvart. „Annars verður þetta í góðu lagi. Einu áhyggjur mínar eru þær í hverju ég á að vera. Ég á ekkert til að vera í.“ Haffi Haff er einhver þekktasti stílisti landsins en hann segir að það sé svo að þó hann sé að stílisera nánast alla þá mæti hann sjálfur afgangi. „Ég á alltaf í vandræðum með það. Þetta er mesta stressið.“ Ekki er hægt að skilja við Haffa án þess að inna hann eftir ástamálunum en fjölmiðlar fjölluðu um ástalíf hans fyrir um hálfu ári. Haffi hlær spurður hvernig þau mál standi nú. „Það er enginn í mínu lífi núna. Það ræður enginn við mig. Það er allt í lagi. En það þarf alvöru mann til að geta höndlað mig. Og þeir eru ekki á hverju strái. Ég er einn og það er fínt.“

jakob@frettabladid.is



**HAFFI HAFF** Ætlar sér að sigra heiminn og það gerir hann ekki með því að vera alltaf heima á Íslandi.






**ROBIN PECKNOLD** Telur ólöglegt niðurhal á tónlist bara gott fyrir tónlistarheiminn.

## Niðurhal af hinu góða

**Robin Pecknold, söngvari hljómsveitarinnar Fleet Foxes, telur að ólöglegt niðurhal á tónlist hafi haft góð áhrif á tónlistarheiminn. Hann segir að nú á dögum sé auðveldara fyrir tónlistarmenn, þar á meðal hann sjálfan, að uppgötva gamla tónlist sem geti haft áhrif á þá. „Eftir því sem tónlistarmenn hlusta á meiri tónlist, því betri verður tónlistin sem listform,“ sagði hann. „Það er fullt af frábærum hljómsveitum starfandi núna sem eru að semja mun betri tónlist en fyrir tíma Napster.“ Fleet Foxes átti eina af plötum ársins í fyrra að mati gagnrýnenda.**

# 10 NETHEILRÆÐI



## 1. Uppgötvum netið með börnunum okkar

Kynnist netinu saman og reynið að finna vefsíður sem eru í senn spennandi og skemmtilegar og við hæfi barna. Spjallið saman um jákvæðar og neikvæðar hliðar netsins og það sem hægt er að gera ef eitthvað fer úrskeiðis.

## 2. Gerum samkomulag við börnin um netnotkun

Semjið við barnið um netnotkun þess. Reglurnar gætu til dæmis snúist um eftirfarandi atriði:

- Hvernig fara á með persónulegar upplýsingar (nafn, heimilisfang, símanúmer, netfang)
- Að lykilorð eru einkamál
- Hvernig koma á fram við aðra á netinu (spjall, tölvupóstur, skilaboð)
- Hversu langan tíma er leyfilegt að vera á netinu hverju sinni
- Hvers konar vefsíður fjölskyldan sættir sig við
- Myndbirtingar
- Rafrænt einelti

## 3. Hvetjum börnin til að vera gætin þegar þau veita persónulegar upplýsingar

Margar vefsíður krefjast persónulegra upplýsinga um notanda áður en hægt er að skoða efni þeirra. Þess vegna er mikilvægt að barnið viti hvenær er í lagi að veita persónulegar upplýsingar og þá hvaða. Einföld regla er að barnið gefi aldrei upp persónulegar upplýsingar án leyfis foreldris.

## 4. Ræðum um þá áhættu sem fylgir því að hitta netvin

Netið getur verið kjörinn vettvangur fyrir börn til að kynnast öðrum börnum. Hins vegar er ekki ráðlegt að þau hitti einhvern sem þau kynnast á netinu nema í fylgd með foreldri eða öðrum fullorðnum. Dæmi eru um að börn hafi lent í vandræðum þegar þau hitta netvin einsömul og viðkomandi reynist annar en hann/hún sagðist vera.

## 5. Kennum börnunum að skoða efni á netinu með gagnrýnum hætti

Mörg börn nota netið til að bæta og auka þekkingu sína í tengslum við nám og tómstundir. Netnotendur ættu hins vegar að muna að ekki eru allar upplýsingar á netinu réttar. Ræddu við barnið um hvernig megi sannreyna upplýsingar, til dæmis með því að skoða mismunandi vefsíður um sama efni, kanna hver reki vefsíðuna (t.d. einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun) og hvernig hægt sé að greina milli auglýsinga og upplýsinga.

## 6. Barnið kann að rekast á netefni ætlað fullorðnum

Börn geta fyrir tilviljun rekist á vefsíður sem ætlaðar eru fullorðnum. Höfum jafnframt í huga að börn eru gjarnan forvitin um það sem er bannað og leita því stundum vísvitandi að slíkum vefsíðum. Reynum að nota slík tilvik sem tækifæri til að ræða málin og setja reglur um leit á netinu.

## 7. Komum upplýsingum um ólöglegt/skaðlegt efni til réttra aðila

Það er mjög mikilvægt að við tilkynnum strax til réttra aðila ef við rekumst á efni sem við teljum að sé ólöglegt eða skaðlegt. Þannig drögum við úr ólöglegri starfsemi á netinu eins og til dæmis kynferðisofbeldi gegn börnum eða tilraunum til að tæla þau á félagsnetsíðum, spjallrásum, í tölvupósti eða með smáskilaboðum (SMS) til að hitta ókunnuga ellegar brjóta lög.

## 8. Hvetjum til góðra netsiða

Netsiðir eru mannasiðir á netinu og rétt eins og óformlegar siðareglur gilda í daglegu lífi segja óformlegar siðareglur til um hvernig fólki ber að haga sér á netinu. Þessar reglur snúast meðal annars um kurteisi, virðingu, umburðarlyndi og gott og rétt mál. Einelti er einnig orðið algengt á netinu og mikilvægt er að allir geri sér grein fyrir hve alvarlega afleiðingar það getur haft í för með sér. Hvorki fullorðnir né börn eiga að lesa tölvupóst annarra eða nota efni sem ekki má afrita.

## 9. Kynnum okkur netnotkun barnanna okkar

Forsenda þess að þú getir leiðbeint barni þínu um netnotkun er að þú vitir hvernig það notar netið og hverju það hefur gaman að. Láttu barnið sýna þér hvaða vefsíður það skoðar gjarnan og hvað það gerir þar. Ef þú aflar þér tæknilegrar þekkingar aukast líkur á að þú takir skynsamlegar ákvarðanir um netnotkun barnsins þíns. Að auki geta foreldrar og börn átt saman góðar stundir við leik og upplýsingaöflun á netinu.

## 10. Kennum börnunum að nota netið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt

Netið er auðlind sem vert er að nýta sér. Með eftirliti og góðri leiðsögn getur barnið þitt til dæmis mótað jákvæða sjálfsmynd, hitt áhugavert fólk, komið skoðunum og hugmyndum á framfæri, sótt upplýsingar og margvíslegan fróðleik.




SAFT - Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli - landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd.

Heimili og skóli er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðafræði á þessu sviði sem styður hið jákvæða og hamlar gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar.

**Heimasíða verkefnisins er www.saft.is**

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Menntamálaráðuneytið

Microsoft

Síminn




# Töfrandi dúett með Beck

**Söngkonan Þórunn Antonía segir það mikinn heiður að hafa tekið upp plötu með tónlistarmanninum Beck. Frekara samstarf þeirra tveggja er hugsanlegt.**



**STILLA SAMAN STRENGI**
**Þórunn Antonía** og **Beck** stilla saman strengi sína á nýrri plötu tónlistarmannsins sem er reyndar endurgerð á hinni sígildu The Velvet Underground & Nico. Þórunn segir það mikinn heiður að fá að starfa með hinum heimsfræga Bandaríkjamanni sem hefur reyndar norrænt blóð í æðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Beck, sem er búsettur í Los Angeles, hefur sett á fót verkefni þar sem hann tekur upp eigin útgáfur af þekktum plötum á aðeins einum degi án nokkurs undirbúnings og birtir afraksturinn á netinu.

Fyrir upptökurnar á hinni sígildu Velvet Underground & Nico var hóað í Þórunni Antoníu með nánast engum fyrirvara og hún beðin um að taka þátt. „Þetta var alveg æðislegt. Ég var í Los Angeles í tvo og hálfan mánuð að syngja með hljómsveit sem heitir thenewno2 sem Dhani, sonur George Harrison, er í. Ég fékk SMS frá vinum mínum einn morguninn þar sem var spurt: „Viltu koma að syngja með Beck í dag?“ Ég sagði: „Já, ekkert mál“,“ segir Þórunn.

Þegar hún mætti í hljóðverið var vinur hennar, hinn heimsfrægi upptökustjóri Nigel Godrich sem hefur unnið með Beck og Radiohead, þar staddur ásamt tónleikabandi Beck og auðvitað Beck sjálfum. Þakkaði hann Þórunni kærlega fyrir komuna og skömmu síðar hófust upptökur. Hljóp Þórunn þarna í skarðið fyrir tónlistarmanninn Devendra Banhart sem átti að vera í hlutverki söngkonunnar Nico.

„Honum leist rosalega vel á mig,“ segir hún um Beck. „Hann lét mig syngja sólólög og gera dúetta með sér. Við vorum þarna frá tólf á hádegi til tólf á miðnætti og ég spilaði á sítar í einu lagi og tambúrínu í öðru. Ég vissi ekkert hvað myndi verða úr þessu og var ekkert að pæla í þessu. Ég átti bara frábæran dag með góðum hljóðfæraleikurum,“ segir hún. „Svo hringdi Beck í mig og bauð mér í heimsókn og ég hlustaði á plötuna heima hjá honum í Los Angeles. Hann sagði að það hefði verið töfrandi stund þegar við sungum saman.“

Að sögn Þórunnar var Beck mjög áhugasamur um að starfa aftur með henni í framtíðinni. „Það eru mjög góðar fréttir fyrir mig að fá hrós frá svona manni,“ segir hún og útilokar ekki að fá aðstoð frá Beck við gerð sólóplötu sinnar sem er í undirbúningi.

Afraksturinn af samstarfi þeirra er þegar kominn á netið. Geta áhugasamir séð Beck og Þórunni syngja dúett í laginu Sunday Morning á heimasíðunni Beck.com.

freyr@frettabladid.is

# Rifja upp gömlu árin

Tónleikarnir Party Zone´95 verða haldnir á skemmtistaðnum Jakobsen í kvöld. Þar munu allir helstu plötusnúðar Tunglsins og Rósenbergkjallarans frá árunum 1990 til 1995 leika listir sínar. Á efri hæð Jakobsen verða plötusnúðar Tunglsins sem þeyta skífum í bland við slagara úr útvarpsþættinum Party Zone. Á neðri hæðinni verður stemning hins goðsagnakennda Rósenbergkjallara rifjuð upp þetta eina kvöld. Þetta er í fyrsta sinn sem allir þeir sem báru hitann og þungann af því að byggja upp íslensku danssenuna á þessum tíma standa saman að svona kvöldi.

Margeir, Maggi Lego, Árni E. og Grétar G., ásamt fulltrúum Party Zone, hafa allir staðfest þátttöku sína.



**DJ MARGEIR** Plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson verður meðal þeirra sem koma fram í kvöld.




















**2.389 kr.**
- hver mynd!

# Nýjar myndir á DVD
## á góðu verði í Max






**1.989 kr.**





**2.389 kr.**
- hver mynd!

| OPNUNARTÍMI | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fim. | kl. 11-19 |
| Mán. | kl. 11-19 | Fös. | kl. 11-19 |
| Þri. | kl. 11-19 | Lau. | kl. 11-18 |
| Mið. | kl. 11-19 | Sun. | kl. 12-18 |

MAX / Kauptúni 1
Garðabæ
Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Pepsi-deildin á fullu um helgina



Það er skammt stórra högga á milli hjá knattspyrnustrákunum en áttunda umferð Pepsi-deildarinnar hefst á sunnudag með fjórum leikjum. Fram og KR hefja leik á Laugardalsvelli klukkan 16.00. Hinir þrír leikir dagsins hefjast svo allir klukkan 19.15. Þá tekur FH á móti Þrótti, Keflavík fær Fjölni í heimsókn og Grindvíkingar heimsækja Fylkismenn. Lokaleikir umferðarinnar eru svo á mánudag en þá sækir ÍBV lið Vals heim og Breiðablik tekur á móti Stjörnunni. Leikjunum verður öllum lýst beint á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins.

# sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR ÞÓRÐARSON: ER AÐ GERA FRÁBÆRA HLUTI MEÐ HIÐ UNGA OG EFNILEGA LIÐ FYLKIS

# *Maður þroskast hægt og rólega í þessu starfi*



Fylkir vann á fimmtudag einhvern ótrúlegasta sigur í sögu íslenskrar knattspyrnu er liðið mætti Stjörnunni í 32 liða úrslitum VISA-bikars karla.

Lið Fylkis var nær meðvitundarlaust í upphafi leiks og lenti fljótlega þrem mörkum undir. Héldu margir þá að dagskránni væri lokið en leikmenn Fylkis voru ekki þar á meðal. Þeir spýttu heldur betur í lófana og svöruðu mörkunum þremur frá Stjörnunni með sjö mörkum og unnu ótrúlegan stórsigur, 7-3.

„Strákarnir rifu sig upp á rassgatinu og keyrðu svo yfir Stjörnuna. Strákarnir sýndu enn og aftur að þeir hafa mikinn karakter og það var frábært að verða vitni að þessu. Þetta hefur verið frábær skemmtun fyrir áhorfendur sem og leikmenn að fá að upplifa þetta. Þessi leikur sýndi svo ekki verður um villst að það er allt hægt í fótbolta,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, en hann hefur heldur betur komið með ferska strauma í Árbæinn.

Liðið er ekki bara komið í sextán liða úrslit í bikarkeppninni heldur situr það þess utan í fjórða sæti Pepsi-deildarinnar, hefur unnið fjóra leiki, gert tvö jafntefli og aðeins tapað einum leik. „Ég þakka strákunum þetta góða gengi. Þeir eru duglegir, leggja sig fram og vilja ná árangri. Það er nákvæmlega það sem þetta snýst um. Okkur gekk vel í undirbúningsmótunum og þessi spilamennska er bara beint framhald af því sem við vorum að gera í vor. Það er samt mikið eftir af mótinu og spurning hvort þessir ungu strákar halda þetta út,“ sagði Ólafur sem hrósar strákunum sínum í hástert og segist ekki hafa neina trú á öðru en að þessir strákar muni spýta í lófana þegar á móti blæs.

Ólafur er gamall refur í boltanum og kemur aftur inn í þjálfunina eftir árshlé en þar áður var hann á hliðarlínunni hjá Fram. Er hann mikið breyttur sem þjálfari?

„Það eru alltaf ákveðnar áherslubreytingar hjá manni á hverju ári. Maður er alltaf að spá og spekúlera í því sem maður er að gera. Maður róast og þroskast með aldrinum, hægt og rólega reyndar,“ sagði Ólafur léttur.



**SHOUSE** Spilar áfram í Garðabænum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gleðitíðindi fyrir Stjörnuna:

## Shouse áfram í Garðabænum

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksdeild Stjörnunnar hefur gengið frá samningi við Bandaríkjamanninn Justin Shouse um að hann spili áfram í herbúðum félagsins á næstu leiktíð. Hann mun einnig þjálfa áfram hjá félaginu.

Stjarnan hafði áður gengið frá nýjum tveggja ára samningi við Makedóníumanninn Jovan Zdravevski.

- hbg

### PEPSI-DEILD KARLA

**Besta frammistaða leikmanna í 1. til 7. umferð Pepsi-deildar karla.**

| | |
|---|---|
| Steinþór Freyr Þorsteinsson | Stjarnan |
| 7 leikir | 7,57 í meðaleinkunn |
| Valur Fannar Gíslason | Fylkir |
| 6 leikir | 7,0 |
| Arnar Már Björgvinsson | Stjarnan |
| 4 leikir | 7,0 |
| Atli Guðnason | FH |
| 7 leikir | 6,86 |
| Daði Lárusson | FH |
| 7 leikir | 6,71 |
| Jónas Guðni Sævarsson | KR |
| 7 leikir | 6,71 |
| Daníel Laxdal | Stjarnan |
| 7 leikir | 6,57 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | FH |
| 7 leikir | 6,57 |
| Ásgeir Gunnar Ásgeirsson | FH |
| 6 leikir | 6,5 |
| Lasse Jörgensen | Keflavík |
| 7 leikir | 6,43 |
| Alen Sutej | Keflavík |
| 7 leikir | 6,43 |
| Kristján Valdimarsson | Fylkir |
| 7 leikir | 6,43 |
| Einar Pétursson | Fylkir |
| 7 leikir | 6,43 |
| Bjarni Guðjónsson | KR |
| 7 leikir | 6,43 |
| Halldór Orri Björnsson | Stjarnan |
| 7 leikir | 6,43 |

**Lægsta meðaleinkunn. Lágmark 4 leikir spilaðir.**

| | |
|---|---|
| Þórarinn B. Kristjánsson | Grindavík |
| 5 leikir | 4,2 |
| Joe Tillen | Fram |
| 5 leikir | 4,2 |
| Óli Baldur Bjarnason | Grindavík |
| 4 leikir | 4,25 |
| Pape Mamadou Faye | Fylkir |
| 7 leikir | 4,29 |
| Olgeir Sigurgeirsson | Breiðablik |
| 6 leikir | 4,33 |
| Matthías Guðmundsson | FH |
| 5 leikir | 4,4 |
| Árni Kristinn Gunnarsson | Breiðablik |
| 5 leikir | 4,4 |

**Besta frammistaða liða:**

| | |
|---|---|
| Stjarnan | 6,24 |
| FH | 6,16 |
| Fylkir | 5,9 |
| Keflavík | 5,78 |
| KR | 5,58 |
| ÍBV | 5,4 |
| Þróttur | 5,38 |
| Breiðablik | 5,36 |
| Valur | 5,27 |
| Fram | 5,23 |
| Fjölnir | 5,19 |
| Grindavík | 5,13 |



**FRÁBÆR** Steinþór Freyr Þorsteinsson hefur algjörlega farið á kostum í spútnikliði Stjörnumanna í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Draumurinn að fá tækifæri erlendis

**Steinþór Freyr Þorsteinsson er besti leikmaður fyrstu sjö umferða Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann fékk hæstu meðaleinkunn allra í deildinni.**

**FÓTBOLTI** Steinþór Freyr Þorsteinsson er leikmaður fyrstu sjö umferða Pepsi-deildar karla að mati blaðamanna Fréttablaðsins. Leikmönnum er gefin einkunn fyrir frammistöðu sína í hverjum leik og fékk Steinþór langhæstu meðaleinkunnina fyrir fyrsta þriðjung mótsins eða 7,57. Óvenjulegt er að leikmenn séu með yfir sjö í meðaleinkunn.

Hann segist vissulega sáttur við frammistöðu sína og liðsins til þessa en Stjarnan er í öðru sæti deildarinnar, aðeins tveimur stigum á eftir toppliði FH. Liðið hefur aðeins tapað einum leik í deildinni í vor en féll reyndar úr leik í bikarkeppninni í fyrradag eftir stórt tap fyrir Fylki, 7-3.

„Þessi leikur var eins og gott sirkusatriði,“ sagði hann í léttum dúr. „Við byrjuðum á því að skora þrjú og þá hélt ég að við ætluðum að valta yfir þá. En svo fengum við þetta allt í andlitið aftur.“

En hann hefur litlar áhyggjur af því að úrslit þessa leiks hafi áhrif á gengi liðsins í deildinni. „Ég held að þetta kenni mönnum að það dugar ekki að vera 3-0 yfir. Leikurinn er þar með ekki búinn.

Við fengum líka svona stóran skell á okkur skömmu fyrir mót er við töpuðum fyrir HK, 6-1, og svo töpuðum við aftur nokkuð stórt fyrir FH, 5-1.

Alltaf höfum við náð að koma sterkir til baka og ég held að við munum ekki dvelja lengi við þetta tap heldur.“

Næsti leikur Stjörnumanna verður gegn Blikum á mánudaginn en Steinþór er uppalinn hjá Breiðabliki. Hann gekk til liðs við Stjörnuna nú í vetur.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessum leik. Ég varð líka fyrir nokkrum tæklingum í gær og bað til guðs að ég myndi ekki meiðast. Þetta verður örugglega skrýtinn leikur fyrir mig.“

Steinþór fékk mismikið að spila með Breiðabliki á sínum tíma og óhætt að segja að hann hafi fundið sig vel hjá nýju félagi. „Dæmin hafa sýnt að oft þarf að skipta um félag til þess að leikmaður fái tækifæri til að sýna sitt rétta andlit. Stjarnan spilar allt öðruvísi knattspyrnu en Breiðablik og sú hentar mér miklu betur. Ég fæ mikið frelsi í Stjörnunni og er með fljóta kantmenn sem gera mér lífið mjög auðvelt. Í Breiðabliki var ég oftast settur á kantinn þar sem ég naut mín ekki jafn vel.“

Steinþór verður 24 ára gamall á árinu og viðurkennir að hann vildi gjarnan fá tækifæri til að gerast atvinnumaður. „Það hefur alltaf verið draumurinn að komast út. Sagan hefur sýnt að þegar menn standa sig vel fá þeir tækifæri. Ég mun allavega gera allt sem í mínu valdi stendur til að láta það gerast.“

eirikur@frettabladid.is





Hálft fæði eða “allt innifalið” - ótrúlegt verð!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á vikuferð til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 26. júní. Í boði er frábært sértilboð á gistingu með hálfu fæði á Hotel Turihan ***, einstaklega góðu og notalegu hóteli sem býður góðan aðbúnað og mjög góða staðsetningu og jafnframt sértilboð á gistingu á Hotel Mandalinci **** með “öllu inniföldu” sem er mjög fallegt og gott hótel sem býður frábæran aðbúnað og hreint einstaka staðsetningu í miðbæ hins skemmtilega bæjar Turgitreis.

Bodrum bíður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Bodrum er fallegur hafnarbær sem stendur á samnefndum skaga á Eyjahafsströnd Tyrklands. Bærinn skartar fallegum hvítum húsum sem eru víða skrýdd blómum og þröngum heillandi götum sem bera fortíðinni vitni. Hér er endalaust úrval veitingastaða, bara, kaffihúsa, verslana og mikið nætur- og skemmtanalíf í boði.





Kr. 79.900
- Hotel Turihan * * * með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði í 7 nætur á Hotel Turihan ***. Sértilboð 26. júní.

Kr. 99.900
- Hotel Mandalinci * * * * með “öllu inniföldu”

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með “öllu inniföldu” í 7 nætur á Hotel Mandalinci ****. Sértilboð 26. júní.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Veldu traustan ferðafélaga í sumar!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

2 sérfræðingar

Montana Erik Jørgensen

**MONTANA HILLUR**
**HÖNNUÐUR PETER LASSEN**
**EJ 660**
**HÖNNUÐUR ERIK JØRGENSEN**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

# Sérfræðingar frá Montana og Erik Jørgensen verða í verslun okkar **fös. kl. 10-18 og lau. kl. 10-16** og veita faglegar ráðlegging-ar um val á húsgögnum. Verið velkomin.



**20% afsláttur af vörum þeirra meðan á heimsókninni stendur.**





**FJALAR** Gæti spilað með Fylki á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjalar Þorgeirsson:

## Meiðslin ekki alvarleg

**FÓTBOLTI Fjalar Þorgeirsson þurfti að fara meiddur af velli í hálfleik í leik Fylkis og Stjörnunnar í bikarkeppni karla á fimmtudagskvöldið. Hann sagði þó meiðslin ekki alvarleg en óvíst hvort hann geti spilað með Fylki gegn Grindavík á morgun.**

**„Ég var í raun meiddur fyrir leikinn og hefði hugsanlega ekki átt að spila. Ég er víst eitthvað slæmur í festingum sem liggja í kviðarveggnum og þarf bara að hvíla mig til að leyfa þessu að jafna sig. Ég var orðinn slæmur í leiknum gegn Stjörnunni strax í upphafi.“** - esá

### LANDSLIÐ ÍSLANDS

**Markverðir:**

Björgvin Páll Gústavsson
Hreiðar Guðmundsson

**Aðrir leikmenn:**

Alexander Petersson
Andri Stefan Guðrúnarson
Fannar Friðgeirsson
Heiðmar Felixsson
Ingimundur Ingimundarson
Kári Kristján Kristjánsson
Ragnar Óskarsson
Sigurbergur Sveinsson
Stefán Baldvin Stefánsson
Sverre Jakobsson
Vignir Svavarsson
Þórir Ólafsson

# Ótrúlegri handboltavertíð að ljúka

**Ísland mætir á morgun Eistlandi í lokaumferð undankeppni EM í handbolta en lokakeppnin fer fram á næsta ári. Þar með lýkur handboltavertíð sem hófst með undirbúningi fyrir Ólympíuleikana í Peking.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta hélt í morgun utan til Eistlands þar sem liðið mun mæta heimamönnum í lokaumferð undankeppninnar fyrir EM í handbolta en úrslitakeppnin fer fram í Austurríki á næsta ári. Ísland er þegar búið að tryggja sér sæti í lokaúrslitunum en þarf engu að síður helst á sigri að halda til að tryggja sér efsta sæti riðilsins.

Liðið er þó mikið breytt og aðeins fimm leikmenn í hópnum nú sem fóru einnig á Ólympíuleikana í Peking.

„Þetta eru ótrúlegar miklar breytingar á hópnum, bara frá síðasta leik,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari. „En ég hef fulla trú á þeim strákum sem eru að koma inn í hópinn nú en þeir fá nú tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Þetta verður þó alls ekki auðveldur leikur enda Eistlendingar með vel mannað lið sem hefur staðið sig vel á heimavelli.“

Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson fá nú frí og Guðjón Valur Sigurðsson er búinn að gangast undir aðgerð vegna meiðsla.

Í staðinn koma þeir Kári Kristján Kristjánsson og Fannar Friðgeirsson inn í hópinn auk þess sem Stefán Baldvin Stefánsson og Andri Stefan Guðrúnarson fá stærra hlutverk nú.

Snorri Steinn hefur verið að jafna sig eftir meiðsli en Róbert fær frí eftir langt tímabil. „Hann var á síðustu dropunum,“ sagði Guðmundur.

Ísland hefur farið taplaust í gegnum leiki sína í undankeppninni og dugir að öllum líkindum eins marks sigur á morgun til að tryggja sér efsta sæti riðilsins. Ísland vann Makedóníu nú á miðvikudaginn og gerði þar áður jafntefli við Noreg eftir að hafa verið yfir allan leikinn. Guðmundur segir að gott gengi liðsins hafi vissulega komið sér þægilega á óvart.



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Guðmundur Guðmundsson stýrir sínum mönnum gegn Makedóníu á miðvikudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég get ekki neitað því. Það er mikil óvissa sem fylgir því að tefla alltaf fram nýju liði í hverjum leik. Ég hafði þó alltaf tilfinningu fyrir því að þeir gætu klárað þetta.“

Hann segir það ekkert vafamál að landsliðið sé að græða nú á að hafa verið með B-landsliðsverkefni, svokallað 2012-landslið, í fullum gangi síðan í haust.

„Það snýst fyrst og fremst um að breikka hjá okkur leikmannahópinn sem við höfum meðvitað verið að gera. Við höfum þurft að sækja mikið í þennan hóp vegna meiðsla lykilmanna í landsliðinu.“

Eftir leikinn á morgun tekur við langþráð sumarfrí hjá Guðmundi og félögum. „Þá getur maður loksins farið að anda. Þetta er búin að vera mikil törn og mikið álag en alveg frábært engu að síður.“

Hann segir að tímabilið sem nú er að ljúka sé það besta síðan hann gerðist þjálfari. Ísland náði frægu silfri á Ólympíuleikunum og hefur haldið dampi og vel það nú í vetur þrátt fyrir mikil skakkaföll í leikmannahópnum.

„Okkur gekk bæði vel í æfingaleikjunum við Þjóðverja sem og í leikjum okkar í janúar. Síðan hefur líka gengið mjög vel í undankeppninni. Það var auðvitað mjög svekkjandi að vinna ekki Noreg um daginn þar sem við áttum það innilega skilið. En okkur tókst að hefna ófaranna gegn Makedóníu og þá gleymdum við hinum leiknum.“

